

# Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Ágúst 2014 – Mat á yfirfærslu





## Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Velferðarráðuneytið
Markmið rannsóknar	Mat á faglegum ávinningi af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga
Dagsetning skýrsluskila	25. ágúst 2014



## Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og megindeg gagnaöflun	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir
Úrvinnsla	Anna Soffía Víkingsdóttir Ásdís Arnalds Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Hafsteinn Einarsson Heiður Hrund Jónsdóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir
Skýrslugerð	Ásdís Arnalds Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Heiður Hrund Jónsdóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir
Yfirllestur og aðstoð við skýrslugerð	Anna Soffía Víkingsdóttir Guðlaug Júlía Sturludóttir

## EFNISYFIRLIT

<b>Tölur</b> .....	<b>5</b>
<b>Myndir</b> .....	<b>9</b>
<b>Samantekt: Fullorðnir þjónustunotendur</b> .....	<b>13</b>
<b>Samantekt: Þjónustunotendur undir 18 ára aldri</b> .....	<b>18</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>23</b>
<b>Aðferð</b> .....	<b>24</b>
Úrtak og svörun.....	25
Úrvinnsla .....	29
<b>Niðurstöður – Fullorðnir þjónustunotendur</b> .....	<b>31</b>
Um þátttakendur .....	31
Búsetufyrirkomulag þjónustunotenda .....	36
Daglegt líf .....	40
Félagsleg þátttaka og tómstundir.....	44
Samráð og upplýsingar .....	50
Mat á þjónustu .....	61
Yfirfærsla.....	73
Athugasemdir frá þátttakendum.....	75
<b>Niðurstöður – þátttakendur undir 18 ára</b> .....	<b>76</b>
Um þátttakendur .....	76
Skóli og lengd viðvera.....	80
Félagsleg þátttaka og tómstundir.....	84
Stuðningur við fjölskyldur .....	91
Önnur þjónusta .....	103
Búsetuþjónusta .....	110
Samráð og upplýsingar .....	112
Reynsla og líðan barna og unglunga .....	117
Yfirfærsla.....	120
Athugasemdir frá forráðamönnum .....	122
<b>Lokaorð</b> .....	<b>124</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>127</b>

## TÖFLUR

Tafla 1a.	Framkvæmd könnunarinnar .....	24
Tafla 1b.	Hver svarar könnuninni meðal fullorðinna þjónustunotenda? .....	24
Tafla 1c.	Fjöldi þjónustunotenda eftir þjónustusvæðum og svarhlutfall .....	24
Tafla 2.	Fjöldi og hlutfall fullorðinna þjónustunotenda eftir því hvort þeir byrjuðu að nýta þjónustu fyrir fatlað fólk fyrir eða eftir yfirfærslu og fjölda skerðinga, umfangi þjónustu og búsetu .....	28
Tafla 3.	Fjöldi og hlutfall barna eftir því hvort þau byrjuðu að nýta þjónustu fyrir fatlað fólk fyrir eða eftir yfirfærslu og fjölda skerðinga, umfangi þjónustu og búsetu .....	28
Tafla 4.	Kyn þjónustunotenda .....	31
Tafla 5.	Aldur þjónustunotenda .....	32
Tafla 6.	Fjöldi skerðinga .....	32
Tafla 7.	Hefur þú verið greind(ur) með einhverja skerðingu? .....	33
Tafla 8.	Búseta eftir þjónustusvæðum .....	34
Tafla 9.	Búseta þátttakenda í fyrrverandi tilraunasveitarfélög og önnur sveitarfélög .....	35
Tafla 10.	Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu? .....	35
Tafla 11.	Hvenær fékkst þú fyrst þjónustu fyrir fatlað fólk? .....	36
Tafla 12.	Umfang þjónustu .....	36
Tafla 13.	Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, sambyli, íbúðakjarna eða hjá öðrum? .....	37
Tafla 14.	Ert þú á biðlista eftir húsnæði? .....	38
Tafla 15.	Hvers konar húsnæði ert þú að bíða eftir? .....	38
Tafla 16.	Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem þér hafa verið boðnir? .....	39
Tafla 17.	Hver er hjúskaparstaða þín? .....	40
Tafla 18.	Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu? .....	41
Tafla 19.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í vinnunni .....	42
Tafla 20.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í náminu? .....	42
Tafla 21.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í dagþjónustunni/athvarfinu? .....	43
Tafla 22.	Gerðist það oft, stundum, sjaldan eða aldrei að þú áttir ekki peninga fyrir mat? .....	44
Tafla 23.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagsskap? .....	45
Tafla 24.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur? .....	46
Tafla 25.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar aðstoð? .....	48
Tafla 26.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Aðgengi ábótavant? .....	48
Tafla 27.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsaðstæður? .....	49
Tafla 28.	Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig? .....	50
Tafla 29.	Er áætlunin unnin í samráði við þig? .....	51
Tafla 30.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með upplýsingar sem þú hefur fengið um þjónustu sem þú átt rétt á hjá sveitarfélaginu? .....	51
Tafla 31.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fræðslu sem þú hefur fengið um réttindi fatlaðs fólks? .....	52
Tafla 32.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvar þú býrð? .....	53
Tafla 33.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú býrð? .....	54
Tafla 34.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Val á aðstoðarmönnum? .....	55
Tafla 35.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú borðar? .....	55
Tafla 36.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða fötum þú klæðist? .....	56
Tafla 37.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvenær þú ferð að sofa? .....	57
Tafla 38.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú gerir um helgar og eftir vinnu eða skóla? .....	58

---

Tafla 39.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú ert um helgar og eftir vinnu eða skóla?.....	59
Tafla 40.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þú sækir?.....	59
Tafla 41.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú verð peningunum þínum í?.....	60
Tafla 42.	Ferð þú reglulega í skammtímavistun? .....	61
Tafla 43.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvöl þína á skammtímavistun? .....	61
Tafla 44.	Ert þú með félagslega liðveislu?.....	62
Tafla 45.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslega liðveislu? .....	63
Tafla 46.	Ert þú með frekari liðveislu? .....	63
Tafla 47.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með frekari liðveislu? .....	64
Tafla 48.	Ert þú í lengdri viðveru? .....	64
Tafla 49.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með iðjuþjálfun, sjúkrapjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu?.....	64
Tafla 50.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með lækniþjónustu sem þú hefur fengið? .....	65
Tafla 51.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fullorðinsfræðslu sem þú hefur fengið?.....	66
Tafla 52.	Myndir þú hafa áhuga á að fá notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) ef hún væri í boði? .....	67
Tafla 53.	Færð þú þá aðstoð sem þú þarft á heimilinu frá starfsfólki?.....	67
Tafla 54.	Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í skólanum frá starfsfólki?.....	68
Tafla 55.	Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í vinnunni frá starfsfólki?.....	68
Tafla 56.	Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í dagþjónustunni eða athvarfinu frá starfsfólki? .....	69
Tafla 57.	Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við að komast á milli staða? .....	70
Tafla 58.	Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við ferðalög innanlands og erlendis?.....	70
Tafla 59.	Færð þú þá aðstoð frá starfsfólki sem þú þarft við þjálfun, svo sem iðjuþjálfun eða sjúkrapjálfun? .....	71
Tafla 60.	Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við skipulag daglegs lífs með þeim aðferðum sem þú þarft? .....	72
Tafla 61.	Finnst þér þjónusta við fatlað fólk vera betri eða verri nú heldur en áður en hún var flutt til sveitarfélaga?.....	73
Tafla 62.	Að hvaða leyti er þjónustan betri? .....	74
Tafla 63.	Að hvaða leyti er þjónustan verri? .....	74
Tafla 64.	Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum? .....	75
Tafla 65.	Kyn þjónustunotenda.....	76
Tafla 66.	Aldur þjónustunotenda .....	77
Tafla 67.	Fjöldi skerðinga .....	77
Tafla 68.	Hefur hún/hann verið greind(ur) með einhverja skerðingu? .....	78
Tafla 69.	Búseta eftir þjónustusvæðum.....	79
Tafla 70.	Búseta þátttakenda í fyrrverandi tilraunasveitarfélög og önnur sveitarfélög .....	79
Tafla 71.	Hvenær fékk hún/hann fyrst þjónustu fyrir fatlað fólk? .....	80
Tafla 72.	Umfang þjónustu .....	80
Tafla 73.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) eruð þið með menntunina sem hún/hann hefur fengið?.....	81
Tafla 74.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarft í skólanum frá starfsfólki? .....	82
Tafla 75.	Er hún/hann í lengdri viðveru eftir skóla? .....	82
Tafla 76.	Hversu margar klukkustundir á viku er hún/hann í lengdri viðveru? .....	83
Tafla 77.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með dvöl hennar/hans í lengdri viðveru? .....	83
Tafla 78.	Er hún/hann á biðlista eftir að fá lengda viðveru eftir skóla? .....	83
Tafla 79.	Er hún/hann á biðlista eftir að fá aukningu á lengdri viðveru eftir skóla?.....	84
Tafla 80.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagsskap? .....	85
Tafla 81.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur?.....	86

---

Tafla 82.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar aðstoð?.....	87
Tafla 83.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Aðgengi ábótavant? .....	87
Tafla 84.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsástæður? .....	88
Tafla 85.	Er hún/hann með félagslega liðveislu?.....	90
Tafla 86.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með félagslega liðveislu? .....	90
Tafla 87.	Er hún/hann á biðlista eftir að fá félagslega liðveislu?.....	91
Tafla 88.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf á heimilinu frá starfsfólki? .....	91
Tafla 89.	Hversu vel hefur verið komið til móts við fjölskylduna varðandi stuðning til umönnunar barnsins heima við, til dæmis heimahjúkrun og aðstoð við athafnir daglegs lífs?.....	92
Tafla 90.	Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi það að laga heimili fjölskyldunnar að þörfum barnsins, til dæmis hvað varðar aðgengi?.....	93
Tafla 91.	Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi aðstoð við þrif á heimilinu?.....	94
Tafla 92.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við skipulagningu daglegs lífs?.....	95
Tafla 93.	Fer hún/hann reglulega í skammtímvistun eða hvíldarheimili?.....	96
Tafla 94.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með dvölinu á skammtímvistun?.....	97
Tafla 95.	Er hún/hann á biðlista eftir að komast í skammtímvistun? .....	98
Tafla 96.	Er hún/hann á biðlista eftir að fá aukningu á skammtímvistun? .....	98
Tafla 97.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki í skammtímvistun? .....	99
Tafla 98.	Fer hún/hann reglulega til stuðningsfjölskyldu?.....	100
Tafla 99.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með þann stuðning sem stuðningsfjölskyldan veitir? .....	101
Tafla 100.	Er hún/hann á biðlista eftir að fá stuðningsfjölskyldu?.....	101
Tafla 101.	Fær fjölskyldan fjárhagslegan stuðning vegna fötlunar barnsins, til dæmis umönnunargreiðslur eða niðurgreiðslur vegna þjálfunar eða lyfja?.....	102
Tafla 102.	Þarf fjölskyldan meiri fjárhagslegan stuðning en hún fær nú þegar, vegna fötlunar barnsins?.....	103
Tafla 103.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í vinnunni frá starfsfólki?.....	104
Tafla 104.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í dagþjónustunni frá starfsfólki?.....	104
Tafla 105.	Er hún/hann með frekari liðveislu? .....	105
Tafla 106.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með frekari liðveislu? .....	105
Tafla 107.	Er hún/hann á biðlista eftir að fá frekari liðveislu?.....	105
Tafla 108.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu sem hún/hann hefur fengið? .....	106
Tafla 109.	Fær hún/hann þá þjálfun sem hún/hann þarf, svo sem iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun? .....	107
Tafla 110.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með læknisþjónustuna sem hún/hann hefur fengið?.....	108
Tafla 111.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við að komast á milli staða? .....	108
Tafla 112.	Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við ferðalög innanlands og erlendis? .....	109
Tafla 113.	Hefðuð þið áhuga á að fá notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) ef hún væri í boði?.....	110
Tafla 114.	Er hún/hann á biðlista eftir að flytja að heiman eða komast í annað búsetuúrræði? .....	110
Tafla 115.	Eftir hverskonar húsnæði er hún/hann að bíða? .....	111
Tafla 116.	Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem henni/honum bjóðast? .....	112
Tafla 117.	Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir hana/hann um þá þjónustu sem hún/hann fær?.....	113
Tafla 118.	Er áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna? .....	114
Tafla 119.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með upplýsingar sem þið hafið fengið um þjónustu sem fjölskyldan á rétt á hjá sveitarfélaginu? .....	115
Tafla 120.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ráðgjöf sem þið hafið fengið um umönnun og fötlun hennar/hans? .....	115
Tafla 121.	Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með fræðslu sem þið hafið fengið um réttindi fatlaðs fólks? ...	116
Tafla 122.	Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Að vera einmana?.....	117
Tafla 123.	Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Áreitni, stríðni eða einelti?.....	118



Tafla 124. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Þörf fyrir að fá að vera meira út af fyrir sig? .....	119
Tafla 125. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Ofbeldi? .....	120
Tafla 126. Finnst þér þjónusta við fatlað fólk vera betri eða verri nú heldur en áður en hún var flutt til sveitarfélaga? .....	120
Tafla 127. Að hvaða leyti er þjónustan betri? .....	121
Tafla 128. Að hvaða leyti er þjónustan verri? .....	122
Tafla 129. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum? .....	123



## MYNDIR

Mynd 1.	Kyn þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	31
Mynd 2.	Aldur þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	32
Mynd 3.	Fjöldi skerðinga. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	33
Mynd 4.	Hefur þú verið greind(ur) með einhverja skerðingu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	34
Mynd 5.	Búseta þátttakenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	34
Mynd 6.	Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	35
Mynd 7.	Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, sambýli, íbúðakjarna eða hjá öðrum? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	37
Mynd 8.	Ert þú á biðlista eftir húsnæði? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	38
Mynd 9.	Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem þér hafa verið boðnir? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	39
Mynd 10.	Hver er hjúskaparstaða þín? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	40
Mynd 11.	Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	41
Mynd 12.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í vinnunni? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	42
Mynd 13.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í náminu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	43
Mynd 14.	Hversu ánægð(ur) ert þú í dagþjónustunni/athvarfinu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	43
Mynd 15.	Gerðist það oft, stundum, sjaldan eða aldrei að þú áttir ekki peninga fyrir mat? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	44
Mynd 16.	Hindra eftirfarandi atriði oft eða stundum þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	45
Mynd 17.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagsskap? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	46
Mynd 18.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	47
Mynd 19.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í.....	48
Mynd 20.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í.....	49
Mynd 21.	Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsaðstæður? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	49
Mynd 22.	Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	50
Mynd 23.	Er áætlunin unnin í samráði við þig? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	51
Mynd 24.	Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fræðslu sem þú hefur fengið um réttindi fatlaðs fólks? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	52
Mynd 25.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvar þú býrð? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	53
Mynd 26.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú býrð? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	54
Mynd 27.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Val á aðstoðarmönnum? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	55
Mynd 28.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú borðar? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	56
Mynd 29.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða fötum þú klæðist? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	56
Mynd 30.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvenær þú ferð að sofa? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	57
Mynd 31.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú gerir um helgar og eftir vinnu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	58
Mynd 32.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú ert um helgar og eftir vinnu eða skóla? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	59
Mynd 33.	Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þú sækir? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	60

Mynd 34. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú verð peningunum þínum í? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	60
Mynd 35. Ferð þú reglulega í skammtímaævistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	61
Mynd 36. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvöl þína í skammtímaævistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	62
Mynd 37. Ert þú með félagslega liðveislu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	62
Mynd 38. Ert þú með frekari liðveislu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	63
Mynd 39. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með iðjubjálfun, sjúkraþjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	65
Mynd 40. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með læknisþjónustu sem þú hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	66
Mynd 41. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fullorðinsfræðslu sem þú hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	66
Mynd 42. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft á heimilinu frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	68
Mynd 43. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í dagþjónustunni eða athvarfinu frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	69
Mynd 44. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við að komast á milli staða? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	70
Mynd 45. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við ferðalög? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	71
Mynd 46. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við þjálfun, svo sem iðjubjálfun eða sjúkraþjálfun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	72
Mynd 47. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við skipulag daglegs lífs með þeim aðferðum sem þú þarft? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	73
Mynd 48. Kyn þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	76
Mynd 49. Aldur þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	77
Mynd 50. Fjöldi skerðinga. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	77
Mynd 51. Hefur hún/hann verið greind(ur) með einhverja skerðingu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	78
Mynd 52. Búseta eftir þjónustusvæðum. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	79
Mynd 53. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) eruð þið með menntunina sem hún/hann hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	81
Mynd 54. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í skólanum frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	82
Mynd 55. Hindra eftirfarandi atriði oft eða stundum þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	84
Mynd 56. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagskap? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	85
Mynd 57. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	86
Mynd 58. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar aðstoð? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	87
Mynd 59. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Aðgengi ábótavant? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	88
Mynd 60. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsástæður? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	89
Mynd 61. Er hún/hann með félagslega liðveislu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	90
Mynd 62. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf á heimilinu frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	92
Mynd 63. Hversu vel hefur verið komið til móts við fjölskylduna varðandi stuðning við umönnun barnsins heima við, til dæmis heimahjúkrun og aðstoð við athafnir daglegs lífs? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	93

Mynd 64. Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi það að laga heimili fjölskyldunnar að þörfum barnsins, til dæmis hvað varðar aðgengi? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	94
Mynd 65. Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi aðstoð við þrif á heimilinu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	95
Mynd 66. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við skipulagningu daglegs lífs? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	96
Mynd 67. Fer hún/hann reglulega í skammtí mavistun eða hvíldarheimili? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	96
Mynd 68. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með dvölinu í skammtí mavistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	97
Mynd 69. Er hún/hann á biðlista eftir að komast í skammtí mavistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	98
Mynd 70. Er hún/hann á biðlista eftir að fá aukningu á skammtí mavistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	99
Mynd 71. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki í skammtí mavistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	99
Mynd 72. Fer hún/hann reglulega til stuðningsfjölskyldu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	100
Mynd 73. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með þann stuðning sem stuðningsfjölskyldan veitir? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	101
Mynd 74. Er hún/hann á biðlista eftir að fá stuðningsfjölskyldu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 ....	102
Mynd 75. Fær fjölskyldan fjárhagslegan stuðning vegna fötlunar barnsins, til dæmis umönnunargreiðslur eða niðurgreiðslur vegna þjálfunar eða lyfja? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	103
Mynd 76. Þarf fjölskyldan meiri fjárhagslegan stuðning en hún fær nú þegar, vegna fötlunar barnsins? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	103
Mynd 77. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í dagþjónustunni frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	104
Mynd 78. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu sem hún/hann hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	106
Mynd 79. Fær hún/hann þá þjálfun sem hún/hann þarf, svo sem iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	107
Mynd 80. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með lækniþjónustuna sem hún/hann hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	108
Mynd 81. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við að komast á milli staða? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	109
Mynd 82. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við ferðalög innanlands og erlendis? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	109
Mynd 83. Er hún/hann á biðlista eftir að flytja að heiman eða komast í búsetuúrræði? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	111
Mynd 84. Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem henni/honum bjóðast? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	112
Mynd 85. Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir hana/hann um þá þjónustu sem hún/hann fær? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	113
Mynd 86. Er áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	114
Mynd 87. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ráðgjöf sem þið hafið fengið um umönnun og fötlun hennar/hans? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	116
Mynd 88. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með fræðslu sem þið hafið fengið um réttindi fatlaðs fólks? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	116
Mynd 89. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Að vera einmana? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	117
Mynd 90. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Áreitni, stríðni eða einelti? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011 .....	118
Mynd 91. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum sjaldan, eða aldrei eftirfarandi: Þörf fyrir að fá að vera meira út af fyrir sig? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011.....	119



Mynd 92. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Ofbeldi? Samanburður á svörum árin  
2014 og 2011 ..... 120

## SAMANTEKT: FULLORÐNIR ÞJÓNUSTUNOTENDUR

Í þessum kafla og næsta eru stuttar samantektir niðurstaðna fyrir fullorðna þjónustunotendur annars vegar og þjónustunotendur undir 18 ára aldri hins vegar. Nánari umfjöllun um niðurstöður má finna í niðurstöðuköflum síðar í skýrslunni.

### Um þátttakendur

- Karlar voru í meirihluta svarenda könnunarinnar eins og þeir eru í þýðinu. Um þriðjungur þátttakenda var á aldrinum 18 til 29 ára. Rúmur helmingur þátttakenda var með proskahömlun en þjónustunotendur með heyrnarskerðingu voru fámennasti hópurinn.
- Mikill meirihluti svarenda (78%) var í vinnu, námi eða dagþjónustu. Flestir þátttakenda (80%) voru að nota umtalsverða þjónustu.
- Samanburður á svörum þátttakenda við spurningum um ofangreinda bakgrunnspætti leiddi í ljós að hópur þjónustunotenda sem tók þátt í könnuninni árið 2014 var mjög líkur þeim sem tók þátt árið 2011.

### Búsetufyrirkomulag

- Um 27% þátttakenda búa í eigin húsnæði eða í leiguíbúð á almennum markaði og tæpt 21% leigir á félagslegum leigumarkaði. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður könnunar árið 2011 sést að færri þjónustunotendur búa á herbergjasambýli nú (14%) en árið 2011 (21%) og fleiri búa í íbúðakjarna eða íbúðasambýli nú (19%) en árið 2011 (9%).
- Rúmlega 20% þátttakenda voru á biðlista eftir húsnæði eða 502 einstaklingar (á bilinu 409-594 manns miðað við 95% öryggismörk). Flestir þeirra (36% eða um 180 manns) voru á biðlista eftir íbúð á félagslegum leigumarkaði. Árið 2011 voru um 360 manns á biðlista (á bilinu 287-441 miðað við 95% öryggismörk).
- Flestir (69%) þátttakenda voru mjög eða frekar ánægðir með búsetumöguleika sem þeim höfðu verið boðnir. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á ánægju milli kannana 2014 og 2011.

### Daglegt líf

- Um 78% þátttakenda voru í einhverri virkni á daginn, þ.e. í vinnu, námi eða dagþjónustu.
- Um 22% þátttakenda voru í vinnu á almennum vinnumarkaði sem er marktæk aukning frá árinu 2011, en þá voru 16% þátttakenda í vinnu á almennum markaði.
- Um 22% svarenda voru ekki í vinnu, skóla eða dagþjónustu. Þegar svörin voru greind eftir bakgrunni þátttakenda kom í ljós að hlutfall þeirra sem ekki voru í vinnu, skóla eða dagþjónustu var hærra í Reykjavík (31% svarenda) en á Reykjanesi, í nágrenni Reykjavíkur og á landsbyggðinni (18% svarenda).

- Mikill meirihluti svarenda (87%) var mjög eða frekar ánægður í vinnunni.
- Þátttakendur í dagþjónustu voru flestir (82%) mjög eða frekar ánægðir með dagþjónustuna.
- Alls sögðust 16% svarenda oft eða stundum ekki hafa átt fyrir mat á síðasta ári, sem er sama hlutfall og árið 2011. Fleiri konur (21%) en karlar (12%) áttu í slíkum fjárhagsörðugleikum. Þátttakendur sem bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á almennum markaði voru líklegri til að hafa oft eða stundum ekki átt peninga fyrir mat en aðrir þátttakendur.

### **Félagsleg þátttaka og tómstundir**

- Spurt var um hvað hindraði helst þátttöku fólks í félagslífi og tómstundum. Í ljós kom að skortur á félagsskap og aðstoð voru algengustu hindranirnar.
- Tæplega 40% svarenda sögðu vöntun á félagskap oft eða stundum hindra þátttöku þeirra í tómstundastarfi eða félagslífi sem var svipað hlutfall og árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á milli kannana.
- Um 15% svarenda sögðu vöntun á akstri oft eða stundum hindra þátttöku þeirra í tómstundastarfi eða félagslífi. Þetta eru marktækt færri en árið 2011 en þá sögðu 24% svarenda vöntun á akstri hindra þátttöku þeirra.
- Rúmlega þriðjungur svarenda (32%) sagði sig oft eða stundum vanta aðstoð til að geta stundað tómstundastarf og félagslíf, sem er hærra hlutfall en árið 2011 (23%).
- Um 15% töldu aðgengi oft eða stundum hindra þátttöku í tómstundastarfi eða félagslífi. Hlutfallið var svipað árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á milli kannana.
- Um 28% svarenda sögðu fjárhagsaðstæður oft eða stundum hindra þátttöku þeirra í tómstundastarfi eða félagslífi. Fjárhagsástæður voru líklegri til að vera hindrun fyrir þá sem bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á almennum eða félagslegum markaði en þá sem bjuggu á sambýli eða í foreldrahúsum. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á svörum milli kannana 2014 og 2011.

### **Samráð og upplýsingar**

- Einstaklingsbundin áætlun hafði verið gerð fyrir 47% svarenda sem er svipað hlutfall og árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á svörum milli kannana. Þjónustunotendur sem bjuggu í íbúðakjarna-/sambýli eða herbergjasambýli voru mun líklegri til að hafa fengið slíka áætlun en notendur sem bjuggu við annars konar búsetufyrirkomulag. Í 79% tilfella hafði áætlunin verið unnin í samráði við þjónustunotandann. Þeir sem bjuggu í foreldrahúsum eða hjá ættingjum voru líklegri til að vera með áætlun sem var unnin í samráði við þá en þeir sem bjuggu á herbergjasambýli.



- Um þriðjungur þátttakenda var mjög eða frekar óánægður með upplýsingar sem hann hafði fengið um þjónustu sem hann á rétt á hjá sveitarfélaginu, 47% voru mjög eða frekar ánægð. Um helmingur svarenda var mjög eða frekar ánægður með fræðslu sem hann hafði fengið um réttindi fatlaðs fólks.
- Þátttakendur voru spurðir hver tæki ákvarðanir um ýmsa þætti daglegs lífs. Um 70% svarenda réðu því sjálf, eða í samráði við aðra, hvar þau búa. Þátttakendur á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur voru ólíklegri til að hafa tekið þátt í að ákveða búsetu sína en þátttakendur í Reykjavík og af landsbyggðinni. Ólíklegra var nú er árið 2011 að ákvörðun um búsetu væri alfarið tekin af öðrum.
- Rúmur helmingur svarenda (52%) ákvað sjálfur með hverjum hann bjó, sem er hærra hlutfall en árið 2011 (43%). Svarendur á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur voru ólíklegri til að hafa tekið þátt í að ákveða með hverjum þeir búa (46%) en svarendur í Reykjavík (65%) og á landsbyggðinni (75%).
- Um 45% svarenda tóku sjálf eða í samráði við aðra ákvörðun um val á aðstoðarmönnum sem er hærra hlutfall en í könnuninni 2011 (32%). Um 13% svarenda réðu því ekki hvað þau borðuðu og 10% svarenda réðu ekki hvaða fötum þau klæddust. Þátttakendur sem bjuggu á herbergjasambýlum voru líklegri til að taka ekki þátt í að ákveða um ofangreind atriði heldur en þátttakendur sem bjuggu í annars konar húsnæði.
- Tæplega 70% svarenda í könnuninni réðu því sjálf hvað þau gera um helgar og eftir vinnu eða skóla og 70% réðu því sjálf með hverjum þau voru um helgar og eftir vinnu eða skóla. Ekki var tölfraðilega marktækur munur á milli kannana 2014 og 2011.
- Um 44% svarenda réðu sjálf hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þau stunduðu, samanborið við 56% svarenda árið 2011. Svarendur sem bjuggu á herbergjasambýlum voru ólíklegri til að taka slíkar ákvarðanir sjálfir heldur en þátttakendur sem bjuggu í annars konar húsnæði.
- Rúmur helmingur svarenda (56%) tók sjálfur ákvarðanir um í hvað hann varði peningum sínum sem er svipað hlutfall og árið 2011 (53%).

### **Mat á þjónustu**

- Um 6% svarenda fara reglulega í skammtímavistun og 28% fá félagslega liðveislu. Ekki var tölfraðilega marktækur munur á svörum milli kannana 2014 og 2011. Langflestir svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með skammtímavistunina og félagslega liðveislu.
- Marktækt lægra hlutfall svarenda (19%) var með frekari liðveislu nú en árið 2011 (33%). Áætlaður heildarfjöldi notenda er um 707 notendur nú (á bilinu 610 til 804 miðað við 95% öryggismörk) samanborið við 433 (á bilinu 346 til 520 miðað við 95% öryggismörk) árið

2011. Um 80% svarenda voru mjög eða frekar ánægð með þjónustuna sem felst í frekari liðveislu.

- Þrátt fyrir að meirihluti svarenda (70%) hafi verið mjög eða frekar ánægður með iðju-, sjúkra- eða talþjálfun sem hann hafði fengið voru hlutfallslega fleiri svarendur óánægðir með þjálfunina árið 2014 (16%) en árið 2011 (8%). Það sama átti við um viðhorf til lækniþjónustu. Meirihluti svarenda var mjög eða frekar ánægður með lækniþjónustuna en hlutfallslega fleiri voru óánægðir með þjónustuna nú en árið 2011.
- Alls voru 13 þátttakendur með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Helmingur þeirra sem ekki voru með NPA höfðu áhuga á að fá slíka þjónustu ef hún væri í boði. Svarendur sem bjuggu í sveitarfélögum sem ekki eru fyrrum tilraunasveitarfélög voru líklegri til að hafa áhuga á að fá NPA en svarendur sem bjuggu í fyrrum tilraunasveitarfélögum.
- Um 70% svarenda sögðust fá þá aðstoð frá starfsfólki sem þau þurfa inni á heimilinu. Þetta er lægra hlutfall en árið 2011 (83%).
- Um 90% þjónustunotenda sem þurfa aðstoð í skóla segjast fá nægilega aðstoð frá starfsfólki. Um 87% svarenda sem þurfa aðstoð í vinnu fá nægilega aðstoð. Mikill meirihluti svarenda sem þarf aðstoð frá starfsfólki í dagþjónustu fær þá aðstoð sem hann þarf, eða 88%. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á milli kannana 2014 og 2011.
- Um 23% svarenda sem þurfa aðstoð frá starfsfólki við að komast á milli staða segjast þurfa meiri aðstoð. Þetta er hærra hlutfall en árið 2011 (11%).
- Af þeim svarendum sem þurftu aðstoð við ferðalög innanlands og erlendis sagðist um þriðjungur þurfa meiri aðstoð samanborið við tæplega fjórðung svarenda árið 2011 (24%).
- Tæplega þriðjungur svarenda sagðist þurfa meiri aðstoð frá starfsfólki við þjálfun, svo sem iðjuþjálfun eða sjúkrþjálfun. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á milli kannana 2014 og 2011.
- Af þeim svarendum sem þurfa aðstoð frá starfsfólki við skipulag daglegs lífs sögðust tæplega 40% þurfa meiri aðstoð. Árið 2011 þurftu 23% svarenda slíka aðstoð sem er talsvert lægra hlutfall.

### **Yfirlit**

- Svarendur sem höfðu fyrst fengið þjónustu árið 2010 eða fyrr voru spurðir hvort þeir teldu þjónustuna betri eða verri nú en fyrir yfirlit. Rúmum helmingi fannst þjónustan ekki hafa breyst, 24% töldu hana betri og 24% töldu hana vera verri. Munur á svörum þjónustunotenda sem búa í fyrrum tilraunasveitarfélögum annars vegar og öðrum sveitarfélögum hins vegar var þó nokkur. Um 6% svarenda sem búa í fyrrum



tilraunasveitarfélögum töldu þjónustuna verri eftir yfirlærslu samanborið við 29% svarenda sveitarfélaga sem ekki eru fyrrum tilraunasveitarfélög.

- Svarendum gafst færi á að lýsa því af hverju þeir töldu þjónustuna betri eða verri eftir yfirlærslu og voru svör þeirra flokkuð. Helstu ástæður sem þátttakendur nefndu fyrir því að þjónustan væri orðin betri voru styttri boðleiðir, einstaklingsmiðaðri þjónusta, aukið samráð og aukin þjónusta. Þátttakendur sem voru á þeirri skoðun að þjónustan hefði versnað töldu ástæðurnar felast í minni þjónustu eftir yfirlærslu og að aðgengi að þjónustu væri orðið flóknara.

#### ***Athugasemdir frá þátttakendum***

- Í lok spurningalistans var þátttakendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum varðandi þjónustuna eða yfirlærsluna. Margir lýstu því að þá vantaði aukna þjónustu. Nokkrir svarendur lýstu aðgengishindrunum, bæði hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu og aðgengi að manngerðu umhverfi. Einnig var fjallað um hindranir innan þjónustunnar og almennt um kjör fatlaðs fólks. Loks vildu nokkrir svarendur koma á framfæri ánægju með þjónustuna sem þeir nota.

## SAMANTEKT: ÞJÓNUSTUNOTENDUR UNDIR 18 ÁRA ALDRI

### *Um þátttakendur*

- Drengir voru í meirihluta þjónustunotenda í könnuninni eins og þeir eru í þýðinu. Tæplega 70% barna var með einhverfu og tæplega 60% með þroskahömlun. Þjónustunotendur með heyrnarskerðingu voru fámennasti hópurinn (7%).
- Um 30% svarenda voru búsettir á landsbyggðinni, svipað hlutfall bjó á Reykjanesi og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins en um 40% bjuggu í Reykjavík.
- Flestir þátttakenda (80%) eru að nota umtalsverða þjónustu.
- Samanburður á svörum við ofangreindum spurningum og öðrum spurningum um bakgrunn barnanna leiddi í ljós að hópur svarenda í könnuninni árið 2014 var áþekkur þeim hópi sem tók þátt árið 2011.

### *Skóli og lengd viðvera*

- Um 77% foreldra voru mjög eða frekar ánægð með þá menntun sem barnið þeirra hafði fengið sem er álíka hátt hlutfall og árið 2011 og ekki marktækur munur á milli kannana. Foreldrar yngri barna voru ánægðari með menntunina en foreldrar eldri barna.
- Rúmlega þriðjungur foreldra sagði börn sín þurfa meiri aðstoð í skólanum. Börn á aldrinum 11-13 ára vantaði helst aðstoð að mati foreldra.
- Tæpur þriðjungur þjónustunotenda var í lengdri viðveru eftir skóla. Mikill meirihluti foreldra barna sem voru í lengdri viðveru var mjög eða frekar ánægður með þjónustuúrræðið (85%).

### *Félagsleg þátttaka og tómstundir*

- Foreldrar voru líklegri til að telja skort á félagsskap og aðstoð, ófullnægjandi aðgengi og fjárhagsástæður hindra þátttöku barna sinna í tómstundastarfi og félagslífi en árið 2011.
- Yfir helmingur (55%) foreldra sagði börnin oft eða stundum vanta félagsskap til að taka þátt í tómstundastarfi eða félagslífi, sem er heldur hærra hlutfall en í könnuninni 2011. Vöntun á félagsskap jókst með hækkandi aldri og var mun algengara að foreldrar unglinga teldu slíkt hindra þátttöku barna sinna en foreldrar yngri barna.
- Um 13% foreldra töldu ónógan akstur oft eða stundum hindra þátttöku barna sinna í tómstundastarfi og félagslífi. Ekki var marktækur munur á milli kannana 2014 og 2011.
- Um helmingur foreldra sagði börn sín oft eða stundum vanta aðstoð til að geta notið tómstundastarfs samanborið við 36% foreldra árið 2011. Foreldrar barna sem eru með þrjár skerðingar eða fleiri voru líklegri til að telja vöntun á aðstoð hindra þátttöku barna sinna en foreldrar barna með færri skerðingar.
- Fleiri foreldrar töldu ófullnægjandi aðgengi hindra börn sín nú (14%) en árið 2011 (5%).

- Um 32% foreldra lýstu því að fjárhagsástæður hindruðu oft eða stundum þátttöku barna sinna í félagslífi og tómstundastarfi sem er hærra hlutfall en í könnuninni 2011 (25%).
- Um 30% barna eru með félagslega liðveislu nú sem er svipað hlutfall og árið 2011 og ekki marktækur munur á milli kannana. Um 84% foreldra voru mjög eða frekar ánægð með félagslegu liðveisluna sem börnin þeirra fengu. Um 17% barna voru á biðlista eftir að fá félagslega liðveislu.

### **Stuðningur við fjölskyldur**

- Um 44% foreldra þess hóps barna sem þarf aðstoð frá starfsfólki á heimilinu (16%), töldu barnið þarfnast meiri aðstoðar en það fær nú þegar. Ekki var marktækur munur á milli kannana árið 2014 og 2011.
- Um 45% foreldra barna sem þurfa stuðning við umönnun barnsins heima fyrir, töldu að komið hafi verið frekar eða mjög illa til móts við þær þarfir fjölskyldunnar. Um 40% foreldra töldu hins vegar að komið hafi verið mjög eða frekar vel til móts við fjölskylduna að þessu leyti.
- Af þeim 67 sem svöruðu spurningunni, töldu 37% að komið hafi verið mjög eða frekar vel til móts við fjölskylduna varðandi það að laga heimilið að þörfum barnsins.
- Helmingur foreldra sem þarf þrif á heimilinu taldi að komið væri mjög eða frekar illa til móts við þarfir fjölskyldunnar að því leyti.
- Um 45% foreldra barna sem þurfa aðstoð við skipulag daglegs lífs töldu börn sín ekki fá þá aðstoð sem þau þurfa frá starfsfólki. Ekki var marktækur munur á milli kannana árið 2014 og 2011.
- Um 17% barnanna fer reglulega í skammtímvistun sem er svipað hlutfall og í könnuninni 2011. Ekkert foreldri var óánægt með dvöl barnsins á skammtímvistun. Flestir foreldrar barna (83%) sem voru í skammtímvistun töldu barn sitt hafa fengið þá aðstoð sem það þyrfti frá starfsfólki skammtímvistunarinnar. Um 3% þeirra barna sem ekki voru nú þegar í reglulegri skammtímvistun voru á biðlista eftir að komast í skammtímvistun. Það eru um 46 börn í heildina (á bilinu 16 til 76 börn miðað við 95% vikið) en voru um 62 börn árið 2011 (á bilinu 35 til 89 börn miðað við 95% vikið).
- Tæplega þriðjungur barna fer reglulega til stuðningsfjölskyldu. Mikill meirihluti foreldra barna sem dvelja hjá stuðningsfjölskyldu voru mjög ánægðir með stuðninginn sem stuðningsfjölskyldan veitir (88%). Ekkert foreldri var óánægt með stuðninginn. Um 13% barna voru á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu eða um 167 börn í heildina (á bilinu 112 til 221 barn miðað við 95% vikið) en voru um 96 börn árið 2011 (á bilinu 63 til 129 börn miðað við 95% vikið).

- Mikill meirihluti fjölskyldna (92%) fékk einhvers konar fjárhagslegan stuðning vegna fötlunar barnsins. Ívið fleiri fengu slíkan stuðning árið 2011 (96%). Um 16% foreldra taldi fjölskylduna þurfa mun meiri stuðning og um 29% töldu fjölskylduna þurfa nokkuð meiri stuðning. Álíka hátt hlutfall foreldra þurftu aukinn stuðning árið 2011 og ekki marktækur munur milli kannana.

### **Önnur þjónusta**

- Alls voru 28 þjónustunotendur á unglingsaldri í vinnu sem þurftu stuðning frá starfsfólki. Foreldrar þeirra töldu í flestum tilvikum (82%) að þau fengju nægilega aðstoð.
- Um 71% foreldra barna í dagþjónustu sagði börn sín fá þá aðstoð sem þau þurfa frá starfsfólki í dagþjónustunni.
- Aðeins 5% barna voru með frekari liðveislu og sagðist meirihluti foreldra þeirra (89%) vera mjög eða frekar ánægður með þjónustuna. Um 5% barna voru á biðlista eftir frekari liðveislu.
- Tæplega 70% foreldra barna sem fengið höfðu iðjubjálfun, sjúkraþjálfun, talþjálfun eða aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu, voru mjög eða frekar ánægð með þjálfunina. Foreldrar yngstu barnanna (6 ára og yngri) voru mun líklegri til að vera mjög eða frekar ánægðir með þjálfunina en foreldrar barna á öðrum aldursbilum. Um 47% foreldra töldu börn sín þurfa frekari þjálfun, svo sem iðjubjálfun og sjúkraþjálfun.
- Flestir foreldrar (83%) voru mjög eða frekar ánægðir með læknisþjónustuna sem börn þeirra höfðu fengið. Það er óbreytt hlutfall frá árinu 2011.
- Um 27% foreldra barna sem þurfa aðstoð frá starfsfólki til að komast á milli staða töldu börn sín þurfa meiri aðstoð en þau fá nú. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á milli kannana.
- Fleiri foreldrar (53%) töldu börn sín þurfa aukna aðstoð frá starfsfólki við að ferðast innanlands og erlendis árið 2014 en árið 2011 (34%).
- Um helmingur foreldra barna sem ekki höfðu nú þegar notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hafði áhuga á að fá slíka aðstoð, væri hún í boði.

### **Búsetuþjónusta**

- Tæplega 3% foreldra sögðu að börn sín væru á biðlista eftir að flytja að heiman eða komast í annað búsetuúrræði. Í heildina eru það um 39 börn (á bilinu 15 til 61 miðað við 95% öryggismörk). Árið 2011 voru um 27 börn á biðlista eftir að flytja að heiman (á bilinu 12 til 42 miðað við 95% öryggismörk).
- Um 62% svarenda voru mjög eða frekar ánægð með búsetumöguleikana sem börnum þeirra stóðu til boða.

### **Samráð og upplýsingar**

- Einstaklingsbundin áætlun hafði verið gerð fyrir 53% barnanna. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á milli kannana. Yngri börn voru líklegri til að hafa fengið einstaklingsbundna áætlun en eldri börn og unglingar. Áætlunin hafði nærri alltaf verið unnin í samráði við fjölskylduna (95%).
- Um 45% foreldra voru mjög eða frekar óánægð með upplýsingar sem þau höfðu fengið um þjónustu sem fjölskyldan á rétt á hjá sveitarfélaginu en 22% þeirra voru hvorki ánægð né óánægð.
- Tæplega 60% foreldra voru mjög eða frekar ánægð með ráðgjöf sem þau höfðu fengið varðandi umönnun og fötlun barnsins. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á milli kannana.
- Um þriðjungur foreldra var mjög eða frekar ánægður með fræðslu sem hann hafði fengið um réttindi fatlaðs fólks. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á milli kannana.

### **Reynsla og upplifun barna og unglinga**

- Um 39% foreldra töldu börn sín oft vera einmana. Þetta er talsvert hærra hlutfall en í könnuninni 2011 en þá töldu 25% foreldra börn sín oft vera einmana. Foreldrar eldri barna voru líklegri til að telja börn sín upplifa einmanaleika en foreldrar yngri barna.
- Um 40% foreldra töldu barn sitt oft eða stundum upplifa áreitni, stríðni eða einelti. Þetta hlutfall er álíka hátt og í könnuninni 2011 og munur milli kannana ekki tölfræðilega marktækur.
- Um 42% foreldra töldu börn sín oft hafa þörf fyrir að fá að vera meira út af fyrir sig, sem er sama hlutfall og í könnuninni 2011.
- Tæplega fjórðungur foreldra (24%) taldi börn sín einhvern tíma upplifa ofbeldi. Foreldrar barna með geðraskanir voru líklegastir til að telja börn sín upplifa ofbeldi.

### **Yfirfærsla**

- Svör voru skoðuð eftir því hvort þjónustunotendur fengu fyrst þjónustu fyrir yfirfærslu málaflokksins eða eftir. Helmingur foreldra barna sem fyrst fengu þjónustu fyrir yfirfærsluna töldu þjónustuna ekki hafa breyst við flutning málaflokksins. Rúmlega 30% þeirra voru hins vegar á þeirri skoðun að þjónustan væri verri nú.
- Svarendum gafst færi á að lýsa því af hverju þeir töldu þjónustuna betri eða verri eftir yfirfærslu og voru svör þeirra flokkuð. Helstu ástæður sem foreldrar nefndu fyrir því að þjónustan væri betri voru: aðgengilegri og einfaldari þjónusta og persónulegri þjónusta. Foreldrar sem töldu þjónustuna hafa versnað lýstu því að þeim þætti kerfið vera orðið



flóknara eftir yfirfærslu, aðgengi að upplýsingum væri ábótavant, þjónustan væri minni sökum niðurskurðar og að ekki væri nægileg þekking innan þjónustunnar.

***Athugasemdir frá þátttakendum***

Í lok spurningalistans var foreldrum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum varðandi þjónustuna eða yfirfærsluna. Margir lýstu því að þá vantaði aukna þjónustu. Þó nokkrar athugasemdir fjölluðu um það að þjónustan væri flókin og að foreldrum fyndist vanta aðgengi að upplýsingum um þjónustu. Loks voru athugasemdir þar sem foreldrar lýstu ánægju sinni með þjónustuna sem börn þeirra fá.

## INNGANGUR

Í janúar 2011 færðist þjónusta við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Markmiðið með yfirfærslunni var að bæta þjónustu við fatlað fólk og samþætta hana annarri þjónustu á vegum sveitarfélaganna. Þjónustuþættir sem sveitarfélög tóku við voru eftirfarandi: a) sambýli, b) áfangastaðir, c) frekari liðveisla við íbúa í þjónustu- og íbúðakjörnum og í sjálfstæðri búsetu, d) hæfingarstöðvar og dagvistarstofnanir, e) verndaðir vinnustaðir og atvinna með stuðningi, f) heimili fyrir börn, g) skammtíma vistarheimilislausir, h) stuðningsfjölskyldur og i) ráðgjöf og önnur stuðningsþjónusta við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra (Velferðarráðuneytið, 2010). Breytingarnar sem fylgdu yfirfærslunni voru því umtalsverðar og bera sveitarfélög nú ábyrgð á skipulagi og framkvæmd mest allrar þjónustu við fatlað fólk. Eftir yfirfærsluna veitir ríkið eftir sem áður þjónustu við fatlað fólk á grundvelli laga um almannatryggingar (nr.100/2007) og félagslega aðstoð (nr. 99/2007) auk þess sem það ber ábyrgð á Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu, Tölvumiðstöð fatlaðra, Múlalundi, Blindravinnustofunni og Vinnustöðum ÖBÍ (Velferðarráðuneytið, 2010).

Til að meta ávinning af yfirfærslu málaflokksins ákvað velferðarráðuneytið að gera úttekt á þjónustu við fatlað fólk. Vísað er til úttektarinnar í 11. grein samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk, en þar kemur fram að árið 2014 skuli „fara fram sameiginlegt mat ríkis og sveitarfélaga á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar“ (Velferðarráðuneytið, 2010). Árin 2010 til 2011 var því gerð umfangsmikil könnun til að meta aðstæður fatlaðs fólks fyrir yfirfærslu málaflokksins og kortleggja stöðu þjónustunnar sem veitt var af svæðisskrifstofum ríkisins (Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Október 2011 - Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning). Með könnuninni var unnt að fá upplýsingar um aðstæður fatlaðs fólks fyrir yfirfærslu málaflokksins sem jafnframt yrði hægt að nota sem grundvöll fyrir samanburð.

Könnunin hefur nú verið endurtekin árið 2014 og nær til tilviljunarúrtaks þjónustunotenda sem notar þjónustu sem áður var veitt af svæðisskrifstofum. Spurningalistarnir voru tveir, annars vegar fyrir fullorðna þjónustunotendur og hins vegar fyrir þjónustunotendur undir 18 ára aldri. Könnunin náði til allra þjónustusvæða landsins. Niðurstöðurnar eru kynntar í skýrslunni auk þess sem þær eru bornar saman við niðurstöður könnunarinnar frá árinu 2011.

## AÐFERÐ

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknaraðferðir sem notaðar voru í könnuninni, hvernig þátttakendur voru valdir, hvernig spurningalistinn var lagður fyrir og unnið var úr svörum.

Spurningalistar voru lagðir fyrir tilviljunarúrtak fullorðinna þjónustunotenda og forráðamenn þjónustunotenda undir 18 ára aldri. Til að unnt væri að bera niðurstöður saman við niðurstöður könnunar frá 2011 voru spurningar að mestu leyti þær sömu en þó var nokkrum nýjum spurningum bætt við. Við val á spurningum var sérstök áhersla lögð á að ná utan um þjónustu sem sveitarfélög tóku við í upphafi árs 2011. Þá var meðal annars spurt um aðstæður þjónustunotenda, reynslu af og viðhorf til þjónustuúrræða á vegum sveitarfélaganna, virkni og þátttöku og sjálfsákvörðunarrétt. Upphaflegir spurningalistar voru unnir af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum.

Spurningalistarnir voru lagðar fyrir í síma- og á neti dagana 28. maí – 21. júní 2014 og svöruðu flestir könnuninni í síma. Heildarsvarhlutfall var tæp 67%, 65,2% meðal fullorðinna og 69,5% meðal barna (sjá töflu 1a).

**Tafla 1a. Framkvæmd könnunarinnar**

Upplýsingasöfnun	28. maí – 21. júní 2014
Framkvæmdarmáti	Síma- og netkönnun
Fjöldi í endanlegu úrtaki	1132
Þar af aðstandendur fatlaðra barna	508
Þar af fullorðnir þjónustunotendur	624
Brottfall <sup>1</sup>	10
Fjöldi svarenda	760
Þar af aðstandendur fatlaðra barna	353
Þar af fullorðnir þjónustunotendur	407
Brúttó Svarhlutfall	66,6%
Nettó svarhlutfall	67,1%

Fullorðnir þjónustunotendur höfðu val um að svara spurningalistanum á hefðbundnu máli eða auðskildu máli. Þegar fullorðnir þjónustunotendur þurftu stuðning við að svara könnuninni var leitað eftir aðstoð frá aðstandendum eða starfsfólki og þeir hvattir til að styðja undir þátttöku

<sup>1</sup> Látnir eða tala ekki íslensku.



þjónustunotanda. Í sumum tilvikum gátu fullorðnir þjónustunotendur ekki tekið þátt og svöruðu þá aðstandendur eða starfsfólk fyrir þeirra hönd. Þeir voru þá hvattir til þess að svara í anda þjónustunotenda en ekki út frá eigin skoðunum. Í töflu 1b má sjá hverjir svöruðu könnuninni. Fullorðnir þjónustunotendur svöruðu könnuninni sjálfir eða með aðstoð í um 60% tilvika.

**Tafla 1b. Hver svarar könnuninni meðal fullorðinna þjónustunotenda?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Þjónustunotandi svarar sjálfur án aðstoðar	216	53%	7,1%	53%
Aðstandandi eða vinar svarar fyrir hönd þjónustunotanda	101	25%	4,8%	25%
Starfsmaður svarar fyrir hönd þjónustunotanda	61	15%	3,8%	15%
Þjónustunotandi svarar með aðstoð starfsmanns	17	4%	2,0%	4%
Þjónustunotandi svarar með aðstoð aðstandanda eða vinar	12	3%	1,7%	3%
Fjöldi svara	407	100%		

## Úrtak og svörun

Til að unnt væri að bera niðurstöður saman við niðurstöður könnunar frá árinu 2011 var mikilvægt að könnunin næði til sambærilegra hópa og þá. Þýði könnunarinnar var því skilgreint sem þjónustunotendur sem nýta þjónustu sem veitt var af svæðisskrifstofum ríkisins fyrir yfirfærslu málaflokksins. Þjónustuúrræðin sem um ræðir eru eftirfarandi:

- Búsetuúrræði með þjónustu (sambýli, þjónustuíbúðir og íbúðakjarnar)
- Áfangastaðir
- Frekari liðveisla
- Verndaðir vinnustaðir, atvinna með stuðningi og hæfingarstöðvar
- Skammtíavistanir
- Stuðningsfjölskyldur
- Sérhæfð ráðgjöf og stuðningsþjónusta
- NPA samningar og beingreiðslusamningar
- Styrkir sem veittir eru á grundvelli 27. greinar laga um málefni fatlaðs fólks (styrkir til verkfæra- og tækjakaupa og styrkir til greiðslu námskostnaðar)

Auk þeirra sem nota ofangreind þjónustuúrræði voru í þýðinu þjónustunotendur sem eru með virkt umönnunarmat (í 1. – 3. flokki) og þjónustunotendur sem nýta einkarekin búsetuúrræði.

Þess ber að geta að auk ofangreindra þjónustuúrræða eru sveitarfélög og þjónustusvæði með fleiri þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk, svo sem félagslega liðveislu og ferðaþjónustu. Þar sem þessi úrræði voru á ábyrgð sveitarfélaganna fyrir flutning málaflokksins falla þau ekki undir þjónustuúrræði til grundvallar skilgreiningu þýðisins.

Úrtaksvinna könnunarinnar var unnin í samvinnu Félagsvísindastofnunar og tengiliða á þjónustuvæðum landsins. Þess var gætt að Félagsvísindastofnun fengi ekki upplýsingar um þjónustunotendur sem ekki kærðu sig um að taka þátt í könnuninni. Úrtakið var valið með þeim hætti að tengiliðir á hverju þjónustuvæði bjuggu til númeraðan lista með þjónustunotendum sem nota ofangreind þjónustuúrræði. Tengiliðirnir veittu verkefnisstjóra Félagsvísindastofnunar upplýsingar um fjölda þjónustunotenda á listanum og valdi hann, með einfaldri slembiaðferð, um 30% talna frá 1 upp í þá tölu sem endurspeglar fjöldann. Tengiliðir á þjónustuvæðum fengu tölurnar og gátu með þeim fundið þá sem lent höfðu í úrtakinu. Þjónustunotendur sem voru í úrtakinu fengu því næst send kynningarbréf frá þjónustuaðilum þar sem framkvæmd könnunarinnar var lýst og markmið útskýrð. Fólk var jafnframt beðið um að hafa samband kysi það að taka ekki þátt. Félagsvísindastofnun fékk að lokum nöfn þeirra sem ekki höfðu afþakkað þátttöku.

Í úrtakinu voru því um 30% þjónustunotenda af hverju þjónustuvæði, alls 1.231 einstaklingur. Heildarsvarhlutfall var um 67% en það var mismunandi eftir þjónustuvæðum. Lægst var svarhlutfallið á Hornafirði (50%) og hæst á Norðausturlandi (79%) (sjá töflu 1c).

**Tafla 1c. Fjöldi þjónustunotenda eftir þjónustuvæðum og svarhlutfall**

Þjónustuvæði	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi í endanlegu úrtaki	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall
Þjónustuvæði Austurlands	41	30	24	80,0%
Þjónustuvæði Eyjafjarðar	117	106	73	68,9%
Þjónustuvæði Garðabæjar	31	29	21	72,4%
Þjónustuvæði Hafnarfjarðar	86	78	60	77,0%
Þjónustuvæði Hornafjarðar	8	8	4	50,0%
Þjónustuvæði Kópavogs	92	89	53	59,5%
Þjónustuvæði Mosfellsbæjar	37	36	24	66,7%
Þjónustuvæði Norðausturlands	14	14	11	78,6%
Þjónustuvæði Norðurlands vestra	44	43	33	76,7%
Þjónustuvæði Reykjavíkur og Seljarnarness	521	481	293	60,9%
Þjónustuvæði Suðurlands	71	64	46	71,9%
Þjónustuvæði Suðurnesja	67	67	46	68,7%
Þjónustuvæði Vestfjarða	22	20	15	75,0%
Þjónustuvæði Vestmannaeyja	14	14	11	78,6%
Þjónustuvæði Vesturlands	66	66	46	69,7%
Samtals	1231	1145	760	66,6%

Úrtaksvinnan var með sambærilegum hætti árið 2011. Þá var tekið úrtak 40% þeirra sem voru virkir þjónustunotendur, í samvinnu við svæðisskrifstofur og þjónustusveitarfélög. Þó var ekki

notast við sömu skilgreiningu á „virkum“ þjónustunotendum nú þar sem mikilvægt þótti að ná utan um alla þjónustu sem veitt hafði verið af svæðisskrifstofunum fyrir yfirfærslu.

Eins og fram hefur komið voru þátttakendur í endanlegu úrtaki 1132 talsins, þar af voru 624 fullorðnir þjónustunotendur og 508 börn. Af þessu leiðir að heildarhópur einstaklinga sem notar þjónustu sem áður var veitt af svæðisskrifstofunum sé rúmlega 4100. Út frá úrtakstölum 2014 og 2011 má áætla að fjölgun í heildarhópi þjónustunotenda frá síðustu könnun sé um 15%. Meiri fjölgun er meðal barna eða um 30% en um 6% aukning meðal fullorðinna þjónustunotenda. Vert er að benda á að, þó ljóst sé að töluverð aukning hafi átt sér stað í hópi þjónustunotenda, sér í lagi meðal barna, er áætluð fjölgun ekki nákvæm. Erfitt reyndist að reikna nákvæma fjölgun þjónustunotenda vegna misræmis í upplýsingum frá þjónustuaðilum við gerð könnunarinnar 2011. Svo virðist sem skráning hafi ekki verið að fullu samræmd hjá þjónustuaðilum og upplýsingar um fjölda þjónustunotenda hafi verið töluvert á reiki. Um þetta hefur verið fjallað í skýrslu ríkisendurskoðunar (2010) um þjónustu við fatlað fólk en þar kemur fram að skráning hjá þjónustuaðilum hafi verið nokkuð ófullkomin og að upplýsingar um ákveðna þjónustuliði, svo sem ráðgjöf, hafi verið ófánlegar.

Til að rýna nánar í fjölgun þjónustunotenda voru spurningar um fjölda skerðinga, umfang þjónustu og búsetu skoðaðar út frá því hvort fólk byrjaði að fá þjónustu fyrir fatlað fólk fyrir eða eftir yfirfærslu. Eins og sjá má í töflum 2 og 3 fjölgar í hópi þjónustunotenda sem eru með færri skerðingar og minni þjónustu. Svo virðist því sem hlutfallslega fleiri þjónustunotendur hafi verið með flóknar þjónustuþarfir fyrir yfirfærslu en nú. Hugsanlegt er að hluti þjónustunotenda sem hafi fyrst fengið þjónustu eftir yfirfærsluna hafi ekki leitað eftir þjónustu fyrir yfirfærslu eða verið ólíklegri til að fá þjónustu frá svæðisskrifstofunum.

Í hópi fullorðinna þjónustunotenda eru hlutfallslega fleiri með eina skerðingu í hópi þeirra sem byrjuðu að fá þjónustu eftir yfirfærslu eða um 45% þátttakenda samanborið við 26% þátttakenda sem byrjuðu að fá þjónustu áður en yfirfærslan átti sér stað. Meðal þeirra sem hafa fengið þjónustu síðan áður en hún var færð til sveitarfélaga voru um 47% þátttakenda með þrjár skerðingar eða fleiri en 32% í hópi þeirra sem fengu fyrst þjónustu eftir tilfærsluna (sjá töflu 2).

Í hópi barna sem komu inn í hóp þjónustunotenda eftir yfirfærslu voru um 24% með eina skerðingu en 14% í hópi þeirra sem fengu fyrst þjónustu áður en yfirfærslan átti sér stað. Um 42% voru með þrjár eða fleiri skerðingar í fyrrnefnda hópnum samanborið við um 64% í þeim síðarnefnda. Einnig var munur eftir umfangi þjónustu en hlutfallslega fleiri börn fengu litla þjónustu í hópi þeirra sem fengu fyrst þjónustu eftir að yfirfærslan átti sér stað eða um 26% samanborið við 15%.

Þetta gefur vísbendingar um að yfirfærslan hafi auðveldað aðgengi að þjónustu fyrir þá sem eru með vægari skerðingar, en þetta gæti þó einnig að einhverju leyti skýrst af auknum greiningum, t.d. ADHD greiningum og greiningum á einhverfu (sjá umfjöllun um skerðingar á bls. 33 og 78).

**Tafla 2. Fjöldi og hlutfall fullorðinna þjónustunotenda eftir því hvort þeir byrjuðu að nýta þjónustu fyrir fatlað fólk fyrir eða eftir yfirfærslu og fjölda skerðinga, umfangi þjónustu og búsetu**

	Þjónusta eftir yfirfærslu Eftir 1. janúar 2011		Þjónusta fyrir yfirfærslu Árið 2010 eða fyrr	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Fjöldi skerðinga*</b>				
Ein skerðing	17	44,7%	79	25,6%
Tvær skerðingar	9	23,7%	86	27,8%
Þrjár skerðingar eða fleiri	12	31,6%	144	46,6%
<b>Alls</b>	<b>38</b>		<b>309</b>	
<b>Umfang þjónustu</b>				
Lítil þjónusta	8	20,0%	42	13,6%
Mikil þjónusta	32	80,0%	266	86,4%
<b>Alls</b>	<b>40</b>		<b>308</b>	
<b>Búseta</b>				
Reykjavík	13	32,5%	117	36,3%
Reykjanes og nágr. höfuðb.	8	20,0%	80	24,8%
Landsbyggð	19	47,5%	125	38,8%
<b>Alls</b>	<b>40</b>		<b>322</b>	

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$

**Tafla 3. Fjöldi og hlutfall barna eftir því hvort þau byrjuðu að nýta þjónustu fyrir fatlað fólk fyrir eða eftir yfirfærslu og fjölda skerðinga, umfangi þjónustu og búsetu**

	Þjónusta eftir yfirfærslu Eftir 1. janúar 2011		Þjónusta fyrir yfirfærslu Árið 2010 eða fyrr	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Fjöldi skerðinga**</b>				
Ein skerðing	21	23,6%	34	14,3%
Tvær skerðingar	31	34,8%	53	22,3%
Þrjár skerðingar eða fleiri	37	41,6%	151	63,4%
<b>Alls</b>	<b>89</b>		<b>238</b>	
<b>Umfang þjónustu*</b>				
Lítil þjónusta	23	25,8%	35	15,0%
Mikil þjónusta	66	74,2%	199	85,0%
<b>Alls</b>	<b>89</b>		<b>234</b>	
<b>Búseta</b>				
Reykjavík	35	38,0%	102	42,9%
Reykjanes og nágr. höfuðb.	31	33,7%	68	28,6%
Landsbyggð	26	28,3%	68	28,6%
<b>Alls</b>	<b>92</b>		<b>238</b>	

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$

## Úrvinnsla

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og texta í niðurstöðukafla og viðaukum. Auk þess er, í niðurstöðuköflum, umfjöllun og myndir sem sýna samanburð á svörum þátttakenda árið 2011 annars vegar og 2014 hins vegar. Hafa ber í huga að þegar niðurstöðum er lýst í köflum er ekki fjallað um allan tölfræðilega marktækan mun í bakgrunnsgreiningu heldur einungis þar sem munur á hlutföllum mismunandi hópa var sem mestur. Bakgrunnstöflur með ítarlegri greiningu fyrir hverja spurningu má finna í viðaukum A og B. Í viðauka A, sem sýnir niðurstöður fyrir fullorðna þjónustunotendur má sjá flestar spurningar greindar eftir eftirfarandi bakgrunnspáttum: kyni, aldri, fjölda skerðinga, tegund skerðinga, hvort þjónustunotendur búa á höfuðborgarsvæðinu, í nágrenni Reykjavíkur eða á landsbyggðinni, hvort þeir búa í fyrrverandi tilraunasveitarfélagi eða ekki, búsetufyrirkomulagi, hvort þeir stunda nám, vinnu eða dagþjónustu eða ekki, hversu lengi þeir hafa notað þjónustu og umfangi þjónustu sem þeir nota. Í viðauka B, sem sýnir niðurstöður frá þjónustunotendum yngri en 18 ára, eru flestar spurningar greindar eftir eftirfarandi bakgrunnspáttum: kyni, aldri, fjölda skerðinga, tegund skerðinga, hvort þjónustunotendur búa á höfuðborgarsvæðinu, í nágrenni Reykjavíkur eða á landsbyggðinni, hvort þeir búa í fyrrverandi tilraunasveitarfélagi eða ekki og umfangi þjónustu sem þeir nota.

Fyrrverandi tilraunasveitarfélög eru sveitarfélög sem báru ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk fyrir yfirfærslu málaflokksins, á grundvelli sérstakra samninga við ríkið. Ákveðið var að greina svör þjónustunotenda eftir því hvort þeir búa í fyrrverandi tilraunasveitarfélögum eða ekki þar sem umrædd sveitarfélög höfðu umtalsverða reynslu af rekstri málaflokksins þegar yfirfærslan átti sér stað um áramótin 2010 - 2011. Þetta eru sveitarfélög sem myndað hafa eftirfarandi þjónustusvæði: þjónustusvæði Hornafjarðar, þjónustusvæði Vestmannaeyjabæjar, þjónustusvæði Norðausturlands, þjónustusvæði Eyjafjarðar og þjónustusvæði Norðurlands vestra utan Dalvíkurbyggðar og Ólafsfjarðar.

Svör þátttakenda voru einnig greind eftir umfangi þeirrar þjónustu sem þeir nýta: í umtalsverða þjónustu annars vegar og litla þjónustu hins vegar. Til að aðgreina svör þátttakenda með þessum hætti var notast við upplýsingar sem þjónustunotendur veittu um þjónustuna sem þeir nota. Mikill meirihluti þátttakenda (82% fullorðinna þjónustunotenda og 80% barna) var að nota umtalsverða þjónustu. Til lítillar þjónustu heyrðu þeir sem einungis höfðu fengið styrki á grundvelli 27. greinar laga um málefni fatlaðs fólks sem eru styrkir til verkfæra- og tækjakaupa og til greiðslu námskostnaðar og þjónustunotendur sem ekki voru að nýta félagsleg- atvinnutengd- eða búsetutengd úrræði sveitarfélaganna né beingreiðslusamninga eða notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Þjónustunotendur sem höfðu nýlega hætt að fá þjónustu eða höfðu einvörðungu

fengið ráðgjöf eða tímabundna þjónustu féllu einnig í flokk þeirra sem fengu litla þjónustu. Í einstaka tilvikum notuðu þjónustunotendurnir í þessum flokki einhver félagsleg úrræði, en þá í mjög litlum mæli. Tölur 12 og 72 sýna umfang þjónustu sem þátttakendur voru að nota.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (\*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra sem nýttu þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk árið 2014. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákni. Skammstöfunin Óg. merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Í einhverjum slíkum tilvikum var valmöguleikum spurningarinnar slegið saman og marktekt aftur reiknuð eins og útskýrt er í neðanmálsgrein hvernar tölflu. Þegar marktekt kom fram eftir þessa fækkun flokka, var hún birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (--).

Í skýrslunni eru birtar tíðnitölur fyrir hverja spurningu. Í tölflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til hvernar spurningar. Af þeim sökum getur verið mismunandi fjöldi svara á bak við hverja tölflu. Í skýrslunni má einnig sjá myndir sem sýna samanburð á svörum þátttakenda árið 2011 annars vegar og 2014 hins vegar. Í sumum tilvikum var ekki unnt að gera samanburðarmyndir þar sem spurningin hafði ekki verið lögð fyrir árið 2011.

## NIÐURSTÖÐUR – FULLORÐNIR ÞJÓNUSTUNOTENDUR


Í eftirfarandi köflum er fjallað um niðurstöður könnunarinnar. Í fyrsta kaflanum er fullorðnum þátttakendum sem svöruðu spurningalistanum lýst. Í köflum þar á eftir er fjallað ítarlega um aðrar niðurstöður er varða búsetu þeirra, daglegt líf, félagslega þátttöku og tómstundir, samráð og upplýsingar, mat þeirra á þjónustunni og yfirfærsluna. Í lokakaflanum er fjallað um niðurstöður opinnar spurningar þar sem þátttakendur könnunarinnar gátu komið á framfæri athugasemdum um þjónustuna og yfirfærsluna.

### Um þátttakendur

Töflur 4 til 12 varpa ljósi á þátttakendur könnunarinnar og veita upplýsingar um kyn þeirra, aldur, skerðingar, búsetu, hvort þeir búa í fyrrum tilraunasveitarfélagi eða ekki, hvort þeir eru í vinnu, námi eða dagþjónustu, umfang þjónustunnar sem þeir nota og hvort þeir fengu fyrst þjónustu fyrir eða eftir yfirfærslu málaflokksins. Myndir fyrir neðan hverja töflu (mynd 1 til 6) sýna samanburð við niðurstöður úr könnun 2011. Við úrvinnslu könnunarinnar voru svör þátttakenda við spurningum könnunarinnar greind eftir þessum bakgrunnspáttum og ólíku búsetufyrirkomulagi þeirra. Í viðauka A er að finna ítarlegar töflur þar sem svör eru greind eftir bakgrunni fullorðinna þjónustunotenda.

Tafla 4 sýnir að karlar voru í meirihluta svarenda (59%). Mynd 1 sýnir samanburð á kynjahlutfalli í könnuninni 2011 og 2014 og þar má sjá að kynjamunur var svipaður í síðustu könnun og munur á kynjahlutföllum milli kannana ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 4. Kyn þjónustunotenda



Mynd 1. Kyn þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011


Í töflu 5 má sjá aldursdreifingu þátttakenda. Þátttakendum var skipt upp í 5 aldurshópa sambærilega við skiptingu í hópa árið 2011. Um þriðjungur þátttakenda var á aldrinum 18 til 29



ára. Fámennasti aldurshópurinn var 60 ára og eldri (13%, elstu þátttakendurnir voru 78 ára gamlir). Á mynd 2 má sjá að aldursdreifing árið 2011 var álíka.

Tafla 5. Aldur þjónustunotenda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
18 til 29 ára	134	33%	5,6%	33%
30 til 39 ára	81	20%	4,3%	20%
40 til 49 ára	66	16%	3,9%	16%
50 til 59 ára	72	18%	4,1%	18%
60 ára og eldri	54	13%	3,5%	13%
Alls	407	100%		




Mynd 2. Aldur þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Um 44% þátttakenda voru með fleiri en þrjár skerðingar (sjá töflu 6). Á mynd 3 má sjá að dreifing svara þátttakenda í könnuninni 2011 við þessari spurningu var svipuð, þar voru 39% þátttakenda með þrjár skerðingar eða fleiri.

Tafla 6. Fjöldi skerðinga

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ein skerðing	108	28%	5,3%	28%
Tvær skerðingar	109	28%	5,3%	28%
Þrjár skerðingar eða fleiri	168	44%	6,6%	44%
Fjöldi svara	385	100%		
Ekki með skerðingu	11			
Vil ekki svara	11			
Alls	407			





**Mynd 3. Fjöldi skerðinga. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru greindir með einhverja skerðingu og beðnir að meta hversu mikil skerðingin væri, hvort hún væri lítil, nokkur eða mikil. Tafla 7 sýnir dreifingu svara við spurningunni. Rúmur helmingur þátttakenda (54%) var með þroskahömlun sem var algengasta skerðingin. Fámennustu hóparnir voru þjónustunotendur með heyrnarskerðingu (14% þátttakenda) og þjónustunotendur með aðrar skerðingar en þær sem taldar voru upp (12%). Á mynd 4 má sjá samanburð á milli kannana. Í könnuninni 2011 voru 19% þátttakenda greindir með einhverfu, en 30% árið 2014. Fjölgun einhverfra hefur fyrst og fremst orðið í yngsta aldurshópnum en 57% þeirra hafa verið greindir með einhverfu (sjá töflu 5 í viðauka A). Mynd 4 sýnir jafnframt að þó nokkuð færri þjónustunotendur voru með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD) og aðrar skerðingar árið 2011 en 2014. Í spurningalistanum árið 2011 var athyglisbrestur og ofvirkni (ADHD) ekki talinn upp sem einn af svarmöguleikum við spurningunni sem getur skýrt muninn að einhverju leyti.

**Tafla 7. Hefur þú verið greind(ur) með einhverja skerðingu?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda*	Vikmörk +/-	
Þroskahömlun	207	54%	4,7%	54%
Hreyfihömlun	151	39%	4,0%	39%
Sjónskerðing	129	34%	3,7%	34%
Einhverfa	116	30%	3,5%	30%
Geðröskun	112	29%	3,4%	29%
Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD)	71	18%	2,7%	18%
Flogaveiki	57	15%	2,5%	15%
Heyrnarskerðing	53	14%	2,4%	14%
Önnur skerðing	47	12%	2,2%	12%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>943</b>	<b>245%</b>		
Svar vanlar	22			
<b>Alls</b>	<b>965</b>			

Legend:   
■ Lítil skerðing   
■ Nokkur skerðing   
■ Mikil skerðing

\* Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því í er hlutfall svarenda alls yfir 100%.




**Mynd 4. Hefur þú verið greind(ur) með einhverja skerðingu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Tafla 8 sýnir að 40% þátttakenda voru af landsbyggðinni en þátttakendur frá Reykjavík voru 36%. Mynd 5 sýnir að árið 2011 voru hlutfallslega fleiri þátttakendur frá Reykjavík (43%) en af landsbyggðinni (38%). Þessi munur skýrist af fremur lágu svarhlutfalli hjá fullorðnum þjónustunotendum í Reykjavík í könnuninni nú og því að þýði þjónustunotenda af Reykjanesi virðist hafa verið skilgreint þrengra en annars staðar á landinu við þá sem fengu mikla þjónustu árið 2010.

**Tafla 8. Búseta eftir þjónustusvæðum**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Reykjavík	145	36%	5,8%	36%
Reykjanes og nágr. höfuðb.	100	25%	4,8%	25%
Landsbyggð	162	40%	6,1%	40%
Alls	407	100%		



**Mynd 5. Búseta þátttakenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Í töflu 9 má sjá að meirihluti þjónustunotenda bjó í sveitarfélögum sem ekki eru fyrrum tilraunasveitarfélög. Um 20% þátttakenda búa í fyrrum tilraunasveitarfélögum.

**Tafla 9. Búseta þátttakenda í fyrrverandi tilraunasveitarfélög og önnur sveitarfélög**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Fyrrum tilraunasveitarfélög	81	20%	4,3%	20%
Önnur sveitarfélög	326	80%	8,7%	80%
Alls	407	100%		

Tæplega 80% svarenda voru í vinnu, námi eða dagþjónustu. Mynd 6 sýnir að árið 2014 var ívið hærra hlutfall í vinnu, námi eða dagþjónustu en árið 2011, en þá voru það 73% þátttakenda. Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að þjónustunotendur með geðröskun voru síður líklegir til að vera í vinnu, námi eða dagþjónustu (66%) en þjónustunotendur með aðrar greiningar (75-88%) (sjá töflu 16 í viðauka A).

**Tafla 10. Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	317	78%	8,6%	78%
Nei	88	22%	4,5%	22%
Fjöldi svara	405	100%		
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
Alls	407			

**Mynd 6. Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu fyrst fengið þjónustu fyrir fatlað fólk fyrir yfirfærslu málaflokksins eða eftir. Í töflu 11 má sjá að mikill meirihluti svarenda (89%) fékk fyrst þjónustu árið 2010 eða fyrr, það er fyrir yfirfærslu málaflokksins.

**Tafla 11. Hvenær fékkst þú fyrst þjónustu fyrir fatlað fólk?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Eftir 1. janúar 2011 (fékk fyrst þjónustu fyrir fatlað fólk eftir að yfirfærslan átti sér stað)	40	11%	3,4%	11%
Árið 2010 eða fyrr (fékk fyrst þjónustu fyrir fatlað fólk áður að yfirfærslan átti sér stað)	322	89%	9,7%	89%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>362</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	37			
Vil ekki svara	8			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

Þátttakendum var skipt upp eftir umfangi þjónustu sem þeir nota. Þátttakendur sem notuðu litla þjónustu voru ýmist þeir sem höfðu einvörðungu fengið ráðgjöf, fengið styrki á grundvelli 27. greinar laga um málefni fatlaðs fólks eða notað aðra þjónustu að mjög litlu leyti. Tafla 12 sýnir að 82% þátttakenda notuðu umtalsverða þjónustu.

**Tafla 12. Umfang þjónustu**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Lítil þjónusta	69	18%	4,2%	18%
Umtalsverð þjónusta	320	82%	9,0%	82%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>389</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	16			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			


## Búsetufyrirkomulag þjónustunotenda

Þátttakendur voru spurðir um búsetufyrirkomulag sitt. Algengast var að fólk byggi í foreldrahúsum (18%) eða í eigin húsnæði (15%). Um 12% bjuggu í íbúðakjarna án sameiginlegs rýmis og 7% í íbúðasambýli með sameiginlegu rými. Rúmlega 20% leigðu íbúð á félagslegum leigumarkaði (sjá töflu 13). Í töflunni er gerður greinarmunur á herbergjasambýlum með sér baðherbergi og herbergjasambýlum þar sem íbúar deila baðherbergi með öðrum. Alls bjuggu 14% þjónustunotenda á herbergjasambýli. Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að 25% þátttakenda bjuggu á sambýli með sérherbergi á Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur, á móti 12% þátttakenda í Reykjavík og 10% þátttakenda á landsbyggðinni (sjá töflu 19 í viðauka A). Greining eftir þjónustuvæðum sýndi að 37% þátttakenda í Hafnarfirði bjuggu á sambýli með sérherbergi.

Mynd 7 sýnir að hlutfallslega fleiri svarendur bjuggu í íbúðakjarna eða íbúðasambýli árið 2014 (19%) en 2011 (9%). Um 27% bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á almennum markaði árið 2014 en 21% árið 2011. Jafnframt bjuggu hlutfallslega færri á herbergjasambýli 2014 (14% svarenda), en árið 2011 (21%).

Tafla 13. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, sambyli, íbúðakjarna eða hjá öðrum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Foreldrahús	72	18%	4,1%	18%
Eigin húsnæði	61	15%	3,8%	15%
Íbúðakjarni án sameiginlegs rýmis	47	12%	3,3%	12%
Íbúð á félagslegum leigumarkaði - félagsleg íbúð í eigu annarra	46	11%	3,3%	11%
Herbergjasambýli, í eigin herbergi en nýti baðherbergi og aðra hluti hússins með öðrum	42	10%	3,1%	10%
Íbúð á félagslegum leigumarkaði - félagsleg íbúð í eigu sveitarfélagsins	38	9%	3,0%	9%
Íbúðasambýli, lítilli íbúð með sameiginlegu rými	28	7%	2,6%	7%
Íbúð hjá Búseta	21	5%	2,2%	5%
Leiguíbúð á almennum markaði	18	4%	2,1%	4%
Herbergjasambýli með sérherbergi og baðherbergi en nota eldhús og stofu með öðrum	16	4%	1,9%	4%
Stúdentlaíbúð	10	2%	1,5%	2%
Bý með öðrum ættingjum	4	1%	1,0%	1%
Húsnæði (eigið heimili) nálægt heimili foreldra/náinna ættingja	2	0%	0,7%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>405</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




Mynd 7. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, sambyli, íbúðakjarna eða hjá öðrum? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Rúmlega 20% svarenda voru á biðlista eftir húsnæði árið 2014 (sjá töflu 14). Það má því gera ráð fyrir að um 502 fatlaðir einstaklingar (410-594 manns miðað við 95% öryggismörk) á landinu séu á biðlista eftir öðru húsnæðisúrræði. Um 18% svarenda höfðu verið á biðlista skemur en fimm ár og 4% í fimm ár eða lengur. Þegar svör voru skoðuð eftir aldri kom í ljós að yngra fólk var frekar á biðlista eftir húsnæði en eldra fólk og fólk sem bjó í foreldrahúsum eða hjá ættingjum var líklegra til að vera á biðlista en fólk sem bjó í annars konar húsnæði (sjá töflu 20 í viðauka A). Töluverð fjölgun er frá árinu 2011 í þeim hópi sem segist vera á biðlista eftir húsnæði en í könnuninni árið 2011 sögðust um 17% vera á biðlista. Það samsvarar því að um 365 manns (287-441 miðað við 95% öryggismörk) hafi þá verið á biðlista eftir öðru húsnæðisúrræði.

Tafla 14. Ert þú á biðlista eftir húsnæði?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Nei	312	78%	8,6%	78%
Já, í eitt ár eða skemur	36	9%	2,9%	9%
Já, lengur en eitt ár en skemur en fimm ár	37	9%	3,0%	9%
Já, fimm ár eða lengur	17	4%	2,0%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>402</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



Mynd 8. Ert þú á biðlista eftir húsnæði? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Spurt var eftir hvers konar úrræði þátttakendur væru að bíða og í ljós kom að algengast var að fólk væri á biðlista eftir íbúð á félagslegum leigumarkaði (36%). Um fjórðungur var að bíða eftir íbúðasambýli með sameiginlegu rými og um fjórðungur var að bíða eftir íbúðakjarna án sameiginlegs rýmis. Um 10% þátttakenda voru á biðlista eftir herbergjasambýli (sjá töflu 15).

Tafla 15. Hvers konar húsnæði ert þú að bíða eftir?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Íbúðakjarna án sameiginlegs rýmis	20	24%	10,4%	24%
Íbúðasambýli, lítilli íbúð með sameiginlegu rými (t.d. þvottahúsi, eldhúsi o.fl.)	21	25%	10,7%	25%
Herbergjasambýli með sérherbergi og baðherbergi en mun nota eldhús og stofu með öðrum	7	8%	6,2%	8%
Herbergjasambýli, í eigin herbergi en mun nýta baðherbergi og aðra hluti hússins með öðrum	2	2%	3,3%	2%
Stúdentaiðbúð	0	0%	0,0%	0%
Íbúð á félagslegum leigumarkaði - íbúð í eigu sveitarfélagsins	22	26%	10,9%	26%
Íbúð á félagslegum leigumarkaði - félagsleg íbúð í eigu annarra	8	10%	6,6%	10%
Íbúð hjá Búseta	4	5%	4,7%	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>84</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	312			
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>402</b>			


Þegar þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með búsetumöguleika sem þeim höfðu verið boðnir kom fram að tæplega 70% voru mjög eða frekar ánægð með þá en rúmlega

20% voru frekar eða mjög óánægð (sjá töflu 16). Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim úr fyrri könnun og ekki tölfræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá mynd 9).

Alls 50 svarendur svöruðu því til að þeim hefði ekki verið boðnir búsetumöguleikar sem er svipaður fjöldi og árið 2011.

**Tafla 16. Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem þér hafa verið boðnir?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	109	40%	7,5%	40%
Frekar ánægð/ur	79	29%	6,3%	29%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	21	8%	3,3%	8%
Frekar óánægð/ur	31	11%	4,0%	11%
Mjög óánægð/ur	34	12%	4,2%	12%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>274</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	50			
Á ekki við	65			
Veit ekki	15			
Vil ekki svara	3			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 9. Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem þér hafa verið boðnir? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

## Daglegt líf

Mikill meirihluti svarenda var einhleypur, eða 79%, á meðan 17% voru í sambandi eða hjónabandi (sjá töflu 17). Þessi hlutföll voru svipuð í könnuninni 2011.

Tafla 17. Hver er hjúskaparstaða þín?

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Einhleyp/ur	319	79%	8,6%	79%
Í sambúð/hjónabandi	47	12%	3,3%	12%
Í sambandi en bý ekki með viðkomandi	20	5%	2,2%	5%
Fráskilin/n	13	3%	1,7%	3%
Ekkil/ekkja	5	1%	1,1%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>404</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	3			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



Mynd 10. Hver er hjúskaparstaða þín? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011


Tafla 18 sýnir að yfir 40% þátttakenda voru í vinnu á almennum vinnumarkaði, í vinnu á vernduðum vinnustað eða í starfshæfingu. Um 22% svarenda voru ekki í vinnu, skóla eða dagþjónustu. Þegar svörin voru greind eftir búsetu þátttakenda kom í ljós að tæplega þriðjungur (31%) svarenda í Reykjavík var ekki í vinnu, námi eða dagþjónustu samanborið við 18% svarenda á Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur og á landsbyggðinni (sjá töflu 16 í viðauka A). Þegar niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður 2011 kom í ljós að hlutfallslega fleiri voru í vinnu á almennum vinnumarkaði 2014 (22%) en árið 2011 (16%) (sjá mynd 11). Marktækur munur var á milli kannana á fjölda þjónustunotenda á landsbyggðinni sem ekki voru í vinnu, námi eða dagþjónustu. Hlutfall þjónustunotenda á landsbyggðinni sem ekki var í vinnu, námi eða dagþjónustu hefur lækkað, úr 28% árið 2011 í 15% árið 2014 ( $\chi^2(1)=10,634$ ,  $p<0,01$ ). Ekki var marktækur munur á hlutföllum í Reykjavík eða á Reykjanesi og nágrenni (sjá bakgrunnsgreiningu fyrir 2011 í töflu A.57 í skýrslunni Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Október 2011 - Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning).



Tafla 18. Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu?

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda*	Vikmörk +/-	
Í vinnu á almennum vinnumarkaði	90	22%	4,3%	22%
Í dagþjónustu/hæfingarstöð eða athvarfi	89	22%	4,3%	22%
Í vinnu á vernduðum vinnustað eða í starfshæfingu	86	21%	4,2%	21%
Í námi	56	14%	3,4%	14%
Stunda atvinnu með stuðningi	43	11%	3,0%	11%
Ekki í vinnu, skóla eða dagþjónstu	88	22%	4,3%	22%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>452</b>	<b>112%</b>		
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>456</b>			

\* Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.




Mynd 11. Ert þú í vinnu, námi eða dagþjónustu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Mikill meirihluti svarenda (88%) var mjög eða frekar ánægður í vinnunni. Þetta er svipað hlutfall og í könnuninni 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur milli kannana (sjá töflu 19 og mynd 12). Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að þjónustunotendur með þrjár skerðingar eða fleiri voru líklegri til að vera óánægðir í vinnunni (13%) en þjónustunotendur með tvær skerðingar (2%) og þjónustunotendur með eina skerðingu (0%) (sjá töflu 24 í viðauka A).

Tafla 19. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í vinnunni

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	115	56%	10,3%	56%
Frekar ánægð/ur	64	31%	7,7%	31%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	15	7%	3,7%	7%
Frekar óánægð/ur	7	3%	2,5%	3%
Mjög óánægð/ur	3	1%	1,7%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>204</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	197			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




Niðurstaða markettarprófs eftir sameiningu flokkanna mjög og frekar ánægð/ur, annars vegar, og frekar og mjög óánægð/ur, hins vegar:  
 $\chi^2(2)=0,320, p=0,852$

Mynd 12. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í vinnunni? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Fimmtíu og sex þátttakendur í könnuninni voru í námi og því má ætla að í þýðinu öllu séu yfir 300 þjónustunotendur í námi (á bilinu 238-391 miðað við 95% öryggismörk). Í töflu 20 má sjá að yfir 90% þeirra voru mjög eða frekar ánægðir í námi sínu. Svipað hlutfall mátti sjá árið 2011 og ekki tölfraðilega marktækur munur milli kannana (sjá mynd 13).

Tafla 20. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í náminu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	37	66%	21,2%	66%
Frekar ánægð/ur	14	25%	13,1%	25%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	4	7%	7,0%	7%
Frekar óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
Mjög óánægð/ur	1	2%	3,5%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>56</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	351			
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 13. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í náminu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Sjötíu og níu þátttakendur voru í dagvistun (á bilinu 354 og 530 í þýði miðað við 95% öryggismörk) og yfir 80% þeirra voru mjög eða frekar ánægðir í dagþjónustunni. Þetta er ámóta hlutfall og árið 2011 (á bilinu 374 og 538 í þýði miðað við 95% öryggismörk) (sjá töflu 21 og mynd 14).

**Tafla 21. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í dagþjónustunni/athvarfinu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	28	35%	13,1%	35%
Frekar ánægð/ur	37	47%	15,1%	47%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	9	11%	7,4%	11%
Frekar óánægð/ur	4	5%	5,0%	5%
Mjög óánægð/ur	1	1%	2,5%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>79</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	318			
Veit ekki	7			
Vil ekki svara	3			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



Niðurstaða marktektarprófs eftir sameiningu flokkanna mjög og frekar ánægð/ur, annars vegar, og hvorki ánægð/ur né óánægð/ur, frekar óánægð/ur og mjög óánægð/ur, hins vegar:  $\chi^2(1)=0,494$ ,  $p=0,482$


**Mynd 14. Hversu ánægð(ur) ert þú í dagþjónustunni/athvarfinu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Þátttakendur voru spurðir hvort það hafi komið fyrir, á síðastliðnu ári, að þeir hafi ekki átt ekki peninga fyrir mat. Alls höfðu 16% svarenda oft eða stundum ekki átt fyrir mat á síðasta ári (sjá töflu 22). Þetta er svipað hlutfall og árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur milli

kannana (sjá mynd 15). Til samanburðar má geta þess að í könnun WIN/Gallup International árið 2012 sögðu 5% svarenda það hafa komið fyrir stundum eða oft á síðastliðnu ári að fjölskyldan fékk ekki nóg að borða (<http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1055>).

Hlutfallslega fleiri konur (21%) en karlar (12%) sögðust oft eða stundum ekki hafa átt fyrir mat á síðasta ári. Um 31% þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á almennum markaði og um 22% einstaklinga í leiguhúsnæði á félagslegum markaði sögðust ekki hafa átt fyrir mat einhvern tíma á síðasta ári samanborið við 4-9% þeirra sem bjuggu á sambýli eða í foreldrahúsum. Þátttakendur sem ekki voru í vinnu, námi eða dagþjónustu voru líklegri til að hafa ekki átt peninga fyrir mat (31%) en þátttakendur sem voru í vinnu, námi eða dagþjónustu (12%). Einnig voru þátttakendur sem höfðu fyrst fengið þjónustu eftir yfirfærslu málaflokksins líklegri til að hafa ekki átt peninga fyrir mat (31%) en þátttakendur sem voru með þjónustu fyrir yfirfærsluna (12%) (sjá töflu 27 í viðauka A).


Tafla 22. Gerðist það oft, stundum, sjaldan eða aldrei að þú áttir ekki peninga fyrir mat?



Mynd 15. Gerðist það oft, stundum, sjaldan eða aldrei að þú áttir ekki peninga fyrir mat? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

## Félagsleg þátttaka og tómstundir

Aflað var upplýsinga um hvað helst hafi hindrað þátttöku fólks í félagslífi og tómstundum. Þátttakendur voru spurðir hvort eitthvað af eftirtöldu hafi hindrað þátttöku þeirra: vöntun á félagsskap, vöntun á akstri, vöntun á aðstoð, bágt aðgengi og fjárhagsástæður. Á mynd 16 má sjá að vöntun á félagsskap eða aðstoð voru algengustu hindranirnar.




### Mynd 16. Hindra eftirfarandi atriði oft eða stundum þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Þegar rýnt er í hverja spurningu fyrir sig má sjá að nærri 40% svarenda vantaði stundum eða oft félagsskap eða einhvern til að njóta félagslífsins eða tómstundastarfsins með (sjá töflu 23). Þetta hlutfall er örlítið hærra en árið 2011 (35%) en munur milli kannana er rétt ofan við marktektarmörk (sjá mynd 17). Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að meira en helmingur (56%) þeirra sem á heima í foreldrahúsum eða með ættingjum og um 42% þeirra sem eiga heima í íbúðakjarna eða íbúðasambýli sögðu að þá vantaði stundum eða oft félagsskap samanborið við 31 – 38% þeirra sem búa í annars konar húsnaði (sjá töflu 28 í viðauka A).

### Tafla 23. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagsskap?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Aldrei	194	49%	6,9%	49%
Sjaldan	44	11%	3,3%	11%
Stundum	74	19%	4,3%	19%
Oft	80	20%	4,5%	20%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>392</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	11			
Vil ekki svara	4			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 17. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagskap? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Vöntun á akstri hindraði oft eða stundum þátttöku um 15% þátttakenda (sjá töflu 24). Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að vöntun á akstri var líklegri til að hindra þátttöku íbúa íbúðakjarna eða íbúðasambýla (23%) og svarenda í leiguhúsnæði á félagslegum markaði (22%) en þeirra sem bjuggu í annars konar húnæði (6-14%) (sjá töflu 29 í viðauka A).

Á mynd 18 má sjá að hlutfallslega færri svarendur töldu vöntun á akstri hindra þátttöku sína oft eða stundum nú (15%) en árið 2011 (24%). Þegar svör voru greind eftir búsetu svarenda má sjá mun á milli kannana árið 2011 og 2014. Á Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur töldu 16% svarenda vöntun á akstri hindra þátttöku árið 2014, en árið 2011 var hlutfallið 30% ( $\chi^2(1)=4,416, p<0,05$ ) Ekki reyndist marktækur munur á svörum milli kannana í Reykjavík eða á landsbyggðinni (Sjá töflu 29 í viðauka A og töflu A.95 í skýrslunni Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Október 2011 - Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning).

**Tafla 24. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Aldrei	287	73%	8,4%	73%
Sjaldan	49	12%	3,5%	12%
Stundum	39	10%	3,1%	10%
Oft	20	5%	2,2%	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>395</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	10			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



**Mynd 18. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómsundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Í töflu 25 má sjá að þó nokkra svarendur vantaði aðstoð til að geta stundað tómsundastarf og tekið þátt í félagslífi. Heldur fleiri töldu slíkt hindra þátttöku sína árið 2014 (32%) en árið 2011 (23%) (sjá mynd 19).

Bakgrunnsgreining sýndi að þátttakendur með fleiri skerðingar voru líklegri til að telja ónóga aðstoð hindra þátttöku sína en þátttakendur með færri skerðingar. Um 40% svarenda með þrjár skerðingar eða fleiri og 32% þeirra sem voru með tvær skerðingar lýstu því að ónóg aðstoð hindraði þátttöku þeirra samanborið við 23% einstaklinga með eina skerðingu. Jafnframt kom í ljós að ónóg aðstoð hindraði þátttöku yfir 40% svarenda sem búa í foreldrahúsum eða með ættingjum og 40% þeirra sem búa á herbergjasambýli. Um 37% einstaklinga sem búa í íbúðakjarna eða íbúðasambýli lýsa því að vöntun á aðstoð hindri oft eða stundum þátttöku þeirra í tómsundastarfi eða félagslífi, sem er aukning frá síðustu könnun þegar 16% einstaklinga í íbúðakjarna og íbúðasambýli svöruðu því til ( $\chi^2(1)=5,717, p<0,05$ ) (sjá töflu 30 í viðauka A og töflu A.97 í skýrslunni Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Október 2011 - Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning). Þegar svör voru skoðuð eftir búsetu mátti sjá að þátttakendur á landsbyggðinni voru síst líklegir til að segja vöntun á aðstoð hindra þátttöku sína eða um 23% þeirra samanborið við 36% þátttakenda í Reykjavík og um 40% á Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur. Þegar svarendur á Reykjanesi voru sérstaklega skoðaðir koma fram að svarendur frá Kópavogi (28%) voru ólíklegri en svarendur annarra þjónustusvæða á Reykjanesi eða nágrenni Reykjavíkur til að vanta aðstoð.



**Tafla 25. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar aðstoð?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Aldrei	214	55%	7,4%	55%
Sjaldan	49	13%	3,5%	13%
Stundum	71	18%	4,3%	18%
Oft	53	14%	3,7%	14%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>387</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	14			
Vil ekki svara	6			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikarnir oft og sjaldan annars vegar og sjaldan og aldrei hins vegar hafa verið sameinaðir:  
 $\chi^2(1)=7,737, p<0,01^{**}$

**Mynd 19. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar aðstoð? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Spurt var hvort bágt aðgengi hindri oft, stundum eða aldrei þátttöku þjónustunotenda. Um 15% svarenda lýstu því að aðgengi hindraði þátttöku þeirra oft eða stundum. Hlutfallið er svipað og árið 2011 (sjá töflu 26 og mynd 20).

**Tafla 26. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tómstundastarfi eða félagslífi: Aðgengi ábótavant?**


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Aldrei	294	75%	8,5%	75%
Sjaldan	39	10%	3,1%	10%
Stundum	33	8%	2,9%	8%
Oft	28	7%	2,6%	7%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>394</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	11			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



**Mynd 20.** Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tólmundastarfi eða félagslífi: Aðgengi ábótavant? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Um 28% svarenda sögðu fjárhagsaðstæður oft eða stundum hindra þátttöku þeirra í tólmundastarfi eða félagslífi sem er svipað og árið 2011 (24%) og ekki tölræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá töflu 27 og mynd 21). Fjárhagsástæður voru líklegri til að setja strik í reikning þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á almennum eða félagslegum markaði (35-40%) en þeirra sem bjuggu á sambýli eða í foreldrahúsum (16-26%). Þátttakendur sem voru ekki í vinnu, námi eða dagþjónustu voru líklegri til að upplifa fjárhagslegar hindranir (40%) en þátttakendur sem voru í vinnu, námi eða dagþjónustu (25%) (sjá töflu 32 í viðauka A).

**Tafla 27:** Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tólmundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsaðstæður?




**Mynd 21.** Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku þína í tólmundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsaðstæður? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

## Samráð og upplýsingar

Þátttakendur voru spurðir hvort gerð hafi verið einstaklingsbundin áætlun um þjónustuna sem þeir nota. Um 47% svarenda sögðu að einstaklingsbundin áætlun hafi verið gerð, sem er svipað hlutfall og árið 2011 (44%) og ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá töflu 28 og mynd 22). Mun líklegra var að þeir sem bjuggu í íbúðakjarna-/sambýli (85%) eða herbergjasambýli (77%) hafi fengið slíka áætlun en þeir sem bjuggu við annars konar búsetufyrirkomulag (20-37%). Einnig var algengara að einstaklingsáætlun hafi verið gerð fyrir þjónustunotendur sem fyrst fengu þjónustu árið 2010 eða fyrr en fyrir þá sem fengu þjónustu 2011 eða síðar (sjá töflu 33 í viðauka A). Þegar svörin voru greind eftir þjónustusvæðum var hlutfall þjónustunotenda í Hafnarfirði hæst, en um 67% svarenda þar voru með einstaklingsbundna áætlun. Af sveitarfélögum á landsbyggðinni skera Vesturland (17%) og Suðurland (29%) sig úr, en hlutfall svarenda þaðan sem eru með einstaklingsbundna áætlun er lægra en annars staðar á landsbyggðinni.

**Tafla 28. Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	161	47%	7,3%	47%
Nei	180	53%	7,7%	53%
Fjöldi svara	341	100%		
Veit ekki	58			
Vil ekki svara	8			
Alls	407			




**Mynd 22. Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Þátttakendur voru því næst spurðir hvort áætlunin hafi verið unnin í samráði við þá. Í 78% tilfella hafði áætlunin verið unnin í samráði við þjónustunotandann. Þetta er svipað hlutfall og árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá töflu 29 og mynd 23). Þátttakendur sem bjuggu á herbergjasambýli voru ólíklegastir til að vera með áætlanir sem unnar höfðu verið í samráði við þá (55%). Þeir sem voru með þrjár eða fleiri greiningar voru jafnframt ólíklegri (71%)

en þeir sem voru með eina eða tvær greiningar (82-84%) til að vera með í ráðum um þjónustuáætlun sína (sjá töflu 34 í viðauka A).

**Tafla 29. Er áætlunin unnin í samráði við þig?**



**Mynd 23. Er áætlunin unnin í samráði við þig? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Spurt var hversu ánægðir eða óánægðir þátttakendur væru með upplýsingar sem þeir höfðu fengið um þjónustu sem þeir ættu rétt á hjá sveitarfélaginu. Í töflu 30 má sjá að tæplega helmingur (47%) svarenda var mjög eða frekar ánægður með upplýsingarnar en um þriðjungur (33%) var mjög eða frekar óánægður með upplýsingarnar.

**Tafla 30. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með upplýsingar sem þú hefur fengið um þjónustu sem þú átt rétt á hjá sveitarfélaginu?**


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	48	19%	5,3%	19%
Frekar ánægð/ur	71	28%	6,4%	28%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	53	21%	5,5%	21%
Frekar óánægð/ur	39	15%	4,7%	15%
Mjög óánægð/ur	47	18%	5,2%	18%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>258</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	47			
Á ekki við	60			
Veit ekki	35			
Vil ekki svara	7			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með fræðslu sem þeir höfðu fengið um réttindi fatlaðs fólks. Ríflega helmingur svarenda var ánægður með fræðsluna og um 26% voru mjög eða frekar óánægð (sjá töflu 31). Alls 89 þátttakendur svöruðu því til að slík fræðsla hefði ekki staðið þeim til boða. Niðurstöðurnar voru svipaðar árið 2011 og ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá mynd 24).

Svarendur fyrrum tilraunasveitarfélaga (60%) voru líklegri til að vera ánægðir með fræðsluna en svarendur annarra sveitarfélaga (49%) og svarendur sem fengu fyrst þjónustu eftir yfirfærslu (73%) voru líklegri til að vera ánægðir en þeir sem fengu fyrst þjónustu fyrir yfirfærslu (48%) (sjá töflu 36 í viðauka A).

**Tafla 31. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fræðslu sem þú hefur fengið um réttindi fatlaðs fólks?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	50	25%	6,9%	25%
Frekar ánægð/ur	53	26%	7,1%	26%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	44	22%	6,5%	22%
Frekar óánægð/ur	31	15%	5,4%	15%
Mjög óánægð/ur	23	11%	4,7%	11%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>201</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	89			
Á ekki við	66			
Veit ekki	45			
Vil ekki svara	6			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



**Mynd 24. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fræðslu sem þú hefur fengið um réttindi fatlaðs fólks? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Þátttakendur voru spurðir hver tæki ákvarðanir um eftirfarandi þætti: Hvar þeir búa, með hverjum þeir búa, val á aðstoðarmönnum, hvað þeir borða, hvaða fötum þeir klæðast, hvenær þeir fara að sofa, hvað þeir gera um helgar, með hverjum þeir eru um helgar, hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þeir sækja og í hvað þeir verja peningum sínum. Uppgefnir svarmöguleikar voru: Ég

sjálf(ur), ég í samráði við aðra og aðrir en ég. Tafla 32 sýnir að 70% svarenda hafa annaðhvort ákveðið sjálfir eða verið með í ráðum við ákvörðun um hvar þeir búa. Ekki var marktækur munur á hlutfalli nú og árið 2011 (sjá mynd 25).

Hlutfall þeirra sem var með í ráðum varðandi búsetu var lægst (37%) meðal þeirra sem bjuggu á herbergjasambýli en hæst (92%) meðal þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Hlutfallið lækkaði eftir því sem skerðingum fjölgaði en aðeins 58% fólks með þrjár eða fleiri skerðingar tók sjálf ákvörðun eða komu að ákvörðun um hvar þau bjuggu samanborið við 73% svarenda með tvær skerðingar og 79% með eina skerðingu. Jafnframt kom í ljós að þátttakendur á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur voru ólíklegri til að hafa tekið þátt í að ákveða eigin búsetu (57%) en svarendur í Reykjavík (71%) og á landsbyggðinni (76%) (sjá töflu 37 í viðauka A). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hlutfall þeirra sem var með í ráðum um búsetu var einna lægst í Hafnarfirði (39%). Það getur skýrst að einhverju leyti af þeim mikla fjölda þátttakenda í Hafnarfirði sem býr á herbergjasambýlum.

**Tafla 32. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvar þú býrð?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Ég sjálf/ur	170	45%	6,7%	45%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	95	25%	5,0%	25%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	117	31%	5,5%	31%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>382</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	19			
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 25. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvar þú býrð? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Rúmur helmingur svarenda (52%) ákvað sjálfur með hverjum hann bjó og 12% réð því í samráði við aðra (sjá töflu 33). Þetta er hærra hlutfall en árið 2011, þá tóku 43% svarenda sjálf slíka ákvörðun og 12% í samráði við aðra (sjá mynd 26). Um 14% þjónustunotenda á herbergjasambýlum tók þátt í ákvarðanatöku um með hverjum þau bjuggu samanborið við 84-

95% þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði og leiguhúsnæði, 56% svarenda í foreldahúsum og 46% þeirra sem bjuggu í íbúðakjarna eða íbúðasambýli. Svarendur sem búa á Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur voru ólíklegri til að hafa tekið þátt í að ákvörðunum um með hverjum þeir búa (46%) en svarendur í Reykjavík (65%) og á landsbyggðinni (75%) (sjá töflu 38 í viðauka A). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hlutfall svarenda sem tók þátt í ákvarðanatöku um það með hverjum þeir bjuggu var lægst í Hafnarfirði (31%). Eins og fyrr getur skýrst að einhverju leyti af þeim mikla fjölda þátttakenda í Hafnarfirði sem býr á herbergjasambýlum

**Tafla 33. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú býrð?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	186	52%	7,4%	52%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	45	12%	3,6%	12%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	130	36%	6,2%	36%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>361</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	34			
Veit ekki	11			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 26. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú býrð? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Tafla 34 sýnir að tæplega helmingur eða um 45% svarenda tók sjálfur, eða í samráði við aðra, ákvarðanir um val á aðstoðarmönnum. Þetta er talsvert hærra hlutfall en í síðustu könnun þar sem um 32% svarenda tóku sjálf ákvörðun um val á aðstoðarmönnum eða í samráði við aðra (sjá mynd 27). Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að hlutfall þeirra sem tóku sjálfir, eða í samráði við aðra, ákvörðun um val á aðstoðarfólki var lægst meðal þeirra sem bjuggu á herbergjasambýli (23%) og í íbúðakjarna eða íbúðasambýli (31%) (sjá töflu 39 í viðauka A).

Tafla 34. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Val á aðstoðarmönnum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	86	26%	5,5%	26%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	62	19%	4,6%	19%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	184	55%	8,0%	55%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>332</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	55			
Veit ekki	19			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




Mynd 27. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Val á aðstoðarmönnum? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Um 13% svarenda tóku ekki þátt í ákvarðanatöku um það hvað þau borða (sjá töflu 35). Þetta er svipað hlutfall og árið 2011 og ekki er tölfræðilega marktækur munur á svörum á milli kannana (sjá mynd 28). Þegar svör þátttakenda voru greind eftir bakgrunni kom í ljós að fjórðungur þátttakenda á herbergjasambýlum tók ekki ákvörðun um hvað þeir borðuðu samanborið við 14-16% þeirra sem bjuggu í íbúðakjarna eða íbúðasambýli eða hjá foreldrum og 5-8% þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði (sjá töflu 40 í viðauka A).

Tafla 35. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú borðar?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	243	61%	7,7%	61%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	103	26%	5,0%	26%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	50	13%	3,5%	13%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>396</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	7			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			






**Mynd 28. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú borðar? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Um 10% svarenda réðu því ekki hvaða fötum þeir klæðast sem er sama hlutfall og árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á svörum (sjá töflu 36 og mynd 29). Þegar spurningin var skoðuð eftir bakgrunni kom í ljós að íbúar á herbergjasambýlum voru líklegri til að taka ekki þátt í ákvörðunum um fataval (32%) en þjónustunotendur sem búa í annars konar húsnæði, 4-11% (sjá töflu 41 í viðauka A). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hlutfall þeirra sem tók þátt í ákvörðunum um fataval var lægst í Hafnarfirði (67%).

**Tafla 36. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða fötum þú klæðist?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	305	76%	8,5%	76%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	56	14%	3,6%	14%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	41	10%	3,1%	10%
Fjöldi svara	402	100%		
Á ekki við	4			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
Alls	407			




**Mynd 29. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða fötum þú klæðist? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Alls sögðust 7% svarenda ekki ráða því hvenær þeir færu að sofa á kvöldin (sjá töflu 37), sem er sama hlutfall og árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá mynd 30).

Tafla 37. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvenær þú ferð að sofa?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	326	81%	8,8%	81%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	47	12%	3,3%	12%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	29	7%	2,6%	7%
Fjöldi svara	402	100%		
Á ekki við	4			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
Alls	407			




Mynd 30. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvenær þú ferð að sofa? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Tæplega 70% svarenda í könnuninni réðu því sjálf hvað þau gera um helgar og eftir vinnu eða skóla sem er á móta hlutfall og árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá töflu 38 og mynd 31).

Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að svarendur af Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur (82%) voru ólíklegri til að taka þátt í ákvörðunum um hvað þeir gerðu um helgar og eftir vinnu og skóla en svarendur af landsbyggðinni (92%) og úr Reykjavík (91%) (sjá töflu 43 í viðauka A). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hlutfall þeirra sem var með í ráðum í slíkri ákvarðanatöku var lægst í Hafnarfirði (70%).

Tafla 38. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú gerir um helgar og eftir vinnu eða skóla?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	273	69%	8,1%	69%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	80	20%	4,4%	20%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	43	11%	3,2%	11%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>396</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	7			
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




Mynd 31. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú gerir um helgar og eftir vinnu? Samanburður á svörum árið 2014 og 2011

Um 70% svarenda í könnuninni réðu því sjálf með hverjum þau voru um helgar og eftir vinnu eða skóla og um 17% tóku slíkar ákvarðanir í samráði við aðra (sjá töflu 39). Eins og sést á mynd 32 eru þetta svipuð hlutföll og árið 2011 og ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli kannana. Þátttakendur á Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur voru ólíklegri til að taka slíkar ákvarðanir sjálfir eða í samráði við aðra (76%) en þátttakendur í Reykjavík (89%) og af landsbyggðinni (91%) (sjá töflu 44 í viðauka A). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hlutfall þeirra sem var með í ráðum í ákvörðunum um hvað þeir gerðu um helgar og eftir vinnu var lægst í Hafnarfirði (57%).

**Tafla 39. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú ert um helgar og eftir vinnu eða skóla?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	274	70%	8,2%	70%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	66	17%	4,1%	17%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	52	13%	3,6%	13%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>392</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	10			
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 32. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Með hverjum þú ert um helgar og eftir vinnu eða skóla? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Um 44% svarenda réðu sjálfir hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þeir sóttu samanborið við 56% svarenda árið 2011 (sjá töflu 40 og mynd 33). Hlutfall þeirra sem tóku sjálfir ákvörðun um hvaða vinnu, nám eða dagþjónustu þeir stunda var lægst meðal svarenda á herbergjasambýlum (15%) en var á bilinu 31-75% meðal svarenda í annars konar húsnæði. Jafnframt kom í ljós að þátttakendur sem fengu fyrst þjónustu 2010 eða fyrr voru ólíklegri til að ákveða sjálfir eða í samráði við aðra hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þeir sækja (68%) en þátttakendur sem fengu fyrst þjónustu eftir 1. janúar 2011 (90%) (sjá töflu 45 í viðauka).

**Tafla 40. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þú sækir?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	136	44%	7,5%	44%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	85	28%	5,9%	28%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	85	28%	5,9%	28%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>306</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	94			
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 33. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvaða vinnu, dagþjónustu eða nám þú sækir? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Rúmur helmingur svarenda (53%) tók sjálfur ákvörðun um í hvað hann varði peningum sínum árið 2014 samanborið við 56% svarenda árið 2011. Tæplega þriðjungur svarenda (31%) tók ákvarðanir í samráði við aðra árið 2014 samanborið við 24% árið 2011 (sjá töflu 41 og mynd 34). Þegar svör voru greind eftir bakgrunni kom í ljós að þátttakendur á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur voru ólíklegri til að taka slíkar ákvarðanir sjálfir eða í samráði við aðra (75%) en þátttakendur í Reykjavík (90%) og á landsbyggðinni (86%) (sjá töflu 46 í viðauka A). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hlutfall þeirra sem tók þátt í ákvörðunum um hvað þeir verðu peningunum sínum í var lægst í Hafnarfirði (67%).

**Tafla 41. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú verð peningunum þínum í?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ég sjálf/ur	213	53%	7,1%	53%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	126	31%	5,5%	31%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur)	62	15%	3,8%	15%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>401</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	4			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 34. Hver tekur eða tók ákvörðun um eftirfarandi þætti: Hvað þú verð peningunum þínum í? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

## Mat á þjónustu

Þátttakendur voru spurðir um þjónustuna sem þeir nota og hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með hana. Um 6% svarenda fóru reglulega í skammtímvistun. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á fjölda milli kannana (sjá töflu 42 og mynd 35). Enginn var óánægður með dvöl sína í skammtímvistuninni (sjá töflu 43).

**Tafla 42. Ferð þú reglulega í skammtímvistun?**


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	26	6%	2,5%	6%
Nei	379	93%	9,4%	93%
Fjöldi svara	405	100%		
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
Alls	407			



**Mynd 35. Ferð þú reglulega í skammtímvistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

**Tafla 43. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvöl þína á skammtímvistun?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	14	56%	29,3%	56%
Frekar ánægð/ur	8	32%	22,1%	32%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	3	12%	13,6%	12%
Frekar óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
Mjög óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
Fjöldi svara	25	100%		
Á ekki við	381			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
Alls	407			




**Mynd 36. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvöl þína í skammtíavistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Um 28% svarenda voru með félagslega liðveislu árið 2014. Árið 2011 voru 23% svarenda með félagslega liðveislu en munur á milli kannana er ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 44 og mynd 37). Langflestir eða, tæplega 90% þeirra, voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna (sjá töflu 45).

**Tafla 44. Ert þú með félagslega liðveislu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	114	28%	5,2%	28%
Nei	289	72%	8,2%	72%
Fjöldi svara	403	100%		
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	0			
Alls	407			



**Mynd 37. Ert þú með félagslega liðveislu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Tafla 45. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með félagslega liðveislu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	70	63%	14,6%	63%
Frekar ánægð/ur	29	26%	9,4%	26%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	6	5%	4,3%	5%
Frekar óánægð/ur	5	4%	3,9%	4%
Mjög óánægð/ur	2	2%	2,5%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>112</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	293			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

Talsvert lægra hlutfall svarenda (19%) var með frekari liðveislu árið 2014 en árið 2011 (33%) (sjá töflu 46 og mynd 38). Um 80% svarenda sögðust vera mjög eða frekar ánægð með þjónustuna (sjá töflu 47). Áætlaður heildarfjöldi þjónustunotenda með frekari liðveislu hefur farið úr 707 notendum (á bilinu 610 til 804 miðað við 95% öryggismörk) í 433 (á bilinu 346 til 520 miðað við 95% öryggismörk) frá árinu 2011 til 2014 .

Tafla 46. Ert þú með frekari liðveislu?





	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	76	19%	4,2%	19%
Nei	328	81%	8,7%	81%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>404</b>	<b>99%</b>		
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



Mynd 38. Ert þú með frekari liðveislu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011





**Tafla 47. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með frekari liðveislu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	40	58%	17,9%	 58%
Frekar ánægð/ur	15	22%	11,0%	 22%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	11	16%	9,4%	 16%
Frekar óánægð/ur	3	4%	4,9%	 4%
Mjög óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>69</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	331			
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			






Eins og sést í töflu 48 voru aðeins 4 þátttakendur í lengdri viðveru.


**Tafla 48. Ert þú í lengdri viðveru?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	4	7%	7,1%	 7%
Nei	51	91%	25,1%	 91%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>55</b>	<b>98%</b>		
Á ekki við	351			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

Af þeim sem fengu iðju-, sjúkra- tal- og aðra þjálfun voru 70% mjög eða frekar ánægð með þjálfunina en 16% svarenda mjög eða frekar óánægð (sjá töflu 49). Hlutfallslega fleiri svarendur voru óánægðir með þjálfunina árið 2014 (16%) en 2011 (8%) (sjá mynd 39).

**Tafla 49. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	105	44%	8,3%	 44%
Frekar ánægð/ur	73	30%	6,9%	 30%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	24	10%	4,0%	 10%
Frekar óánægð/ur	20	8%	3,6%	 8%
Mjög óánægð/ur	19	8%	3,5%	 8%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>241</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	32			
Á ekki við	117			
Veit ekki	12			
Vil ekki svara	5			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




**Mynd 39.** Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með iðjupjálfun, sjúkráþjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Þegar spurt var um læknisþjónustu voru 74% svarenda mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna en 13% svarenda mjög eða frekar óánægðir (sjá töflu 50). Hlutfallslega fleiri svarendur voru óánægðir með læknisþjónustu árið 2014 en árið 2011 þegar 7% svarenda voru mjög eða frekar óánægðir með þjónustuna (sjá mynd 40).

**Tafla 50.** Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með læknisþjónustu sem þú hefur fengið?


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	145	40%	6,5%	40%
Frekar ánægð/ur	123	34%	6,0%	34%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	45	12%	3,6%	12%
Frekar óánægð/ur	18	5%	2,3%	5%
Mjög óánægð/ur	30	8%	3,0%	8%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>361</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	3			
Á ekki við	19			
Veit ekki	21			
Vil ekki svara	3			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



**Mynd 40. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með lækniþjónustu sem þú hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Um helmingur svarenda hafði fengið fullorðinsfræðslu. Svarendur voru í flestum tilfellum mjög eða frekar ánægðir með fræðsluna og aðeins 8% voru óánægð (sjá töflu 51). Svipaðar niðurstöður komu fram árið 2011 og ekki var marktækur munur á milli kannana (sjá mynd 41).

**Tafla 51. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fullorðinsfræðslu sem þú hefur fengið?**



**Mynd 41. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fullorðinsfræðslu sem þú hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Alls voru 13 svarendur með notendastýrða persónulega aðstoð. Helmingur þeirra sem ekki er með notendastýrða persónulega aðstoð sagðist hafa áhuga á að fá slíka þjónustu ef hún væri í boði (sjá töflu 52).

Þegar svörin eru skoðuð eftir bakgrunni má sjá að mun fleiri svarendur (52%) frá sveitarfélögum sem ekki eru fyrrum tilraunasveitarfélög höfðu áhuga á að fá NPA en svarendur sem búa í fyrrum tilraunasveitarfélögum (39%) (sjá töflu 55 í viðauka A).

**Tafla 52. Myndir þú hafa áhuga á að fá notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) ef hún væri í boði?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	145	50%	8,1%	50%
Nei	146	50%	8,1%	50%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>291</b>	<b>100%</b>		
Er með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)	13			
Veit ekki	78			
Vil ekki svara	25			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			


Þátttakendur voru spurðir hvort þeir fengju þá aðstoð sem þeir þyrftu frá starfsfólki, inni á heimilinu, í skólanum, í vinnunni, í dagþjónustunni, við að komast á milli staða, við ferðalög innanlands og erlendis, við þjálfun og við skipulag daglegs lífs.

Meirihluti svarenda, eða um 70%, sagðist fá þá aðstoð frá starfsfólki sem hann þyrfti (sjá töflu 53) sem er lægra hlutfall en árið 2011 (83%). Fleiri þurfa meiri aðstoð nú en í könnuninni 2011 eða 29% samanborið við 16% (mynd 42).

Þegar svörin voru skoðuð eftir bakgrunni kom í ljós að tæplega helmingur svarenda sem býr í foreldrahúsum (48%) þurfti meiri þjónustu og 35-40% svarenda í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Hið sama átti við um 17-18% þeirra sem búa á herbergjasambýli eða íbúðasambýli (sjá töflu 56 í viðauka A).

**Tafla 53. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft á heimilinu frá starfsfólki?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en ég fæ	30	12%	4,2%	12%
Þarf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	44	17%	5,1%	17%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	178	70%	10,2%	70%
Fæ of mikla aðstoð	3	1%	1,3%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>255</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	115			
Á ekki við	30			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikinn fæ of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(2)=13,966$ ,  $p<0,01^{**}$

#### Mynd 42. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft á heimilinu frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Af þeim sem svöruðu könnuninni reyndust 30 þurfa aðstoð í skólanum. Af þeim voru 90% sem sögðust fá þá aðstoð sem þeir þyrftu en 10% sögðust þurfa aðeins meiri aðstoð (sjá töflu 54).

#### Tafla 54. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í skólanum frá starfsfólki?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Parf mun meiri aðstoð en ég fæ	0	0%	0,0%	0%
Parf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	3	10%	11,3%	10%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	27	90%	33,8%	90%
Fæ of mikla aðstoð	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>30</b>	<b>100%</b>		
Parf ekki aðstoð frá starfsfólki	19			
Á ekki við	354			
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

Það voru 87 svarendur sem sögðust þurfa aðstoð frá starfsfólki í vinnunni. Af þeim sögðust 87% fá þá aðstoð sem þeir þyrftu (sjá töflu 55).


#### Tafla 55. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í vinnunni frá starfsfólki?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Parf mun meiri aðstoð en ég fæ	2	2%	3,2%	2%
Parf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	9	10%	6,8%	10%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	76	87%	19,6%	87%
Fæ of mikla aðstoð	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>87</b>	<b>100%</b>		
Parf ekki aðstoð frá starfsfólki	103			
Á ekki við	207			
Veit ekki	9			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

Mikill meirihluti þeirra sem var í dagþjónustu, sagðist fá fullnægjandi aðstoð, eða 88% sem er álíka hátt hlutfall og niðurstöður árið 2011 leiddu í ljós (sjá töflu 56 og mynd 43).

Tafla 56. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í dagþjónustunni eða athvarfinu frá starfsfólki?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en ég fæ	4	6%	5,4%	6%
Þarf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	5	7%	6,1%	7%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	63	88%	21,5%	88%
Fæ of mikla aðstoð	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>72</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	10			
Á ekki við	319			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikarnir þarf mun meiri aðstoð og þarf aðeins meiri aðstoð hafa verið sameinaðir og svarmöguleikinn fæ of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(1)=0,911$   $p=0,340$


Mynd 43. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft í dagþjónustunni eða athvarfinu frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir fengju nægilega aðstoð við að komast á milli staða og töldu 75% sig fá þá aðstoð sem þau þyrftu og 23% töldu sig þurfa mun meiri eða aðeins meiri aðstoð (sjá töflu 57). Í könnunin 2011 voru það hlutfallslega fleiri sem töldu sig fá þá aðstoð sem þeir þyrftu eða 87% svarenda (sjá mynd 44).

Þegar svör voru greind eftir bakgrunni svarenda kom í ljós munur á svörum eftir því hvort fólk var í vinnu, námi og/eða dagþjónustu eða ekki. Tæplega 40% þeirra sem ekki voru í vinnu námi og/eða dagþjónustu töldu sig þurfa meiri aðstoð við að komast á milli staða en aðeins 18% þeirra sem ekki voru í vinnu, námi og/eða dagþjónustu (sjá töflu 59 í viðauka A).

Tafla 57. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við að komast á milli staða?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en ég fæ	20	10%	4,3%	10%
Þarf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	27	13%	5,0%	13%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	154	75%	11,9%	75%
Fæ of mikla aðstoð	3	1%	1,7%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>204</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	176			
Á ekki við	21			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			




Niðurstæða marktektarprófs eftir að svarmöguleikarnir þarf mun meiri aðstoð og þarf aðeins meiri aðstoð hafa verið sameinaðir og svarmöguleikinn fæ of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(1)=10,703$ ,  $p<0,01^{**}$

Mynd 44. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við að komast á milli staða? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Um tveir þriðju svarenda fengu þá aðstoð sem þeir töldu sig þurfa frá starfsfólki við ferðalög innanlands og utan sem er talsvert lægra hlutfall en í könnuninni 2011 þar sem 76% sögðust fá næga aðstoð (sjá töflu 58 og mynd 45). Hlutfallslega fleiri, eða um 33% svarenda sögðust þurfa aðeins eða mun meiri aðstoð nú en í könnuninni 2011 þar sem hlutfallið var 24%.

Tafla 58. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við ferðalög innanlands og erlendis?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en ég fæ	35	19%	6,1%	19%
Þarf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	27	14%	5,4%	14%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	126	67%	11,6%	67%
Fæ of mikla aðstoð	1	1%	1,0%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>189</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	144			
Á ekki við	51			
Veit ekki	22			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			



Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikinn fæ of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(2)=6,409$   $p<0,05^*$


**Mynd 45. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við ferðalög? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Rúmlega 30% svarenda sögðu sig vanta meiri þjálfun, svo sem iðjuþjálfun eða sjúkraþjálfun (sjá töflu 59). Ekki er marktækur munur á svörum nú og 2011 (sjá mynd 46).

**Tafla 59. Færð þú þá aðstoð frá starfsfólki sem þú þarft við þjálfun, svo sem iðjuþjálfun eða sjúkraþjálfun?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en ég fæ	28	17%	6,4%	17%
Þarf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	22	14%	5,7%	14%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	110	68%	12,6%	68%
Fæ of mikla aðstoð	2	1%	1,7%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>162</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	149			
Á ekki við	67			
Veit ekki	27			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			






**Mynd 46. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við þjálfun, svo sem iðjubjálfun eða sjúkrapjálfun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Marktækt fleiri, eða 39% svarenda, kváðust ekki fá þá aðstoð sem þeir þyrftu við skipulag daglegs lífs, til að mynda með sjónrænu skipulagi<sup>2</sup>, nú en árið 2011 (23%) (sjá töflu 60 og mynd 47).

**Tafla 60. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við skipulag daglegs lífs með þeim aðferðum sem þú þarft?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en ég fæ	30	21%	7,6%	21%
Þarf aðeins meiri aðstoð en ég fæ	25	18%	6,9%	18%
Fæ þá aðstoð sem ég þarf	85	60%	12,8%	60%
Fæ of mikla aðstoð	1	1%	1,4%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>141</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	185			
Á ekki við	60			
Veit ekki	17			
Vil ekki svara	4			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

<sup>2</sup> Sjónrænt skipulag felur oftast í sér nokkurs konar stundatöflu þar sem myndir eru notaðar til að afmarka þær athafnir sem einkenna daginn. Þannig getur fólk með tjáskiptaerfiðleika betur áttað sig á gangi dagsins og skipulagi hans.



Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikinn fæ of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(2)=9,682$ ,  $p<0,01^{**}$

**Mynd 47. Færð þú þá aðstoð sem þú þarft frá starfsfólki við skipulag daglegs lífs með þeim aðferðum sem þú þarft? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

## Yfirfærsla

Þátttakendur, sem fyrst fengu þjónustu árið 2010 eða fyrr, voru spurðir hvort þeim myndist þjónustan betri eða verri nú en áður en hún var flutt yfir til sveitarfélaga. Yfir helmingi svarenda fannst þjónustan ekki hafa breyst en 24% töldu hana betri og 24% töldu hana vera verri (sjá töflu 61).

Þegar spurningin var greind eftir bakgrunni kom í ljós að um 6% svarenda fyrrum tilraunasveitarfélaga töldu þjónustuna vera verri nú samanborið við 29% svarenda annarra sveitarfélaga (sjá töflu 63 í viðauka A).

**Tafla 61. Finnst þér þjónusta við fatlað fólk vera betri eða verri nú heldur en áður en hún var flutt til sveitarfélaga?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Þjónustan er betri nú en áður	59	24%	6,1%	24%
Þjónustan er hvorki betri né verri eftir að hún fluttist	129	52%	9,0%	52%
Þjónustan er verri nú en áður	59	24%	6,1%	24%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>247</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	85			
Veit ekki	69			
Vil ekki svara	6			
<b>Alls</b>	<b>407</b>			

Fólk sem svaraði því að þjónustan væri betri eða verri var jafnframt beðið um að nefna af hverju. Alls svöruðu 52 einstaklingar því hvernig þjónustan hefði batnað og 56 einstaklingar hvernig hún hefði versnað. Vert er að benda á að margir svarendur nefndu fleiri en eitt atriði og því endurspeglar fjöldatölur í töflum ekki fjölda þeirra sem svöruðu spurningunni heldur fjölda þeirra sem nefndu atriði sem féll í tiltekinn flokk.

Þó nokkrir svarendur töldu þjónustuna betri nú þar sem boðleiðir hefðu styst, nokkrir bentu á að með því móti hefði aðgengi að þjónustunni batnað. Sumum fannst þjónustan hafa orðið einstaklingsmiðaðri og að samráð við þjónustunotendur hafi aukist eftir yfirfærsluna. Nokkrir töldu þjónustuna hafa aukist eftir yfirfærsluna. Síðasti flokkurinn í töflunni vísar til þess þegar svarendur lýstu því að þjónustan hefði batnað en jafnframt að ástæðan hafi verið breytingar aðrar en þær sem tengdust yfirfærslunni, svo sem flutningur þjónustunotenda á ný þjónustusvæði eða sveitarfélög eða breytt þjónustuform (sjá töflu 62).

**Tafla 62. Að hvaða leyti er þjónustan betri?**

Flokkar	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Styttir boðleiðir	14	„Núna er miklu auðveldara að hafa samband við þjónustuaðila og ég get farið sjálf og rætt við þann sem á að sinna mínum málum, sem oftast hefur gengið eftir“.
Þjónustan einstaklingsmiðaðri/ meira samráð	12	„Mér finnst ég vita meira, það er meira samráð“.
Aukin þjónusta	13	„Maður fær meiri þjónustu, það er gert meira fyrir mann“.
Þjónustan hefur breyst til betri vega að öðru leyti	14	„Hlutirnir eru skilvirkari og allir sitja við sama borð“.

Nokkrir svarendur töldu þjónustuna hafa versnað eftir yfirfærslu. Ástæðurnar sem svarendur gáfu upp hafa verið flokkaðar og má sjá í töflu 63. Þó nokkrir töldu þjónustuna hafa minnkað. Sumir töldu þjónustuna hafa orðið flóknari og að þar með hafi aðgengi að þjónustunni versnað. Nokkrir nefndu aðrar ástæður fyrir því að þeir teldu þjónustuna verri nú en fyrir yfirfærslu, svo sem vanþekkingu á málaflokknum innan sveitarfélagsins/bæjarfélagsins.

**Tafla 63. Að hvaða leyti er þjónustan verri?**

Flokkur	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Þjónustan hefur minnkað	25	„Fyrir hennar fötlun er ekki þjónusta í boði og viðmót bæjarins gagnvart málaflokkinum fær felleinkunn“.
Kerfið er orðið flóknara	22	„Mér fannst auðveldara að sækja um þjónustu af ríkinu. Öll þjónusta sem ég sækí þarf líka að fara í gegnum hreppsnefnd, sem er ekki með fagleg sjónarmið. Við höfum orðið fyrirvönbrigðum með afgreiðslu þeirra“.
Þjónustan hefur breyst til hins verra að öðru leyti	10	„Það er ekki búið að halda við þjónustunni sem átti að halda við. Stundum þegar mig hefur vantað hjálp hef ég ekki fengið hana. Þjónusta er því mikið verri og það er löng bið eftir henni“.

## Athugasemdir frá þátttakendum

Í lok spurningalistans var þátttakendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum varðandi þjónustuna eða yfirfærsluna. Athugasemdirnar voru þemagreindar og flokkaðar. Í töflu 64 má sjá algengustu flokkana. Margir lýstu því að þá vantaði aukna þjónustu. Nokkrir svarendur lýstu aðgengishindrunum, bæði hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu og aðgengi að manngerðu umhverfi. Einnig var fjallað um hindranir innan þjónustunnar og almennt um kjör fatlaðs fólks. Loks vildu nokkrir svarendur koma á framfæri ánægju með þjónustuna sem þeir nota.

**Tafla 64. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?**

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
<b>Aðgengi</b>			
	Aðgengi að upplýsingum og þjónustu	17	„Þegar fólk er að sækja um eins og örorku og stuðning má sveitarfélagið gefa meiri upplýsingar um það sem fatlað fólk á rétt á. Það er margt sem fatlað fólk hefur rétt á sem það veit ekki af.“
	Aðgengi að manngerðu umhverfi	5	„Ísland er dálítið á eftir í aðgengi fatlaðs fólks.“
<b>Vantar aukna þjónustu</b>			
	Vantar almennt aukna þjónustu	38	„Ég er búin að biða síðan í marsmánuði eftir frekari liðveislu. Það er víst erfitt að manna þessi störf. Ég hef ekki haft tækifæri til að komast í ver slun sem er niðri bæ því í mig vantar aðstoð við að bera vörurnar.“
	Vantar fleiri/bætt búsetuúrræði	18	„Biðlistinn með húsnæðismálin eru endalaus. Það er ekkert gert fyrir fólk, það brennur mest á mér. Ég hringdi um daginn til að athuga með biðlistann og konan sem svaraði mér sagði að það myndi ekkert losna nema einhver myndi deyja, sem er hræðileg staða.“
	Vantar aukin/bætt vinnu- eða tómstundaráhræði	10	„Ég vil fá meiri félagslega liðveislu. Mér leiðist. Ég vil fá einhvern til að fara með mér á þorablót og svona. Ég vona að þessi könnun leiði til þess að mér muni ekki leiðast jafn mikið næsta vetur og að ég fái einhvern til að vera með mér.“
	Vantar aukna aksturþjónustu	4	„Ég er mjög óánægð með aksturþjónustuna.“
<b>Hindranir innan þjónustunnar</b>			
	Neikvæð framkoma	7	„Það vantar betri og skjótari afgreiðslu hjá þjónustumiðstöðvum.“
	Seinlegt og flókið kerfi	12	„Félagsleg þjónusta tekur alltaf langan tíma, það þarf að ganga á eftir öllu saman.“
<b>Kjör fatlaðs fólks / örorkubætur</b>			
	Bág kjör fatlaðs fólks	9	„Ég kvíði því að flytja í eigin íbúð og skil ekki hvernig ég á að geta lifað af þeim bótlum sem ég fær sem eru um 170.000 á mánuði“
<b>Ánægja</b>			
	Almenn ánægja með þjónustuna	20	„Ég er bara mjög ánægður með alla þá þjónustu sem ég fæ.“

## NIÐURSTÖÐUR – ÞÁTTTAKENDUR UNDIR 18 ÁRA


Í eftirfarandi köflum er fjallað um niðurstöður könnunar meðal þjónustunotenda undir 18 ára aldri. Eins og fram hefur komið svöruðu forráðamenn spurningalistanum fyrir hönd barnanna. Í fyrsta kaflanum er þjónustunotendum lýst og í köflum þar á eftir er fjallað ítarlega um aðrar niðurstöður er varða skóla og lengda viðveru, félagslega þátttöku og tómsundur, stuðning við fjölskyldur, aðra þjónustu, samráð og upplýsingar, líðan og reynslu barna og unglínga og yfirfærsluna.

### Um þátttakendur

Í töflum 65 til 72 koma fram upplýsingar sem varpa ljósi á þjónustunotendur undir 18 ára aldri. Greint verður frá kyni, aldri, fjölda og tegund skerðinga, hvort börnin búa í Reykjavík, Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur eða á landsbyggðinni, hvort þau búa í fyrrum tilraunasveitarfélögum eða í öðrum sveitarfélögum, hvort þau fengu fyrst þjónustu fyrir yfirfærslu málaflokksins eða eftir og loks hvort börnin eru að nota litla eða umtalsverða þjónustu. Við úrvinnslu spurninga sem var spurt í könnuninni meðal þjónustunotenda undir 18 ára voru svör greind eftir þessum bakgrunnspáttum og er þær niðurstöður að finna í viðauka B.

Drengir voru í meirihluta og voru þrjú fjórðu þátttakenda líkt og í könnuninni árið 2011 (71%) (sjá mynd 65 og mynd 48).

Tafla 65. Kyn þjónustunotenda




Mynd 48. Kyn þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Í töflu 66 má sjá aldursdreifingu þátttakenda. Á bilinu 20-26% þátttakenda voru í hverjum aldurshópi nema elsta hópnun, í honum voru um 8% þátttakenda. Á mynd 49 má jafnframt sjá að aldursdreifing árið 2011 var álíka.

Tafla 66. Aldur þjónustunotenda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
6 ára og yngri	69	20%	4,6%	20%
7 til 10 ára	92	26%	5,3%	26%
11 til 13 ára	69	20%	4,6%	20%
14 til 16 ára	93	26%	5,3%	26%
17 til 18 ára	30	8%	3,0%	8%
Alls	353	100%		




Mynd 49. Aldur þjónustunotenda. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Meira en helmingur þátttakenda (57%) var með fleiri en þrjár skerðingar (sjá töflu 67). Á mynd 50 má sjá að dreifing svara þátttakenda í könnuninni 2011 við þessari spurningu var svipuð, þar voru 49% þátttakenda með þrjár skerðingar eða fleiri.

Tafla 67. Fjöldi skerðinga

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ein skerðing	61	17%	4,4%	17%
Tvær skerðingar	90	26%	5,3%	26%
Þrjár skerðingar eða fleiri	199	57%	7,9%	57%
Fjöldi svara	350	100%		
Ekki með skerðingu	1			
Vil ekki svara	2			
Alls	353			




Mynd 50. Fjöldi skerðinga. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Foreldrar voru spurðir hvort börnin hafi greinst með einhverja skerðingu og jafnframt beðnir að meta hversu mikil skerðingin væri; lítil skerðing, nokkur skerðing eða mikil skerðing. Tafla 68 sýnir dreifingu svara við spurningunni. Meirihluti barna (69%) var með einhverfu. Fæstir voru með heyrnarskerðingu (7%), flogaveiki (11%) eða geðröskun (13%). Á mynd 51 má sjá samanburð á milli kannana. Í könnuninni 2011 voru 16% þátttakenda greindir með heyrnarskerðingu, en 7% árið 2014. Myndin sýnir jafnframt að umtalsvert færri notendur voru með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD) árið 2011 (23%) en 2014 (39%). Í spurningalistanum árið 2011 var athyglisbrestur og ofvirkni ekki einn af upptöldum valmöguleikum og getur það skýrt muninn að einhverju leyti.

Tafla 68. Hefur hún/hann verið greind(ur) með einhverja skerðingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda*	Vikmörk +/-	Hlutfall
Einhverfa	242	69%	5,2%	69%
Þroskahömlun	207	59%	4,8%	59%
Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD)	138	39%	3,9%	39%
Hreyfihömlun	119	34%	3,6%	34%
Sjónskerðing	103	29%	3,4%	29%
Geðröskun	46	13%	2,3%	13%
Flogaveiki	38	11%	2,1%	11%
Heyrnarskerðing	23	7%	1,6%	7%
Önnur skerðing	70	20%	2,8%	20%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>986</b>	<b>282%</b>		
Vil ekki svara	3			
<b>Alls</b>	<b>989</b>			

\* Svarendur gátu nefnt fleiri en eitt atriði, því í er hlutfall svarenda alls yfir 100%.




Mynd 51. Hefur hún/hann verið greind(ur) með einhverja skerðingu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Tafla 69 sýnir að tæplega 30% barnanna voru búsett á landsbyggðinni og á Reykjanesi og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins en rúmlega 40% í Reykjavík. Í könnuninni frá árinu 2011 var hins vegar tæplega helmingur barna búsettur í Reykjavík, 12% á Reykjanesi og í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og 38% á landsbyggðinni (sjá mynd 52). Þetta lága hlutfall á Reykjanesi og í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur árið 2011 skýrist af því að þegar þjónustuhópurinn hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness var skilgreindur var stuðst við þrengri viðmið um hverjir væru að fá þjónustu en á öðrum stöðum á landinu.

Tafla 69. Búseta eftir þjónustusvæðum

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Reykjavík	148	42%	6,7%	42%
Reykjanes og nágr. höfuðb.	104	29%	5,7%	29%
Landsbyggð	101	29%	5,6%	29%
Alls	353	100%		



Mynd 52. Búseta eftir þjónustusvæðum. Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Í töflu 70 má sjá að 13% þjónustunotenda búa í sveitarfélögum sem eru fyrrum tilraunasveitarfélög. Mikill meirihluti þjónustunotenda bjó í sveitarfélögum sem ekki eru fyrrum tilraunasveitarfélög.

Tafla 70. Búseta þátttakenda í fyrrverandi tilraunasveitarfélög og önnur sveitarfélög

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Fyrrum tilraunasveitarfélög	47	13%	3,8%	13%
Önnur sveitarfélög	306	87%	9,7%	87%
Alls	353	100%		

Foreldrar voru spurðir hvort börnin hefðu fyrst fengið þjónustu fyrir fatlað fólk fyrir yfirfærslu málaflokksins eða eftir. Í töflu 71 má sjá að mikill meirihluti (72%) hafði fyrst fengið þjónustu árið 2010 eða fyrr, eða fyrir yfirfærslu málaflokksins.



**Tafla 71. Hvenær fékk hún/hann fyrst þjónustu fyrir fatlað fólk?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Eftir 1. janúar 2011	92	28%	5,7%	28%
Árið 2010 eða fyrr	238	72%	9,1%	72%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>330</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	20			
Vil ekki svara	3			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Svarendum var skipt upp eftir umfangi þjónustu sem börnin nota. Foreldrar sem nota litla þjónustu voru ýmist þeir sem höfðu einvörðungu fengið ráðgjöf, fengið styrki á grundvelli 27. greinar laga um málefni fatlaðs fólks eða notað aðra þjónustu að mjög litlu leyti. Tafla 72 sýnir að 80% þátttakenda eru að nota umtalsverða þjónustu.

**Tafla 72. Umfang þjónustu**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Litil þjónusta	68	20%	4,7%	20%
Umtalsverð þjónusta	277	80%	9,4%	80%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>345</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	4			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			


## Skóli og lengd viðvera

Um 77% foreldra voru mjög eða frekar ánægð með menntun sem barnið þeirra hefur fengið. Um 14% voru mjög eða frekar óánægð (sjá töflu 73). Svipaðar niðurstöður mátti sjá árið 2011 og ekki var marktækur munur á svörum milli kannana (sjá mynd 53).

Við bakgrunnsgreiningu kom í ljós að eftir því sem börnin voru yngri þeim mun ánægðari voru foreldrarnir með menntun barnsins. Þannig voru 86% foreldra barna sem einungis höfðu rétt lokið, eða voru enn í leikskóla mjög eða frekar ánægð með menntun sem börnin höfðu fengið og 70-71% foreldra barna á efsta stigi grunnskóla og á framhaldsskólastigi (sjá töflu 17 í viðauka B).

Tafla 73. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) eruð þið með menntunina sem hún/hann hefur fengið?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	153	46%	7,3%	46%
Frekar ánægð/ur	102	31%	5,9%	31%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	27	8%	3,1%	8%
Frekar óánægð/ur	28	8%	3,1%	8%
Mjög óánægð/ur	22	7%	2,8%	7%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>332</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	17			
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




Mynd 53. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) eruð þið með menntunina sem hún/hann hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Foreldrar voru jafnframt spurðir hvort þeir teldu börn sín fá þá aðstoð sem þau þyrftu eða hvort þau þyrftu meiri aðstoð frá starfsfólki í skólanum. Rúmlega þriðjungur foreldra sagði börn sín þurfa meiri aðstoð í skólanum sem er álíka hátt hlutfall og árið 2011 og ekki marktækur munur á milli kannana (sjá töflu 74 og mynd 54).

Við bakgrunnsgreiningu kom í ljós að börn á aldrinum 11-13 ára vantaði helst aðstoð en um helmingur foreldra sagði þau vanta meiri aðstoð. Þetta hlutfall var 11% á meðal barna á leikskólaaldri. Svipaðar niðurstöður komu fram í könnuninni árið 2011. Jafnframt kom í ljós að rúmlega helmingur barna með geðröskun (55%) og tæplega helmingur barna með athyglisbrest með ofvirkni (45%) eða aðra skerðingu (47%) þyrfti meiri aðstoð í skólanum að mati forráðamanna (sjá töflu 18 í viðauka B).

Tafla 74. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í skólanum frá starfsfólki?



Mynd 54. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í skólanum frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Um 28% barna voru í lengdri viðveru eftir skóla og voru 75% þeirra um 2-3 klukkustundir á dag í lengdri viðveru (sjá töflur 75 og 76). Mikill meirihluti foreldra (85%) var mjög eða frekar ánægður með dvöl barnsins í lengdri viðveru (sjá töflu 77).

Aðeins 8 börn voru á biðlista eftir lengdri viðveru og 3 börn voru á biðlista eftir aukningu á lengdri viðveru eftir skóla (sjá töflur 78 og 79).

Tafla 75. Er hún/hann í lengdri viðveru eftir skóla?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	98	28%	5,5%	28%
Nei	253	72%	8,8%	72%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>351</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Tafla 76. Hversu margar klukkustundir á viku er hún/hann í lengdri viðveru?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Fimm klukkustundir á viku eða færri	8	8%	5,7%	8%
Sex til tíu klukkustundir á viku	33	34%	11,6%	34%
11 til 15 klukkustundir á viku	40	41%	12,8%	41%
16 klukkustundir á viku eða fleiri	16	16%	8,1%	16%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>97</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	255			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Tafla 77. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með dvöl hennar/hans í lengdri viðveru?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	54	56%	14,8%	56%
Frekar ánægð/ur	28	29%	10,7%	29%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	11	11%	6,7%	11%
Frekar óánægð/ur	3	3%	3,5%	3%
Mjög óánægð/ur	1	1%	2,0%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>97</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	255			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Tafla 78. Er hún/hann á biðlista eftir að fá lengda viðveru eftir skóla?


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Nei	245	97%	12,1%	97%
Já, í eitt ár eða skemur	8	3%	2,2%	3%
Já, í eitt til fjögur ár	0	0%	0,0%	0%
Já, lengur en fjögur ár	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>253</b>	<b>100%</b>		
Er í lengdri viðveru eftir skóla	98			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Tafla 79. Er hún/hann á biðlista eftir að fá aukningu á lengdri viðveru eftir skóla?

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Nei	93	96%	19,4%	96%
Já, í eitt ár eða skemur	2	2%	2,9%	2%
Já, í eitt til fjögur ár	1	1%	2,0%	1%
Já, lengur en fjögur ár	1	1%	2,0%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>97</b>	<b>100%</b>		
Er ekki í lengdri viðveru eftir skóla	255			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

## Félagsleg þátttaka og tómstundir

Foreldrar voru spurðir hvað það væri helst sem hindraði börn þeirra í þátttöku í tómstundastarfi eða félagslífi. Spurt var hvort börnin vantaði félagsskap, aðstoð eða akstur, hvort aðgengi væri ábótavant og hvort fjárhagur hindraði þátttöku. Eins og sjá má á mynd 55 eru hlutfallslega fleiri foreldrar nú en árið 2011 sem telja barn sitt vanta félagsskap og aðstoð og að fjárhagsaðstæður og bággt aðgengi hindri þátttöku barns í félagslífi eða tómstundastarfi. Skortur á félagsskap og aðstoð voru algengustu hindranir að mati foreldra eins og árið 2011.




Mynd 55. Hindra eftirfarandi atriði oft eða stundum þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Þegar hvert atriði fyrir sig var skoðað nánar kom í ljós að yfir helmingur (55%) foreldra sagði að börnin vantaði oft eða stundum félagsskap til að taka þátt í tómstundastarfi eða félagslífi (sjá töflu 80). Þetta hlutfall er heldur hærra nú en í könnuninni 2011, en þá voru það 47% foreldra sem voru þessarar skoðunar (sjá mynd 56).

Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að foreldrar barna með þrjár skerðingar eða fleiri voru mun líklegri til að telja skort á félagsskap hindra þátttöku barna sinna (64%) en foreldrar barna með tvær skerðingar (49%) og foreldrar barna með eina skerðingu (34%). Skortur á félagsskap jókst með hækkandi aldri og var mun algengari meðal unglinga en barna undir 14 ára aldri. Um 72% foreldra 17 til 18 ára unglinga og 68% unglinga á aldrinum 14-16 ára sögðu þá oft eða stundum vanta félagsskap samanborið við 52-62% barna á aldrinum 7-13 ára og 27% leikskólabarna. Þetta mynstur eftir aldri má líka sjá í könnuninni frá 2011 (sjá töflu 22 í viðauka B og töflu B.73 í skýrslunni: Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Október 2011 – Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning).

**Tafla 80. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagsskap?**

	Hlutfall		Vikmörk +/-	Hlutfall
	Fjöldi	svarenda		
Oft	112	33%	6,0%	33%
Stundum	76	22%	5,0%	22%
Sjaldan	35	10%	3,4%	10%
Aldrei	121	35%	6,3%	35%
Fjöldi svara	344	100%		
Veit ekki	7			
Vil ekki svara	2			
Alls	353			




Niðurstaða markettarprófs eftir að svarmöguleikarnir oft og sjaldan annars vegar og sjaldan og aldrei hins vegar hafa verið sameinaðir:  
 $\chi^2(1)=4,109, p<0,05^*$

**Mynd 56. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar félagsskap? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Um 13% foreldra sögðu að það að komast ekki á staðinn hindraði börn sín oft eða stundum í þátttöku í tómstundastarfi eða félagslífi sem er svipað hlutfall og árið 2011 (sjá töflu 81 og mynd 57). Foreldrar barna sem fengu fyrst þjónustu fyrir yfirfærslu málaflokksins voru líklegri til að telja skort á akstri stundum eða oft vera hindrun (17%) en foreldrar barna sem fengu fyrst þjónustu eftir yfirfærslu (7%) enda eru þau börn almennt yngri (sjá töflu 23 í viðauka B).

Tafla 81. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómskundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oft	22	6%	2,6%	6%
Stundum	26	7%	2,9%	7%
Sjaldan	21	6%	2,6%	6%
Aldrei	278	80%	9,4%	80%
Fjöldi svara	347	100%		
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			




Mynd 57. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómskundastarfi eða félagslífi: Fæ ekki akstur? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Um helmingur foreldra sagði börn sín oft eða stundum vanta aðstoð til að geta notið tómskundastarfs (sjá töflu 82). Hlutfall barna sem vantar aðstoð að mati foreldra er töluvert hærra nú en í könnuninni 2011 (36%). Í könnuninni frá 2011 töldu 54% foreldra það að vanta aðstoð aldrei hindra börn sín til þátttöku í félagslífi samanborið við 43% foreldra nú (sjá mynd 58).

Þegar svörin voru bakgrunnsgreind kom í ljós að hlutfall þeirra sem vantar oft eða stundum aðstoð var hæst meðal 17 til 18 ára unglinga (80%). Jafnframt voru foreldrar barna sem eru með þrjár skerðingar og fleiri líklegri til að telja skort á aðstoð oft eða stundum hindra þátttöku (59%) en foreldrar barna með tvær skerðingar (43%) og eina skerðingu (27%) (sjá töflu 24 í viðauka B).

**Tafla 82. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar aðstoð?**

	Hlutfall			
	Fjöldi	svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oft	92	27%	5,4%	27%
Stundum	80	23%	5,1%	23%
Sjaldan	25	7%	2,8%	7%
Aldrei	148	43%	6,9%	43%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>345</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	7			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 58. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Vantar aðstoð? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Ófullnægjandi aðgengi hindraði stundum eða oft þátttöku 14% barna í tómstundastarfi eða félagslífi eins og sjá má í töflu 83. Marktækt fleiri foreldrar töldu að aðgengi hindraði börn þeirra nú en árið 2011 en þá voru það um 5% foreldra (sjá mynd 59).

Foreldrar barna með þrjár skerðingar eða fleiri (19%) voru líklegri en foreldrar barna með eina (5%) eða tvær skerðingar (8%) til að finnast aðgengi oft eða stundum ábótavant þegar kom að þátttöku barnsins í tómstundastarfi eða félagslífi (sjá töflu 25 í viðauka B).

**Tafla 83. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Aðgengi ábótavant?**

	Hlutfall			
	Fjöldi	svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oft	24	7%	2,8%	7%
Stundum	24	7%	2,8%	7%
Sjaldan	17	5%	2,3%	5%
Aldrei	282	81%	9,4%	81%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>347</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			






**Mynd 59. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Aðgengi ábótavant? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Fjárhagsaðstæður hindra oft eða stundum þátttöku tæplega þriðjungs barna í félagslífi og tómstundastarfi að mati foreldra (sjá töflu 84). Þetta er hærra hlutfall en í könnuninni 2011 þar sem fjórðungur foreldra var þessarar skoðunar (sjá mynd 60).

Þátttakendur sem búa í fyrrum tilraunasveitarfélögum voru ólíklegri til að telja fjárhagsástæður hindra börn sín (18%) en þátttakendur sem búa í öðrum sveitarfélögum (35%). Ríflega 40% foreldra barna í Reykjavík töldu að fjárhagsaðstæður hindruðu börn sín oft eða stundum samanborið við rúmlega 30% foreldra á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur og 20% foreldra á landsbyggðinni (sjá töflu 26 í viðauka B). Þegar rýnt var nánar í dreifingu svara eftir þjónustusvæðum á landsbyggðinni kom í ljós að lágt hlutfall þar helgast ekki síst af því að einungis 6% foreldra á Vesturlandi telja fjárhagsástæður hindra þátttöku barna sinna í tómstundastarfi eða félagslífi.

**Tafla 84. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsástæður?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Oft	52	15%	4,1%	15%
Stundum	60	17%	4,4%	17%
Sjaldan	29	8%	3,0%	8%
Aldrei	205	59%	8,1%	59%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>346</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 60. Hindra eftirfarandi atriði oft, stundum, sjaldan eða aldrei þátttöku hennar/hans í tómstundastarfi eða félagslífi: Fjárhagsástæður? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Foreldrar voru spurðir hvort börn þeirra væru með félagslega liðveislu, og ef svo væri, hversu ánægðir þeir væru með stuðninginn. Um 30% barna eru með félagslega liðveislu nú sem er svipað og árið 2011 og ekki marktækur munur á svörum milli kannana (sjá töflu 85 og mynd 61).

Áætlaður heildarfjöldi þjónustunotenda undir 18 ára aldri með félagslega liðveislu hefur farið úr 339 (á bilinu 282 til 396 miðað við 95% öryggismörk) í 557 (á bilinu 468 til 646 miðað við 95% öryggismörk) notendur frá 2011 til 2014 .


Mikill meirihluti, eða 84% foreldra, sagðist vera mjög eða frekar ánægður með þjónustuúrræðið (sjá töflu 86).

Spurt var hvort börn væru á biðlista eftir liðveislu. Af þeim börnum sem ekki voru með liðveislu voru tæp 17% á biðlista eftir því að fá þessa þjónustu, 10% höfðu verið á biðlista skemur en í eitt ár (sjá töflu 87).

Þegar spurning um biðlista eftir félagslegri liðveislu var bakgrunnsgreind kom í ljós munur eftir landsvæðum. Í Reykjavík var fjórðungur barna á biðlista eftir félagslegri liðveislu, en 13% barna á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur og 6% barna á landsbyggðinni (sjá töflu 28 í viðauka B). Þegar svör af landsbyggðinni voru greind eftir þjónustusvæðum kom í ljós að enginn var á biðlista á Suðurlandi og Vesturlandi. Þá kom í ljós að af svarendum af Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur voru hlutfallega fleiri á biðlista á Suðurnesjum (19%) en í Kópavogi (10%) og Hafnarfirði (5%).

Tafla 85. Er hún/hann með félagslega liðveislu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	107	30%	5,8%	30%
Nei	244	70%	8,7%	70%
Fjöldi svara	351	100%		
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			



Mynd 61. Er hún/hann með félagslega liðveislu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Tafla 86. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með félagslega liðveislu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	66	63%	15,1%	63%
Frekar ánægð/ur	22	21%	8,7%	21%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	9	9%	5,6%	9%
Frekar óánægð/ur	6	6%	4,6%	6%
Mjög óánægð/ur	2	2%	2,6%	2%
Fjöldi svara	105	100%		
Á ekki við	246			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			

**Tafla 87. Er hún/hann á biðlista eftir að fá félagslega liðveislu?**


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Nei	202	84%	11,5%	84%
Já, í eitt ár eða skemur	24	10%	4,0%	10%
Já, í eitt til fjögur ár	11	5%	2,7%	5%
Já, lengur en fjögur ár	4	2%	1,6%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>241</b>	<b>100%</b>		
Er með félagslega liðveislu	107			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

## Stuðningur við fjölskyldur

Foreldrar voru spurðir hvort barn þeirra fengi þá aðstoð sem það þyrfti frá starfsfólki á heimilinu, til dæmis við persónulegt hreinlæti eða að klæðast. Alls sögðu 57 foreldrar að barnið þarfnaðist slíkrar aðstoðar frá starfsfólki og þar af sögðu 25 eða 44% að barnið þyrfti meiri aðstoð en það fengi nú þegar (sjá töflu 88). Þetta er svipað hlutfall og árið 2011 og munurinn er ekki tölfræðilega marktækur (sjá mynd 62).

**Tafla 88. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf á heimilinu frá starfsfólki?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	16	28%	13,7%	28%
Þarf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	9	16%	10,3%	16%
Fæ þá aðstoð sem hún/hann fær	30	53%	18,8%	53%
Fær of mikla aðstoð	2	4%	4,9%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>57</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	256			
Á ekki við	37			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikinn fær of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(2)=3,090$ ,  $p=0,213$

### Mynd 62. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf á heimilinu frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Um 45% þeirra sem þurfa stuðning við umönnun barnsins heima við voru mjög eða frekar óánægð með það hvernig komið hefur verið til móts við fjölskylduna hvað það varðar (sjá töflu 89). Um 40% foreldra töldu hins vegar að komið hafi verið mjög eða frekar vel til móts við fjölskylduna að þessu leyti. Í könnuninni frá 2011 töldu 29% foreldra að mjög eða frekar illa hefði verið komið til móts við þau en munurinn var þó ekki marktækur (sjá mynd 63).

### Tafla 89. Hversu vel hefur verið komið til móts við fjölskylduna varðandi stuðning til umönnunar barnsins heima við, til dæmis heimahjúkrun og aðstoð við athafnir daglegs lífs?

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Mjög vel	22	26%	10,8%	26%
Frekar vel	12	14%	8,0%	14%
Hvorki vel né illa	13	15%	8,3%	15%
Frekar illa	17	20%	9,5%	20%
Mjög illa	21	25%	10,6%	25%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>85</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	265			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




**Mynd 63. Hversu vel hefur verið komið til móts við fjölskylduna varðandi stuðning við umönnun barnsins heima við, til dæmis heimahjúkrun og aðstoð við athafnir daglegs lífs? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Foreldrar voru spurðir hversu vel þeir teldu að komið hafi verið til móts við fjölskylduna til þess að laga heimilið að þörfum barnsins hvað varðar aðgengi. Um 37% foreldra sögðu mjög eða frekar vel hafa verið komið til móts við fjölskylduna samanborið við 60% foreldra í könnuninni 2011. Þar sem svarendur eru fáir er munurinn ekki tölfræðilega marktækur þrátt fyrir mikinn mun á hlutföllum (sjá töflu 90 og mynd 64).

**Tafla 90. Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi það að laga heimili fjölskyldunnar að þörfum barnsins, til dæmis hvað varðar aðgengi?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög vel	16	24%	11,7%	24%
Frekar vel	9	13%	8,8%	13%
Hvorki vel né illa	15	22%	11,3%	22%
Frekar illa	10	15%	9,2%	15%
Mjög illa	17	25%	12,0%	25%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>67</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	279			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




**Mynd 64. Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi það að laga heimili fjölskyldunnar að þörfum barnsins, til dæmis hvað varðar aðgengi? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Helmingur þeirra sem þarf aðstoð við þrif á heimilinu taldi mjög eða frekar illa hafa verið komið til móts við fjölskylduna. Ekki var marktækur munur á milli kannana árið 2014 og 2011 (sjá töflu 91 og mynd 65).

**Tafla 91. Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi aðstoð við þrif á heimilinu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög vel	14	18%	9,4%	18%
Frekar vel	14	18%	9,4%	18%
Hvorki vel né illa	11	14%	8,3%	14%
Frekar illa	13	17%	9,1%	17%
Mjög illa	26	33%	12,8%	33%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>78</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	269			
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	2			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 65. Hversu vel hefur verið komist við móts við fjölskylduna varðandi aðstoð við þrif á heimilinu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Tafla 92 sýnir að foreldrar 45% barna töldu þau ekki fá þá aðstoð sem þau þyrftu við skipulag daglegs lífs<sup>3</sup>. Ámóta hlutfall má sjá í könnun 2011 og er munurinn milli kannana ekki marktækur (sjá mynd 66).


Foreldrar barna yngri en 6 ára voru ólíklegri til að segja barn sitt þurfa meiri aðstoð heldur en foreldrar eldri barna, en 28% þeirra töldu barn sitt þurfa meiri aðstoð samanborið við 45-49% foreldra barna á grunnskólaaldri og 73% foreldra 17 og 18 ára unglunga. Foreldrar barna með geðraskanir voru líklegastir til að segja þau vanta frekari aðstoð (75%) en foreldrar barna með sjónskerðingu ólíklegastir til að segja þau vanta meiri aðstoð (34%) (sjá töflu 34 í viðauka B).

**Tafla 92. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við skipulagningu daglegs lífs?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	50	23%	6,4%	23%
Þarf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	47	22%	6,2%	22%
Fær þá aðstoð sem hún/hann fær	121	56%	9,9%	56%
Fær of mikla aðstoð	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>218</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	72			
Á ekki við	45			
Veit ekki	18			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

<sup>3</sup> Aðstoðin getur til að mynda falist í sjónrænni stundatöflu til að börn með einhverfu eða þroskahömlun eigi auðveldara með að átta sig á gangi dagsins eða aðstoð við hegðun og atferli í hinum ýmsu aðstæðum daglegs lífs.





Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikinn fær of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(2)=1,374$   $p=0,112$


### Mynd 66. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við skipulagningu daglegs lífs? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Foreldrar voru spurðir hvort börn þeirra færu reglulega í skammtímvistun eða hvíldarheimili eða til stuðningsfjölskyldu, hversu óánægðir eða ánægðir þeir væru með þjónustuna og hvort barn þeirra væri á biðlista eftir slíkri þjónustu. Um 17% barnanna fóru reglulega í skammtímvistun (sjá töflu 93) sem er álíka hlutfall og árið 2011 (21%) (sjá mynd 67).

Áætlaður heildarfjöldi þjónustunotenda undir 18 ára aldri sem fer reglulega í skammtímvistun hefur farið úr 273 notendum (á bilinu 221 til 325 miðað við 95% öryggismörk) í 324 (á bilinu 250 til 398 miðað við 95% öryggismörk) frá 2011 til 2014 .

### Tafla 93. Fer hún/hann reglulega í skammtímvistun eða hvíldarheimili?

	Hlutfall			
	Fjöldi	svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	61	17%	4,4%	17%
Nei	288	83%	9,5%	83%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>349</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




$\chi^2(1)=1,403$   $p=0,236$

### Mynd 67. Fer hún/hann reglulega í skammtímvistun eða hvíldarheimili? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Ekkert foreldri var óánægt með dvöl barns í skammtímvistun (sjá töflu 94 og mynd 68).

Tafla 94. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með dvölinna á skammtímvistun?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	42	72%	21,8%	72%
Frekar ánægð/ur	11	19%	11,2%	19%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	5	9%	7,6%	9%
Frekar óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
Mjög óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>58</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	292			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



Niðurstaða marktektarprófs eftir sameiningu flokkanna hvorki ánægð/ur né óánægð/ur, frekar óánægð/ur og mjög óánægð/ur:  
 $\chi^2(2)=1,348$ ,  $p=0,510$

**Mynd 68. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með dvölinna i skammtímvistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Tíu börn voru á biðlista eftir skammtímvistun og af þeim höfðu 3 verið á biðlista lengur en eitt ár (sjá töflu 95). Í könnuninni 2011 voru 6% barna á biðlista en 3% eru á biðlista nú (sjá mynd 69).

Miðað við þessar niðurstöður má gera ráð fyrir því að u.þ.b 46 fötluð börn (á bilinu 16 til 76 miðað við 95% öryggismörk) séu nú á biðlista eftir skammtímvistun samanborið við 62 börn (á bilinu 35 til 89 miðað við 95% öryggismörk) árið 2011.

Um 17% barna eru á biðlista eftir aukinni skammtímvistun nú en um 13% barna voru á biðlista eftir aukningu árið 2011 (sjá töflu 96 og mynd 70).

Tafla 95. Er hún/hann á biðlista eftir að komast í skammtímvistun?


	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Nei	280	97%	11,3%	97%
Já, í eitt ár eða skemur	7	2%	1,8%	2%
Já, í eitt til fjögur ár	2	1%	1,0%	1%
Já, lengur en fjögur ár	1	0%	0,7%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>290</b>	<b>100%</b>		
Fer reglulega í skammtímvistun	61			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



Mynd 69. Er hún/hann á biðlista eftir að komast í skammtímvistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Tafla 96. Er hún/hann á biðlista eftir að fá aukningu á skammtímvistun?

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Nei	48	83%	23,3%	83%
Já, í eitt ár eða skemur	6	10%	8,3%	10%
Já, í eitt til fjögur ár	3	5%	5,9%	5%
Já, lengur en fjögur ár	1	2%	3,4%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>58</b>	<b>100%</b>		
Fer ekki reglulega í skammtímvistun	292			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




**Mynd 70. Er hún/hann á biðlista eftir að fá aukningu á skammtímvistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu börn sín fá þá aðstoð sem þau þyrftu frá starfsfólki í skammtímvistuninni? Flestir foreldrar barna sem voru í skammtímvistun, eða 83%, töldu að barnið fengi þá aðstoð sem það þyrfti frá starfsfólki í skammtímvistuninni. Þó töldu um 13% að barnið þarfnaðist meiri aðstoðar (sjá töflu 97). Þessar niðurstöður eru svipaðar niðurstöðum árið 2011 og ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli kannana (sjá mynd 71).

**Tafla 97. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki í skammtímvistun?**

	Hlutfall			
	Fjöldi	svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	4	6%	6,1%	6%
Þarf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	7	11%	8,1%	11%
Fær þá aðstoð sem hún/hann fær	53	83%	22,2%	83%
Fær of mikla aðstoð	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>64</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	14			
Á ekki við	266			
Veit ekki	9			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



Niðurstaða marktektarprófs eftir að svarmöguleikarnir þarf mun meiri aðstoð og þarf aðeins meiri aðstoð hafa verið sameinaðir og svarmöguleikinn fær of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(1)=0,114, p=0,736$

**Mynd 71. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki í skammtímvistun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Tæplega þriðjungur barna fór reglulega til stuðningsfjölskyldu (sjá töflu 98). Svipað hlutfall barna fór til stuðningsfjölskyldu 2011 eða um 67% barna (sjá mynd 72). Næstum allir, eða 98%

svarenda, voru mjög eða frekar ánægðir með þann stuðning sem stuðningsfjölskyldan veitir sem er sama hlutfall og í könnuninni 2011 (tafla 99 og mynd 73).

Miðað við þessar niðurstöður má gera ráð fyrir því að um 576 fötluð börn (á bilinu 487 til 666 miðað við 95% öryggismörk) fari reglulega til stuðningsfjölskyldu samanborið við 436 börn (á bilinu 375 til 496 miðað við 95% öryggismörk) árið 2011.

Af þeim sem ekki eru með stuðningsfjölskyldu voru 13% barna á biðlista sem er álíka hátt hlutfall og í könnuninni 2011 (11%) (sjá töflu 100 og mynd 74). Það má samt sem áður gera ráð fyrir að fleiri börn séu á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu nú en árið 2011 eða að í heildina séu um 167 fötluð börn (á bilinu 112 til 221 miðað við 95% öryggismörk) á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu nú samanborið við 96 börn (á bilinu 62 til 129 miðað við 95% öryggismörk) árið 2011.


**Tafla 98. Fer hún/hann reglulega til stuðningsfjölskyldu?**



**Mynd 72. Fer hún/hann reglulega til stuðningsfjölskyldu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

**Tafla 99. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með þann stuðning sem stuðningsfjölskyldan veitir?**


	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Mjög ánægð/ur	96	88%	17,5%	88%
Frekar ánægð/ur	11	10%	6,0%	10%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	2	2%	2,5%	2%
Frekar óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
Mjög óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>109</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	244			
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 73. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með þann stuðning sem stuðningsfjölskyldan veitir? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

**Tafla 100. Er hún/hann á biðlista eftir að fá stuðningsfjölskyldu?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Nei	209	87%	11,7%	87%
Já, í eitt ár eða skemur	15	6%	3,1%	6%
Já, í eitt til fjögur ár	11	5%	2,7%	5%
Já, lengur en fjögur ár	6	2%	2,0%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>241</b>	<b>100%</b>		
Er reglulega til stuðningsfjölskyldu	109			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




**Mynd 74. Er hún/hann á biðlista eftir að fá stuðningsfjölskyldu? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Mikill meirihluti foreldra (92%) fatlaðra barna fékk einhvers konar fjárhagslegan stuðning vegna fötlunar barnsins eins og sést í töflu 101. Þetta voru til dæmis umönnunargreiðslur eða niðurgreiðslur vegna þjálfunar eða lyfja. Heldur fleiri fengu einhvern fjárhagslegan stuðning 2011 eða um 96% foreldra (sjá mynd 75). Um 16% foreldra töldu sig þurfa mun meiri stuðning og um 29% foreldra nokkuð meiri stuðning. Álíka hátt hlutfall foreldra þurfti aukinn stuðning 2011 og munur á svörum milli kannana var ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 102 og mynd 76).

Hlutfallslega fleiri foreldrar búsettir í Reykjavík (49%) töldu sig þurfa meiri fjárhagslegan stuðning en foreldrar barna af Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur (43%) og á landsbyggðinni (42%). Hlutfallslega fleiri sem voru búsettir í öðrum sveitarfélögum en fyrrum tilraunasveitarfélögum (46%) töldu sig þurfa meiri fjárhagslegan stuðning en foreldrar barna í fyrrum tilraunasveitarfélögum (39%) (sjá töflu 44 í viðauka B). Í bakgrunnstöflu má sjá að einungis 7% foreldra á landsbygginni töldu fjölskylduna þurfa mun meiri fjárhagslegan stuðning. Þegar svörin voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að enginn í Eyjafirði þurfti mun meiri stuðning en hlutfallið á Suðurlandi var 17%. Þegar horft er til svarenda frá Reykjanesi og nágrenni Reykjavíkur sést að svarendur í Kópavogi (12%) voru ólíklegri til að þurfa mun meiri fjárhagslegan stuðning en svarendur í Hafnarfirði (28%) og á Suðurnesjum (21%).

**Tafla 101. Fær fjölskyldan fjárhagslegan stuðning vegna fötlunar barnsins, til dæmis umönnunargreiðslur eða niðurgreiðslur vegna þjálfunar eða lyfja?**


	Hlutfall			Hlutfall
	Fjöldi	svarenda	Vikmörk +/-	
Já	324	92%	10,0%	92%
Nei	27	8%	2,9%	8%
Fjöldi svara	351	100%		
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			



**Mynd 75.** Fær fjölskyldan fjárhagslegan stuðning vegna fötlunar barnsins, til dæmis umönnunargreiðslur eða niðurgreiðslur vegna þjálfunar eða lyfja? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

**Tafla 102.** Þarf fjölskyldan meiri fjárhagslegan stuðning en hún fær nú þegar, vegna fötlunar barnsins?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já, mun meiri	55	16%	4,3%	16%
Já, nokkuð meiri	97	29%	5,7%	29%
Nei	184	55%	7,9%	55%
Fjöldi svara	336	100%		
Á ekki við	12			
Vil ekki svara	5			
Alls	353			



**Mynd 76.** Þarf fjölskyldan meiri fjárhagslegan stuðning en hún fær nú þegar, vegna fötlunar barnsins? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

## Önnur þjónusta

Alls voru 28 þjónustunotendur á unglingsaldri í vinnu sem þurfa stuðning frá starfsfólki. Foreldrar þeirra voru spurðir hvort þeir teldu börn sín þurfa meiri aðstoð í vinnunni. Í töflu 103 má sjá að mikill meirihluti foreldra barna sem þurftu stuðning í vinnu töldu börn sín fá þann stuðning sem þau þyrftu.




**Tafla 103. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í vinnunni frá starfsfólki?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	2	7%	9,9%	7%
Þarf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	2	7%	9,9%	7%
Fær þá aðstoð sem hún/hann fær	23	82%	33,4%	82%
Fær of mikla aðstoð	1	4%	7,0%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>28</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	22			
Á ekki við	300			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Foreldrar barna sem eru í dagþjónustu sögðu í 29% tilvika að börnin þyrftu meiri aðstoð í dagþjónustunni (sjá töflu 104). Ekki var hægt að gera marktektarpróf þar sem aðeins 17 foreldrar svöruðu spurningunni 2011 og 2 af þeim sögðu að barnið þyrfti meiri aðstoð (sjá mynd 77).

**Tafla 104. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í dagþjónustunni frá starfsfólki?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	8	10%	7,1%	10%
Þarf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	15	19%	9,7%	19%
Fær þá aðstoð sem hún/hann fær	55	71%	18,6%	71%
Fær of mikla aðstoð	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>78</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	20			
Á ekki við	254			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 77. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf í dagþjónustunni frá starfsfólki? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Foreldrar voru spurðir hvort börn þeirra væru með frekari liðveislu og ef svo væri, hversu ánægð eða óánægð þau væru með þjónustuna. Aðeins um 5% barna voru með frekari liðveislu og sagðist meirihluti foreldra (89%) vera mjög eða frekar ánægður með þjónustuna. Af þeim sem

ekki eru með frekari liðveislu voru aðeins 4% (14 börn) á biðlista eftir slíkri þjónustu (sjá töflu 105, 106 og 107).

**Tafla 105. Er hún/hann með frekari liðveislu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	19	5%	2,4%	5%
Nei	332	95%	10,1%	95%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>351</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

**Tafla 106. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með frekari liðveislu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	13	68%	37,1%	68%
Frekar ánægð/ur	4	21%	20,6%	21%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	1	5%	10,3%	5%
Frekar óánægð/ur	1	5%	10,3%	5%
Mjög óánægð/ur	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>19</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	334			
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

**Tafla 107. Er hún/hann á biðlista eftir að fá frekari liðveislu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Nei	315	96%	10,5%	96%
Já, í eitt ár eða skemur	5	2%	1,3%	2%
Já, í eitt til fjögur ár	6	2%	1,5%	2%
Já, lengur en fjögur ár	3	1%	1,0%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>329</b>	<b>100%</b>		
Er með frekari liðveislu	19			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			


Foreldrar voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með iðjuþjálfun, sjúkrapjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu. Tæplega 70% foreldra voru mjög eða frekar ánægð með iðju-, sjúkra-, tal- og aðra þjálfun sem barnið hefur fengið (sjá töflu

108). Þessar niðurstöður eru svipaðar niðurstöðum árið 2011 og ekki tölfræðilega marktækur munur á svörum (sjá mynd 78).

Þegar svörin voru bakgrunnsgreind kom í ljós að foreldrar yngstu barnanna (6 ára og yngri) voru mun líklegri til að vera mjög eða frekar ánægðir með þjálfunina en foreldrar barna á öðrum aldursbilum (61-68%). Foreldrar barna með eina skerðingu voru líklegri til að vera með ánægðir með þjálfunina (79%) en foreldrar barna með tvær skerðingar (74%) og foreldrar barna með þrjár skerðingar eða fleiri (64%). Jafnframt voru foreldrar barna sem fengu fyrst þjónustu eftir yfirfærslu ánægðari með þjálfunina (80%) en foreldrar barna sem fyrst fengu þjónustu fyrir yfirfærslu (68%) (sjá töflu 48 í viðauka B).

**Tafla 108. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með iðjupjálfun, sjúkrapjálfun, talpjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu sem hún/hann hefur fengið?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	114	38%	7,0%	38%
Frekar ánægð/ur	94	31%	6,3%	31%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	32	11%	3,7%	11%
Frekar óánægð/ur	31	10%	3,6%	10%
Mjög óánægð/ur	29	10%	3,5%	10%
Fjöldi svara	300	100%		
Hefur ekki staðið til boða	12			
Á ekki við	37			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	1			
Alls	353			




**Mynd 78. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með iðjupjálfun, sjúkrapjálfun, talpjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu sem hún/hann hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Foreldrar voru jafnframt spurðir hvort þeir teldu börn sín fá þá þjálfun sem þau þyrftu. Um 47% foreldra sögðu barn sitt þurfa frekari aðstoð í formi sjúkrapjálfunar, iðjupjálfunar eða annarrar þjálfunar (sjá töflu 109). Hlutfallið var svipað 2011 eða 41% (sjá mynd 79) (sjá nánari bakgrunnsgreiningu í töflu 48 í viðauka B).

Tafla 109. Fær hún/hann þá þjálfun sem hún/hann þarf, svo sem iðjubjálfun og sjúkrapjálfun?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Parf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	38	23%	7,4%	23%
Parf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	39	24%	7,5%	24%
Fær þá aðstoð sem hún/hann fær	86	52%	11,1%	52%
Fær of mikla aðstoð	1	1%	1,2%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>164</b>	<b>100%</b>		
Parf ekki aðstoð frá starfsfólki	102			
Á ekki við	85			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




Niðurstaða marktæktarprófs eftir að svarmöguleikinn fæ of mikla aðstoð hefur verið tekinn út:  $\chi^2(2)=2,269$ ,  $p=0,322$

Mynd 79. Fær hún/hann þá þjálfun sem hún/hann þarf, svo sem iðjubjálfun og sjúkrapjálfun? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Foreldrar voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með læknisþjónustuna sem börn þeirra höfðu fengið. Flestir, eða 83% foreldra, voru mjög eða frekar ánægðir með læknisþjónustu sem er sama hlutfall og í könnun frá 2011 (sjá töflu 110 og mynd 80).

**Tafla 110. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með lækniþjónustuna sem hún/hann hefur fengið?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	159	48%	7,5%	48%
Frekar ánægð/ur	115	35%	6,4%	35%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	22	7%	2,8%	7%
Frekar óánægð/ur	21	6%	2,7%	6%
Mjög óánægð/ur	12	4%	2,1%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>329</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	0			
Á ekki við	22			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




**Mynd 80. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með lækniþjónustuna sem hún/hann hefur fengið? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Af þeim foreldrum sem þurftu á aðstoð starfsfólks að halda fyrir börn sín til að komast á milli staða töldu 27% börn sín þurfa meiri aðstoð en þau fá sem er svipað hlutfall og í könnuninni frá 2011 (22%) (sjá töflu 111 og mynd 81).

**Tafla 111. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við að komast á milli staða?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þarf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	18	14%	6,3%	14%
Þarf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	17	13%	6,1%	13%
Fær þá aðstoð sem hún/hann fær	96	73%	14,5%	73%
Fær of mikla aðstoð	1	1%	1,5%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>132</b>	<b>100%</b>		
Þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	155			
Á ekki við	64			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




**Mynd 81. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við að komast á milli staða? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Foreldrar voru einnig spurðir hvort þeir teldu barn sitt fá nægilega aðstoð frá starfsfólki við ferðalög innanlands og erlendis, og sögðu 53% foreldra að barnið þyrfti aðeins eða mun meiri aðstoð (sjá töflu 112). Hlutfall foreldra sem telur barnið þurfa aðstoð hefur hækkað síðan 2011 en þá var hlutfallið 34% (sjá mynd 82).

**Tafla 112. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við ferðalög innanlands og erlendis?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
þarf mun meiri aðstoð en hún/hann fær	23	36%	14,7%	36%
þarf aðeins meiri aðstoð en hún/hann fær	11	17%	10,1%	17%
Fær þá aðstoð sem hún/hann fær	30	47%	16,7%	47%
Fær of mikla aðstoð	0	0%	0,0%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>64</b>	<b>100%</b>		
þarf ekki aðstoð frá starfsfólki	154			
Á ekki við	127			
Veit ekki	7			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 82. Fær hún/hann þá aðstoð sem hún/hann þarf frá starfsfólki við ferðalög innanlands og erlendis? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Helmingur foreldra hafði áhuga á að fá notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) fyrir börnin sín ef hún væri í boði (sjá töflu 113). Foreldrar barna sem höfðu fyrst fengið þjónustu fyrir yfirfærslu

málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga voru líklegri til að hafa áhuga á NPA (54%) en foreldrar barna sem fyrst fengu þjónustu eftir yfirfærsluna (40%) (sjá töflu 53 í viðauka B).

**Tafla 113. Hefðu þið áhuga á að fá notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) ef hún væri í boði?**


	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Já	142	50%	8,2%	50%
Nei	143	50%	8,2%	50%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>285</b>	<b>100%</b>		
Er með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)	7			
Veit ekki	60			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

## Búsetuþjónusta

Í könnuninni 2011 kom fram að nánast öll börn búa á heimili með foreldrum sínum (99%). Foreldrar voru nú spurðir hvort barn þeirra væri á biðlista eftir að flytja að heiman eða komast í annað búsetuúrræði og í ljós kom að 10 börn eru á biðlista eftir að flytja að heiman eða komast í annað búsetuúrræði eða 3%. Þetta er sama hlutfall og árið 2011 og munurinn ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 114 og mynd 83). Af þeim börnum sem voru á biðlista voru 3 að bíða eftir heimili fyrri börn, 2 eftir íbúðasambýli og 2 eftir félagslegri íbúð í eigu sveitarfélagsins (sjá töflu 115). Séu þessar tölur yfirfærðar yfir á þýðið má gera ráð fyrir að um 56 fötluð börn eða unglingar (á bilinu 22 til 89 miðað við 95% öryggismörk) séu á biðlista eftir húsnæði nú samanborið við 40 (á bilinu 18 til 63 miðað við 95% öryggismörk) árið 2011.

**Tafla 114. Er hún/hann á biðlista eftir að flytja að heiman eða komast í annað búsetuúrræði?**

	Fjöldi	Hlutfall		Hlutfall
		svarenda	Vikmörk +/-	
Nei	338	97%	10,3%	97%
Já, í eitt ár eða skemur	4	1%	1,1%	1%
Já, lengur en eitt ár en skemur en fimm ár	4	1%	1,1%	1%
Já, fimm ár eða lengur	2	1%	0,8%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>348</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 83. Er hún/hann á biðlista eftir að flytja að heiman eða komast í búsetuúrræði? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

**Tafla 115. Eftir hverskonar húsnæði er hún/hann að bíða?**


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Heimili fyrir börn	3	43%	48,4%	43%
Íbúðasambýli, lítilli íbúð með sameiginlegu rými	2	29%	39,5%	29%
Félagslegri íbúð í eigu sv eitarfélagsins	2	29%	39,5%	29%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>7</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	343			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Tafla 116 sýnir að 62% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með búsetumöguleika sem þeim bjóðast. Ívið fleiri voru ánægðir nú en árið 2011 en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur (sjá mynd 84).



Tafla 116. Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem henni/honum bjóðast?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	13	33%	17,6%	33%
Frekar ánægð/ur	11	28%	16,2%	28%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	4	10%	9,8%	10%
Frekar óánægð/ur	4	10%	9,8%	10%
Mjög óánægð/ur	8	20%	13,8%	20%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	46			
Á ekki við	267			
Veit ekki	0			
Vil ekki svara	0			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



Mynd 84. Hversu ánægð(ur) ert þú með búsetumöguleika sem henni/honum bjóðast? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

## Samráð og upplýsingar


Foreldrar voru spurðir hvort gerð væri áætlun fyrir barnið um þann stuðning sem það fær. Slík áætlun getur tekið til stuðnings á heimilinu, í skólanum eða við tólmstundastarf eftir því sem við á hverju sinni. Slík áætlun var gerð fyrir 53% barnanna sem er svipað og árið 2011 (54%) (sjá töflu 117 og mynd 85).

Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að því yngri sem börnin voru þeim mun líklegra var að einstaklingsbundin áætlun væri gerð fyrir þau, en 77% barna yngri en 6 ára voru með slíka áætlun og rúmlega helmingur barna á aldrinum 7-13 ára samanborið við 33-44% unglinga eldri en 13 ára. Börn sem búsett eru í fyrrum tilraunasveitarfélögum voru líklegri til að hafa fengið einstaklingsbundna áætlun (71%) en börn sem búa í öðrum sveitarfélögum (50%). Einnig kom í ljós að börn búsett á landsbyggðinni voru líklegri til að vera með einstaklingsbundna þjónustuáætlun (66%) en börn af Reykjanesi og nágrennasveitarfélögum höfuðborgarinnar (48%) og í Reykjavík (47%). Þetta er svipað hlutfall og niðurstöður könnunarinnar árið 2011 sýndu og munur milli kannana ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 55 í viðauka B). Þegar svör voru greind eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hátt hlutfall barna með einstaklingsbundna áætlun á

landsbyggðinni skýrist ekki síst af því að 90% barna á Suðurlandi eru með slíka áætlun. Áætlaður heildarfjöldi þjónustunotenda með einstaklingsáætlun hefur farið úr 704 notendum (á bilinu 638 til 770 miðað við 95% öryggismörk) í 984 (á bilinu 883 til 1084 miðað við 95% öryggismörk) frá árinu 2011 til 2014.

**Tafla 117. Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir hana/hann um þá þjónustu sem hún/hann fær?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já	173	53%	7,9%	53%
Nei	152	47%	7,4%	47%
Fjöldi svara	325	100%		
Veit ekki	27			
Vil ekki svara	1			
Alls	353			




**Mynd 85. Er gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir hana/hann um þá þjónustu sem hún/hann fær? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Áætlunin er næstum alltaf unnin í samráði við fjölskylduna (96%) sem er eins og í könnuninni frá 2011 (sjá töflu 118 og mynd 86). Um 83% foreldra á landsbyggðinni sögðu áætlunina unna að miklu leyti í samráði við fjölskylduna, samanborðið við 69% foreldra í Reykjavík og 59% foreldra á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur (sjá töflu 56 í viðauka B). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum mátti sjá að lágt hlutfall á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur helgast fyrst og fremst af því að fáir foreldrar í Hafnarfirði (43%) og á Suðurnesjum (42%) sögðu áætlunina unna að miklu leyti í samráði við fjölskylduna.

Tafla 118. Er áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já, að miklu leyti	122	71%	12,6%	71%
Já, að nokkru leyti	43	25%	7,5%	25%
Nei, að engu leyti	6	4%	2,8%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>171</b>	<b>100%</b>		
Á ekki við	180			
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



Mynd 86. Er áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

Foreldrar voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þær upplýsingar sem þeir hafa fengið um þá þjónustu sem fjölskyldan á rétt á hjá sveitarfélaginu. Tafla 119 sýnir að 45% foreldra reyndust mjög eða frekar óánægð með upplýsingagjöf og 22% foreldra til viðbótar voru hvorki ánægð né óánægð. Hlutfall óánægðra var hæst í Reykjavík eða 50%, um 45% á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur en lægst á landsbyggðinni, eða 37%. Einnig var munur eftir aldri barna. Foreldrar barna á leikskólaaldri voru síst óánægðir (34%) en um helmingur foreldra 7-8 ára barna og 14-18 ára unglunga voru óánægðir (sjá töflu 57 í viðauka B)

**Tafla 119. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með upplýsingar sem þið hafið fengið um þjónustu sem fjölskyldan á rétt á hjá sveitarfélaginu?**


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	43	13%	3,9%	13%
Frekar ánægð/ur	67	20%	4,9%	20%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	71	22%	5,0%	22%
Frekar óánægð/ur	63	19%	4,7%	19%
Mjög óánægð/ur	85	26%	5,5%	26%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>329</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	12			
Á ekki við	8			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			

Tæplega 60% foreldra voru mjög eða frekar ánægð með þá ráðgjöf sem þau hafa fengið um umönnun og fötlun barnsins (sjá töflu 120). Ekki var marktækur munur á svörum nú og 2011 (sjá mynd 87).

Foreldrar barna á landsbyggðinni (69%) voru líklegri til að vera mjög eða frekar ánægðir en foreldrar barna í Reykjavík (51%) (sjá töflu 58 í viðauka B).

**Tafla 120. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ráðgjöf sem þið hafið fengið um umönnun og fötlun hennar/hans?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	70	24%	5,5%	24%
Frekar ánægð/ur	104	35%	6,7%	35%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	53	18%	4,8%	18%
Frekar óánægð/ur	44	15%	4,4%	15%
Mjög óánægð/ur	25	8%	3,3%	8%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>296</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	35			
Á ekki við	17			
Veit ekki	4			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			




**Mynd 87. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ráðgjöf sem þið hafið fengið um umönnun og fötlun hennar/hans? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Foreldrar voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þá fræðslu sem þeir hefðu fengið um réttindi fatlaðs fólks. Um þriðjungur foreldra reyndist mjög eða frekar ánægður með fræðsluna árið 2014 en um 42% í könnuninni 2011. Munurinn reyndist samt ekki vera tölfræðilega marktækur (sjá töflu 121 og mynd 88).

**Tafla 121. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með fræðslu sem þið hafið fengið um réttindi fatlaðs fólks?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	28	10%	3,7%	10%
Frekar ánægð/ur	65	23%	5,7%	23%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	63	23%	5,6%	23%
Frekar óánægð/ur	70	25%	5,9%	25%
Mjög óánægð/ur	51	18%	5,0%	18%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>277</b>	<b>100%</b>		
Hefur ekki staðið til boða	46			
Á ekki við	24			
Veit ekki	5			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>353</b>			



**Mynd 88. Hversu ánægð eða óánægð eruð þið með fræðslu sem þið hafið fengið um réttindi fatlaðs fólks? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


## Reynsla og líðan barna og unglunga

Foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu börn sín oft, stundum eða aldrei upplifa að vera einmana, áreitni, stríðni, einelti, ofbeldi og þörf fyrir að vera meira út af fyrir sig. Nánast tveir þriðju foreldra (65%) töldu börn sín upplifa einmanaleika oft eða stundum eins og sést í töflu 122. Hlutfall þeirra sem taldi börn sín oft upplifa einmanaleika er marktækt hærra (39%) en í könnuninni frá 2011 þar sem fjórðungur foreldra taldi börn sín oft upplifa einmanaleika (sjá mynd 89).

Þegar svörin voru bakgrunnsgreind kom í ljós að eftir því sem börnin voru eldri þeim mun líklegra var að foreldrar teldu þau oft eða stundum vera einmana. Þannig töldu 26% foreldra barna yngri en 6 ára þau oft eða stundum einmana en hlutfallið fer svo stighækkandi eftir því sem börnin verða eldri og 90% foreldra barna sem verða 17 eða 18 ára á árinu töldu þau oft eða stundum einmana. Jafnframt má sjá að foreldrar barna sem nota umtalsverða þjónustu eru líklegri til að telja þau upplifa einmanaleika (69%) en foreldrar barna sem nota litla þjónustu (47%) (sjá töflu 60 í viðauka B).

**Tafla 122. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Að vera einmana?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oft	131	39%	6,7%	39%
Stundum	87	26%	5,5%	26%
Sjaldan	59	18%	4,5%	18%
Aldrei	56	17%	4,4%	17%
Fjöldi svara	333	100%		
Veit ekki	20			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			




**Mynd 89. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Að vera einmana? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Um 40% foreldra töldu barnið sitt oft eða stundum upplifa áreitni, stríðni eða einelti eins og sést í töflu 123. Þetta hlutfall er svipað og árið 2011 og munur milli kannana er ekki tölfræðilega marktækur (sjá mynd 90).

Þegar svör við spurningunni eru skoðuð eftir aldri barnanna kemur í ljós að áreitni, stríðni og einelti er mun sjaldgæfara meðal leikskólabarna en barna á fyrstu stigum grunnskóla, en 16% leikskólabarna samanborið við 40-42% barna í yngri bekkjum grunnskóla höfðu upplifað áreitni, stríðni og einelti. Hlutfall þeirra sem urðu oft eða stundum fyrir áreitni, stríðni eða einelti var svo mun hærra hjá eldri grunnskólanemum, eða 56%, en 34% meðal unglunga sem lokið hafa grunnskólanámi. Einnig kom fram munur eftir skerðingu. Tæplega 70% foreldra barna og unglunga með geðröskun töldu þau oft eða stundum verða fyrir áreitni, stríðni eða einelti og 56% barna með athyglisbrest með ofvirkni. Þá kom í ljós að foreldrar barna á landsbyggðinni voru ólíklegri til að telja börn sín upplifa áreitni, stríðni eða einelti (29%) en foreldrar barna í Reykjavík (42%) og foreldrar barna á Reykjanesi og í nágrenni höfuðborgarinnar (47%) (sjá töflu 61 í viðauka B). Þegar svör voru greind nánar eftir þjónustusvæðum kom í ljós að hátt hlutfall á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur helgast fyrst og fremst af því að 57% svarenda á Suðurnesjum sögðu barn sitt oft eða stundum upplifa áreitni, stríðni eða einelti.

**Tafla 123. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Áreitni, stríðni eða einelti?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oft	58	17%	4,4%	17%
Stundum	77	23%	5,1%	23%
Sjaldan	86	25%	5,4%	25%
Aldrei	118	35%	6,3%	35%
Fjöldi svara	339	100%		
Veit ekki	14			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			




**Mynd 90. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Áreitni, stríðni eða einelti? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**

Álíka mikilvæg og að hafa nægan félagsskap eru tækifærin til að fá að vera út af fyrir sig og í friði ef viðkomandi óskar þess. Um 42% foreldra töldu börn sín oft eða stundum hafa þörf fyrir að fá að vera meira út af fyrir sig sem er sama hlutfall og í könnuninni frá 2011 (sjá töflu 124 og mynd 91).

Bakgrunnsgreining leiddi í ljós að foreldrar barna í Reykjavík voru líklegri til að telja börn sín upplifa þörf til að vera meira út af fyrir sig (52%) en foreldrar barna á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur (39%) og foreldrar barna á landsbyggðinni (32%) (sjá töflu 62 í viðauka B). Þegar svör eru greind nánar eftir þjónustusvæðum má sjá að einungis 18% foreldra í Eyjafirði töldu barn sitt oft eða stundum hafa þörf fyrir að vera meira út af fyrir sig.

**Tafla 124. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Þörf fyrir að fá að vera meira út af fyrir sig?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oft	49	15%	4,1%	15%
Stundum	90	27%	5,6%	27%
Sjaldan	41	12%	3,8%	12%
Aldrei	151	46%	7,3%	46%
Fjöldi svara	331	100%		
Veit ekki	21			
Vil ekki svara	1			
Alls	353			



**Mynd 91. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum sjaldan, eða aldrei eftirfarandi: Þörf fyrir að fá að vera meira út af fyrir sig? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011**


Tæplega fjórðungur foreldra (24%) taldi börn sín einhvern tíma upplifa ofbeldi sem er svipað hlutfall og í könnuninni frá 2011 (21%) (sjá töflu 125 og mynd 92).

Hlutfall þeirra sem taldi barn sitt oft eða stundum upplifa ofbeldi var hæst meðal foreldra barna með geðraskanir (41%), barna með athyglisbrest með ofvirkni (33%) og barna með einhverfu eða á einhverfurófi (31%). Einnig var hlutfallið hærra eftir því sem skerðingar voru fleiri, 28% foreldra barna með þrjár skerðingar eða fleiri töldu börn sín einhvern tíma upplifa ofbeldi, 24% barna með tvær skerðingar en um 12% foreldra barna með eina skerðingu (sjá töflu 63 í viðauka B).



Tafla 125. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Ofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oft	19	6%	2,5%	6%
Stundum	21	6%	2,6%	6%
Sjaldan	42	12%	3,7%	12%
Aldrei	258	76%	9,2%	76%
Fjöldi svara	340	100%		
Veit ekki	13			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			



Mynd 92. Telur þú að hún/hann upplifi oft, stundum eða aldrei eftirfarandi: Ofbeldi? Samanburður á svörum árin 2014 og 2011

## Yfirlýsing

Foreldrar barna sem fyrst fengu þjónustu árið 2010 eða fyrir yfirlýsingu málaflokksins voru spurðir hvort þeim fyndist þjónustan vera betri eða verri nú en fyrir yfirlýsninguna. Helmingi foreldranna fannst þjónustan ekki hafa breyst við flutninginn. Rúmlega 30% foreldra fannst hins vegar þjónustan verri nú en fyrir flutninginn og 19% töldu hana betri (sjá töflu 126).

Tafla 126. Finnst þér þjónusta við fatlað fólk vera betri eða verri nú heldur en áður en hún var flutt til sveitarfélaga?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Þjónustan er betri nú en áður	34	19%	6,2%	19%
Þjónustan er hvorki betri né verri eftir að hún fluttist	92	50%	10,2%	50%
Þjónustan er verri nú en áður	57	31%	8,1%	31%
Fjöldi svara	183	100%		
Á ekki við	115			
Veit ekki	55			
Vil ekki svara	0			
Alls	353			

Foreldrum sem svöruðu því til að þjónustan væri betri eða verri var jafnframt boðið að tilgreina af hverju þjónustan væri betri eða verri nú en þá. Alls svöruðu 32 einstaklingar því að hvaða leyti

Þeir teldu þjónustuna vera betri nú og 57 einstaklingar því að hvaða leyti hún væri verri en áður. Vert er að benda á að margir svarendur nefndu fleiri en eitt atriði og því endurspegla fjöldatölur í töflum ekki fjölda þeirra sem svöruðu spurningunni heldur fjölda þeirra sem nefndu atriði sem féll í tiltekinn flokk.

Í töflu 127 má sjá svör foreldra sem töldu þjónustuna vera betri nú. Svörin hafa verið flokkuð saman og einnig er gefið dæmi um athugasemd svarenda fyrir hvern flokk. Þó nokkrir svarendur töldu þjónustuna vera aðgengilegri og einfaldari nú en fyrir yfirfærslu og bentu þeir á að þeim þætti þægilegra að sækja þjónustuna á einn stað. Sumir lýstu því að þeim fyndist þjónustan vera komin nær þeim og vera persónulegri eftir yfirfærslu málaflöksins. Að lokum lýstu nokkrir jákvæðum breytingum á þjónustu eftir að þeir fluttu í annað sveitarfélag.

**Tafla 127. Að hvaða leyti er þjónustan betri?**

<i>Flokkar</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Dæmi um athugasemdir</i>
Þjónustan er aðgengilegri og einfaldari	16	„Ekki þessi núningur á milli kerfa. Við þurfum bæði þjónustu frá sveitarfélagi og svæðisskrifstofu. Þetta er allt á sömu hendi núna“.
Þjónustan komin nær, er persónulegri	10	„Fólkið hér þekkir okkur, ef ég bið um eitthvað er það venjulega ekkert mál ef það gengur upp.“
Þjónustan breyttist af öðrum ástæðum	6	„Áður en yfirfærslan átti sér stað bjuggum við í öðru sveitarfélagi og þar var þjónustan mjög slæm.“

Í töflu 128 má sjá flokkuð svör þeirra foreldra sem töldu þjónustuna vera verri nú. Alls 57 svarendum svöruðu spurningunni. Margir lýstu því að þeim þætti kerfið vera orðið flóknara eftir yfirfærsluna og að boðleiðir hefðu lengst. Einnig lýstu nokkrir því að þeim fyndist aðgengi að upplýsingum vera verra nú og að foreldrar hafi fengið meiri ráðgjöf fyrir yfirfærslu. Sumir töldu þjónustuna hafa minnkað og nefndu einhverjir niðurskurð hjá sveitarfélögum sem helstu ástæðu. Nokkrir töldu að þekking innan félagsþjónustunnar eða sveitarfélaganna væri ekki nægileg og að það hafi haft áhrif á það hvernig þjónustan er skipulögð. Loks lýstu nokkrir því að þeir teldu þjónustuna vera verri að öðru leyti og voru þá nefndar ýmsar ástæður.

Tafla 128. Að hvaða leyti er þjónustan verri?

Flokkur	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Kerfið orðið flóknara og boðleiðir lengri	31	„Þjónustan er flóknari núna og ég sakna svæðisskrifstofanna. Þar þurfti bara að sækja um einu sinni til að komast inn í kerfið og endurnýja en núna þurfum við alltaf að sækja um á 9 mánaða fresti fyrir stuðningsfjölskyldu og 6 mánaða fresti um liðvæsluna“.
Aðgengi að upplýsingum ábótavant	16	„Við fáum minni upplýsingar núna og þurfum að fylgja hlutum eftir sjálf núna. Okkur var leiðbeint í gegnum ferlið áður fyrr.“
Niðurskurður, minni þjónusta	8	„Það varð mikill niðurskurður í kjölfar yfirfærslunnar. Starfsmenn lofa hlutum en framkvæma ekki. Niðurskurður varð á liðvæslunni og við urðum bara að sætta okkur við það, það var engin önnur skýring gefin“.
Ekki nægjanleg þekking innan þjónustunnar	7	„Einstaklingarnir sem starfa fyrir bæinn hafa ekki þekkingu á málefnum fáttaðs fólks og hafa ekki tíma því í þeir eru með of mikið og of breitt ábyrgðarsvið. Þeir gera sér ekki grein fyrir að fáttaðir eru ekki allir steyptir í sama mótið“.
Þjónustan verri að öðru leyti	7	„Það er ekki jafn mikið eftirlit með þjónustunni og var áður“.

## Athugasemdir frá forráðamönnum

Í lok spurningalistans var foreldrum og forráðamönnum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum varðandi þjónustuna eða yfirfærsluna. Alls komu athugasemdir frá 168 einstaklingum. Athugasemdirnar voru þemagreindar og flokkaðar. Í töflu 129 má sjá algengustu flokkana. Margir lýstu því að þá vantaði aukna þjónustu, svo sem þjónustu innan skólans, ráðgjöf, aukinn félagslegan stuðning eða þjálfun. Þó nokkrar athugasemdir fjölluðu um það að þjónustan væri flókin og að foreldrum fyndist vanta aðgengi að upplýsingum um þjónustu. Sumum fannst þjónustan flókin og óaðgengileg. Loks voru athugasemdir þar sem foreldrar lýstu ánægju sinni með þjónustuna sem börn þeirra fá.

Tafla 129. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
<b>Þjónustan flókin</b> 80			
	Vantar aðgengi að upplýsingum um þjónustu	47	„Við vitum ekkert hverju við eigum rétt á, upplýsingaflæðið er ekki nógu gott. Þetta er algjör frumskógur, vitum ekkert hvert við eigum að leita til að fá styrki. Eigum við að tala við TR eða þjónustumiðstöð?“
	Þjónustan flókin og óaðgengileg	33	„Þjálfun minnkar með aldrinum en ætti að aukast, sv o sem sjúkraþjálfun, talþjálfun þroskaþjálfun o.s.frv.. Umönnunarbætur detta sjálfkrafa niður þegar börnin eru sjö ára og þá þarf að fara í stöðugt endurmat til að viðhalda þeim. Þetta er mikið skriffræði“.
<b>Vantar aukna þjónustu</b> 86			
	Vantar aukna þjónustu að öðru leyti	23	„Okkur vantar meiri aðstoð heima og það er mjög erfitt að fá meiri aðstoð.“
	Vantar aukinn stuðning eða þjónustu innan skóla	18	„Talþjálfunin má fara meina inn í skóla og leikskóla en ekki einhver verktaki út í bæ með samninga við Tryggingastofnun.“
	Vantar ráðgjöf	17	„Okkur vantar einhvern sem heldur utan um fjölskylduna, einhvern tengilið sem leiðbeinir og hjálpar okkur að halda utan um hlutina“.
	Vantar aukin/bætt félagsleg úrræði	16	„Það vantar meiri þjónustu út á land. Við búum í sveit og það er ekkert tómstunda eða félagslíf í boði fyrir son minn“
	Vantar aukna þjálfun	12	„Þjálfunin minnkar með aldrinum en hún ætti að aukast, til dæmis í sjúkraþjálfun, talþjálfun, þroskaþjálfun o.s.frv.“
<b>Ánægja með þjónustu</b> 41			
	Ánægja með sveitarfélag/þjónustumiðstöð	21	„Almennt er ég samt ánægð með þá þjónustu sem ég fæ, fæ gott viðmót frá starfsfólkinu“.
	Ánægja með þjálfun	9	„Iðjuþjálfunin var mjög góð, þá gátum við verið á morgnana og fengið að sleppa tímum í skólanum og þar blómstraði hann“.
	Ánægja með skóla	6	„Leikskólinn Múlaborg hefur staðið sig rosalega vel og aðstoðað mjög mikið“.
	Ánægja með þjónustu eftir breytingar eða flutning	5	„Beingreiðslusamningur bjargaði lífi okkar og við eignuðumst eðlilegt líf“.

## LOKAORÐ

Hér hefur verið fjallað um niðurstöður könnunar meðal fullorðins fólks sem nýtir þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk og könnunar sem náði til forráðamanna þjónustunotenda yngri en 18 ára. Í könnuninni voru þjónustunotendur spurðir ýmissa spurninga um búsetu og búsetuval, félagslega þátttöku og tómstundir, upplýsingagjöf og samráð og þjónustuna sem þeir voru að nota. Samskonar spurningar voru lagðar fyrir fullorðna þjónustunotendur og forráðamenn fatlaðra barna árið 2011 um líkt leyti og þjónusta við fatlað fólk færðist frá ríki til sveitarfélaga. Með því að bera niðurstöður saman við niðurstöður úr könnuninni frá 2011 fást vísbendingar um hvaða áhrif yfirfærslan hefur haft á þjónustuna og daglegt líf fatlaðs fólks. Þá voru þátttakendur í könnuninni árið 2014 einnig spurðir beint um viðhorf sín til yfirfærslunnar.

Niðurstöður könnunarinnar eru margþættar. Í ljós kom að fjórðungur fullorðinna þjónustunotenda taldi þjónustuna betri nú en áður og ríflega helmingur taldi þjónustuna hvorki vera betri né verri eftir að hún fluttist til sveitarfélaga. Niðurstöður gefa til kynna jákvæða þróun í ferðaþjónustu en mun færri þjónustunotendur telja skort á akstri hindra þátttöku sína nú en árið 2011. Sér í lagi reyndist munur á milli kannana 2011 og 2014 í Reykjanesbæ og í nágrenni Reykjavíkur, en þar hefur hlutfall þjónustunotenda sem telja vöntun á akstri vera hindrun lækkað umtalsvert. Þá kom í ljós að mun færri þjónustunotendur búa nú á herbergjasambýlum en árið 2011 og að fullorðnir þjónustunotendur eru líklegri nú en árið 2011 til að ákvarða sjálfir eða í samráði við aðra, með hverjum þeir búa, hver aðstoðar þá og í hvað þeir verja peningum sínum. Þessi þróun er í takt við áherslur framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks er varðar fækkun herbergjasambýla (Velferðarráðuneytið, 2012a) og reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu (1054/2010) þar sem fram kemur að markmið með þjónustu skuli vera að efla vald fólks yfir eigin aðstæðum og lífi.

Ljóst er að þjónustunotendur eru almennt ánægðir með þjónustuúrræði, svo sem fullorðinsfræðslu, frekari liðveislu, félagslega liðveislu, stuðningsfjölskyldur og lengda viðveru. Þó virðist sem þörf sé á aukinni þjónustu meðal bæði fullorðinna þjónustunotenda og barna. Hvað fullorðna þjónustunotendur varðar kom í ljós að hlutfallslega fleiri þurftu aðstoð nú en áður inni á heimilinu við persónulegt hreinlæti og að klæðast, við að komast á milli staða og við ferðalög innanlands og erlendis. Vöntun á aðstoð er jafnframt líklegri til að hindra þátttöku í tómstundum og félagslífi nú en árið 2011 og 40% þjónustunotenda sem búa á herbergjasambýli töldu ónóga aðstoð hindra þátttöku. Athygli vakti jafnframt að hlutfallslega færri þjónustunotendur eru með frekari liðveislu nú en árið 2011. Þessi munur getur að einhverju leyti skýrst af því að félagsþjónustur hafa nú fleiri þjónustuúrræði á sínum höndum en svæðisskrifstofurnar á sínum tíma, og geta komið til móts við þjónustuparfir notenda með fleiri leiðum. Einnig hafa sum

Þjónustuvæði að viðmiði að þjónustunotendur nýti fyrst þjónustu á borð við félagslega liðveislu og heimaþjónustu áður en gripið er til sértækari úrræða. Svör forráðamanna barna sem nýta þjónustuna gefa einnig til kynna þörf á aukinni þjónustu. Hlutfallslega fleiri forráðamenn töldu ónóga aðstoð hindra þátttöku barna í tómstundastarfi og félagslífi nú en árið 2011. Almennt séð voru forráðamenn barna sem nýta þjónustuna óánægðari nú en árið 2011 með þætti sem snúa að aðgengismálum. Bæði þótti hlutfallslega fleirum árið 2014 en 2011 illa hafa verið komið til móts við það að laga heimili fjölskyldunnar að þörfum barnsins og voru hlutfallslega fleiri nú en áður sem sögðu bággt aðgengi hindra félagslega þátttöku barnsins.

Athygli vakti að hlutfall þeirra sem taldi þjónustuna vera betri nú en áður var ívið lægra meðal forráðamanna sem svöruðu könnuninni fyrir hönd barna sinna. Niðurstöður annarra spurninga renna enn frekari stoðum undir það að þjónusta sveitarfélaganna við fatlað fólk nýtist betur fullorðnum þjónustunotendum en börnum og fjölskyldum þeirra. Í því sambandi má nefna að forráðamenn barna voru líklegri en fullorðnir þjónustunotendur til að segja þjónustunotandann þurfa meiri aðstoð en hann fær nú við að klæðast, við ferðalög innanlands og utan og aðstoð við iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun. Einnig voru fullorðnir þjónustunotendur ánægðari en forráðamenn þjónustunotenda yngri en 18 ára með iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, talþjálfun og aðra þjónustu sem tengist hæfingu og endurhæfingu, búsetumöguleika sem notandanum hafði staðið til boða og fræðslu sem hafði verið veitt um réttindi fatlaðs fólks. Einnig kom í ljós að forráðamenn voru líklegri til að telja börnin sín einmana nú en áður og hlutfall þeirra sem sögðu skort á félagsskap hindra þátttöku barnsins í félags- og tómstundastarfi hafði hækkað.

Þegar svör voru bakgrunnsgreind mátti sjá að þjónustunotendur með geðröskun voru síður líklegir til að vera í vinnu, námi eða dagþjónustu en þjónustunotendur með aðrar greiningar og voru (ásamt svarendum með athyglisbrest og ofvirkni) líklegri en aðrir til að hafa ekki alltaf átt peninga fyrir mat. Foreldrar barna með geðraskanir voru síður líklegir til að vera ánægðir með menntun barnanna, töldu börn sín þurfa meiri aðstoð í skóla og voru líklegri en foreldrar annarra barna til að telja börn sín upplifa einmanaleika, ofbeldi og áreitni, stríðni eða einelti. Einnig kom í ljós að forráðamenn barna með eina skerðingu voru líklegri til að vera ánægðir með menntun barnsins og þjálfun sem það hafði fengið en forráðamenn barna með fleiri skerðingar. Þeir voru jafnframt ólíklegri til að telja skort á félagsskap og aðstoð hamlar þátttöku barna sinna. Þetta bendir til þess að þjónustan komi ekki eins vel til móts við þjónustunotendur með geðraskanir og börn með flóknar og margþættar þjónustubarfir. Sömuleiðis voru foreldrar yngri barna ánægðari með menntun barnsins en forráðamenn barna á öðrum aldurstigum og ólíklegri til að telja þörf fyrir meiri aðstoð í skólanum. Getur það skýrst af því að námslegar og félagslegar þarfir aukast og breytast með aldri barna sem þjónustan nær ekki að koma til móts við að öllu leyti.

Samanburður á svörum við spurningum úr könnuninni sem var gerð árið 2014 og þeirri sem gerð var árið 2011 bendir því til að ýmislegt hafði breyst til batnaðar en að annað mætti jafnframt betur fara. Þótt niðurstöður samanburðarins geti veitt vísbendingar um áhrif yfirfærslunnar á þjónustu við fatlað fólk ber þó að fara varlega í að draga ályktanir. Hafa verður í huga að ýmsar breytingar hafa orðið á högum fatlaðs fólks síðastliðin ár. Það er því ekki unnt að segja að sá munur sem fram kom á svörum við spurningum könnunarinnar árið 2014 og þeirri sem gerð var árið 2011 megi að öllu leyti rekja til breytinga í þjónustu. Mikilvægt er að hafa í huga að umtalsverð aukning hefur orðið í hópi þjónustunotenda, sér í lagi þjónustunotenda undir 18 ára aldri. Hafi þjónustan ekki aukist í takt við fjölda nýrra þjónustunotenda getur það að einhverju leyti skýrt aukna óánægju. Jafnframt er ljóst að viðhorf til þjónustunnar hafa breyst að nokkru leyti á milli kannanana. Á undangengnum árum hefur áherslan á rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og búa við sem eðlilegastar aðstæður aukist til muna. Telja má líklegt að aukin umræða um sjálfstætt líf fatlaðs fólks hafi leitt til þess að þjónustunotendur eru nú meðvitaðari um réttindi sín og gera meiri kröfur til þjónustunnar. Samfara nýrri hugmyndafræði hafa áherslur í skipulagi þjónustu breyst. Árið 2010 var samþykkt reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum (nr. 1054/2010) þar sem fram kemur að þjónustan skuli vera veitt „með það að markmiði að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmýnd þess, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði“. Þar er kveðið á um að þjónustan eigi að vera miðuð við þarfir hvers og eins, vera sveigjanleg. Fleiri breytingar hafa orðið sem tengjast þjónustu, og högum fatlaðs fólks. Árið 2011 voru samþykkt lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (nr. 88/2011) og á grundvelli þeirra starfa réttindagæslumenn sem ber að fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og sjá um fræðslu um réttindi fatlaðs fólks. Settar hafa verið leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um stuðningsfjölskyldur (Velferðarráðuneytið, 2012c), ferðaþjónustu (Velferðarráðuneytið, 2012b) og styrkveitingar til náms og verkfæra- og tækjakaupa (Velferðarráðuneytið, 2012d) sem miða að því að samræma þjónustu milli þjónustusvæða. Árið 2012 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Áætlunin endurspeglar ofangreinda þróun í málefnum fatlaðs fólks og leggur áherslu á einstaklingsmiðun og stjórn fatlaðs fólks á eigin lífi. Enn fremur ber að nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Íslendingar undirrituðu árið 2007. Samningur þessi undirstrikar sjálfstæði einstaklinga, frelsi þeirra til að taka eigin ákvarðanir og rétt til að taka þátt í samfélaginu án aðgreiningar (Sameinuðu þjóðirnar, 2007).



## HEIMILDIR

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2011). Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Október 2011. Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning.

Lög um almannatryggingar nr. 100/2007.

Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007

Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 með áorðnum breytingum.

Velferðarráðuneytið. (2010). Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða. Sótt af: <http://www.velferdarraduneyti.is/media/frettir2011/SamkomulagTilfaerslaThjonustuFatladra.pdf>

Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr.1054/2010.

Ríkisendurskoðun. (2010). Þjónusta við Fatlaða: Skýrsla til Alþingis. Sótt af: [http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/thjonusta\\_vid\\_fatlada.pdf](http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/thjonusta_vid_fatlada.pdf)

Sameinuðu þjóðirnar (2007). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks [Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins þýddi]. Sótt af: <http://www.velferdarraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/3496>

Velferðarráðuneyti. (2012a). Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Sótt af: <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni-fatladra/framkvaemdaaetlun-2012-2014/>

Velferðarráðuneytið. (2012b). Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferliþjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Sótt af: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Leibeinandi\\_reglur\\_vegna\\_ferdathjonustu\\_23012012.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Leibeinandi_reglur_vegna_ferdathjonustu_23012012.pdf)

Velferðarráðuneytið. (2012c). Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Sótt af: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Leidbeinandi\\_reglu\\_um\\_studningsf\\_20012012.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Leidbeinandi_reglu_um_studningsf_20012012.pdf)

Velferðarráðuneytið. (2012d). Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Sótt af: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Leidbeinandi\\_reglur\\_verkfaera\\_og\\_tækjakaup\\_20012012.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Leidbeinandi_reglur_verkfaera_og_tækjakaup_20012012.pdf)